

# HÚSAKÖNNUN Í DJÚPAVOGSHREPPI 2014



**TGJ**  
TEIKNISTOFA  
GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 - 101 REYKJAVÍK

# HÚSAKÖNNUN Í DJÚPAVOGSHREPPI 2014

---

Húsakönnunin var styrkt af Minjastofnun Íslands / Húsafriðunarnefnd

Að könnuninni hafa unnið:

Guðrún Jónsdóttir, ark.fai.

Ragnheiður Ragnarsdóttir, ark. fai.

Páll Jakob Línal, dr. í umhverfissálarfræði

**TGJ**  
TEIKNISTOFA  
GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 - 101 REYKJAVÍK  
s. 5627750 / gsm. 8980381 netf. [tgj@tgj.is](mailto:tgj@tgj.is) / [www.tgj.is](http://www.tgj.is)

Útgefin í desember 2014  
Fjölritun: Prenta ehf.

Mynd á forsiðu: Djúpivogur - Langabúð og Faktorshús, ljósm. Andrés Skúlason

---

# EFNISYFIRLIT

---

Formáli .....	bls.	3
Inngangur.....	"	4
Yfirlitskort / dreifbýli.....	"	5
Yfirlitskort / þéttbýli.....	"	6

## ÞÉTTBÝLI:

### Húsin við Voginn:

Langabúð.....	"	8-12
Faktorshús.....	"	13-16
Geysir.....	"	17-19
Framtíð.....	"	20-22
Sólvangur.....	"	23-25
Trítón.....	"	26-28
Holt. (Sunnan Vogs).....	"	29-31

### Húsin vestan Vogsins:

Rjóður.....	"	32-34
Gamla Lögberg.....	"	35-37
Brekka .....	"	38-39
Hvarf.....	"	40-42

### Húsin suðvestan Vogsins:

Djúpavogskirkja gamla.....	"	44-47
Hraun.....	"	48-50
Sólhóll.....	"	51-53
Dalir.....	"	54-56
Hlíð.....	"	57-59

## DREIFBÝLI:

<b>Álftafjörður:</b>	Hofskirkja .....	bls.	61-63
"	Rannveigarstaðir .....	"	64-65

<b>Hamarsfjörður:</b>	Hamar .....	"	67-69
"	Hálsþorp.....	"	70-75
"	Strýta.....	"	76-79

<b>Berufjörður:</b>	Framnes.....	"	81-82
"	Teigarhorn.....	"	83-85
"	Eyjófsstaðir í Fossárdal.....	"	86-88
"	Lindarbrekka.....	"	89-91
"	Berufjörður.....	"	92-95
"	Berufjarðarkirkja .....	"	96-98
"	Skáli.....	"	99-100
"	Berunes .....	"	101-103
"	Beruneskirkja .....	"	104-106
"	Karlsstaðir .....	"	107-109
"	Steinaborg.....	"	110-112
"	Fossgerði .....	"	113-115

<b>Papey:</b>	Bær .....	"	117-121
	Kirkja.....	"	122-124

Niðurstöður varðveislumats - yfirlitstafla.....	"	125
Helstu heimildir .....	"	126

---



Djúpavogshreppur hefur af miklum menningararfi að státa í margvíslegum skilningi. Hluti þess merka arfs, sem sveitarfélagið hefur að geyma, eru gömlu húsin sem enn standa mörg hver til vitnis um einstaka húsagerðarlist fyrri tíma, bæði í dreifbýli og í þéttbýli. Hvert og eitt þessara húsa er í raun einstakt minnismerki með sínum sérkennum og hafa þau mikið menningarsögulegt gildi. Með varðveislu húsanna, í því sem næst upprunalegri mynd, liggja hin eiginlegu verðmæti. Það er von undirritaðs að áfram verði hugað að vernd þeirra húsa sem fjallað er um í þessari einstöku samantekt sem unnin hefur verið af mikilli alúð af hálfu starfsfólks TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts faí.

Umtalsvert meiri vinna hefur verið lögð í þessa húsakönnun en áður hefur verið gert. Segja má að verkefni þetta hafi verið unnið með hliðsjón af metnaðarfullri húsverndarstefnu Djúpavogshrepps sem sett hefur verið fram í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Þannig er fylgt úr hlaði stefnu sveitarfélagsins um menningarvarðveislu eldri og merkari húsa á svæðinu af þeim metnaði sem húsakönnun þessi ber merki um.

Þessi samantekt á eldri húsakosti í Djúpavogshreppi ber ekki aðeins höfundum vitni um fagleg vinnubrögð heldur er hér um að ræða enn eina rósina í hnappagat sveitarfélagsins.

Að lokum vill undirritaður fyrir hönd Djúpavogshrepps færa Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt faí og samstarfsfólki hennar sérstakar þakkir fyrir þá vönduðu húsakönnun sem hér liggur fyrir. Þá skal Minjastofnun Íslands sömuleiðis þakkað gott samstarf og þakkir fyrir góðan stuðning við verkefnið.



Desember, 2014  
Andrés Skúlason  
oddviti  
Djúpavogshrepps

Fyrsti vísir að viðurkenningu á mikilvægi og verðmæti byggingararfsins í Djúpavogshreppi var settur fram í Aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 - 2009. Voru þar nokkrar merkar byggingar á svæðinu tíndar til án þess að bein stefnumörkun um verndun þeirra væri sett fram. Undir lok síðustu aldar urðu ennfremur vatnaskil í þessum efnum, fyrst með endurgerð Löngubúðar sem lauk árið 1997 og svo endurgerð Geysis, sem vígður var árið 2000.

Við gerð nýs aðalskipulags fyrir svæðið var tekin sú ákvörðun kveða fastar að orði hvað byggingarfinn áhrærir og setja fram skýra stefnu um verndun hans. Í meginmarkiðum Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 segir eftirfarandi undir liðnum menningarminjar (sjá bls. 5 í greinargerð):

- Stefnt skal að verndun og/eða lagfæringum menningarminja og í þeim tilfellum sem við á skal þeim fundið nýtt og/eða viðeigandi hlutverk.
- Lögð verður áhersla á gerð áætlunar um hvernig skuli staðið að verndun og/eða lagfæringum menningarminja.
- Stefnt skal að gerð áætlunar um lagfæringu merkra svæða sem hafa verið í niðurníðslu á undanförunum árum.

Til að mæta þessum markmiðum og skerpa sýnina enn frekar er Húsakönnun í Djúpavogshreppi, sem hér liggur fyrir, rökrétt framhald. Í stórum dráttum varpar húsakönnunin ljósi á:

1. Byggingar í þéttbýlinu á Djúpavogi sem reistar voru fyrir 1940 og þykja merkilegar í menningarsögulegu tilliti.
2. Byggingar í dreifbýli sveitarfélagsins sem reistar voru fyrir 1940 og þykja merkilegar í menningarsögulegu tilliti. Á þessu er þó gerð ein undanteking, það er íbúðarhúsið á Lindarbrekku sem byggt var á árunum 1946 - 1948.
3. Hálsþorp í Hamarsfirði en svæðið er afar merkilegt minjasvæði og verður vafalítið nýtt sem slíkt í fjölbættum tilgangi.

Í könnuninni er meðal annars skráður uppruni bygginga, gerð þeirra, helstu breytingar í gegnum tíðina og núverandi ástand. Þá er saga þeirra rakin auk annars sem vert þykir að nefna, jafnframt því sem lagt er fram varðveislumat.

Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að 15 byggingar í sveitarfélaginu eru friðaðar, þar af voru 5 byggingar, þ.e.a.s. kirkjurnar, friðaðar frá 1. janúar 1990 skv. 1. mgr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 og 10 byggingar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (flokkur A, blár). Gerð er tillaga um að 17 byggingar og 1 svæði (Hálsþorp) verði vernduð með hverfisvernd í deiliskipulagi (flokkur B, rauður) vegna mikilvægis þeirra í menningarsögulegu tilliti.


Með Húsakönnun í Djúpavogshreppi liggur í fyrsta skipti fyrir heildstæð samantekt á elsta hluta byggingararfs sveitarfélagsins. Húsakönnunin veitir gagnlega sýn yfir fjölbreytileika bygginga og mismunandi fyrirkomulag þeirra. Til að styrkja þá sýn ennfrekar og stuðla að markvissari vinnubrögðum er það mat höfundar að næsta skref á þessari vegferð sé að tryggja að allar byggingar sem hér eru til umfjöllunar verði mældar upp, á þeim stöðum sem slík liggur ekki nú þegar fyrir. Þetta fyrirkomulag mun leiða til markvissari vinnubragna, og auðveldar áætlunargerð og aðra vinnu er lýtur að verndun, uppbyggingu og endurgerð þessara mannvirkja.

Óhætt er að fullyrða að áhugi og skilningur íbúa Djúpavogshrepps á því að hlúa að verndun byggingararfsins hafi aukist mikið á undanförunum árum. Um það bera fjölmörg dæmi víðsvegar um sveitarfélagið vitni um. Það er trú okkar sem unnið hafa að húsakönnun þessari í Djúpavogshreppi að hún muni verða til að styrkja þá jákvæðu þróun sem nú á sér stað og opna augu heimamanna ennfrekar fyrir þeim verðmætum og tækifærum sem felast í menningararfi.

Starfsfólk TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur færir sveitarstjórn Djúpavogshrepps, og þá sérstaklega Andrésí Skúlasyni oddvita, innilegar þakkir fyrir sérlega ánægjulegt og árangursríkt samstarf við gerð húsakönnunarinnar.


Þá er Minjastofnun þökkúð samvinna og fjárstuðningur til verksins.

Reykjavík, í desember 2014,



Guðrún Jónsdóttir

# YFIRLITSKORT / hús í dreifbýli



Hús sem fjallað verður um í Djúpavogshreppi utan þéttbýlis:

- ÁLFTAFJÖRÐUR:**  
1 HOFSKIRKJA  
2 RANNVEIGARSTAÐIR

- HAMARSFJÖRÐUR:**  
3 HAMAR  
4 HÁLSPORP  
5 STRYTA

- BERUFJÖRÐUR:**  
6 FRAMNES  
7 TEIGARHORN  
8 EYJÓLFSSTAÐIR Í FOSSÁRDAL  
9 LINDARBREKKA  
10 BERUFJÖRÐUR  
11 BERUFJARDARKIRKJA  
12 SKÁLI  
13 BERUNES  
14 BERUNESKIRKJA  
15 KARLSSTAÐIR  
16 STEINABORG  
17 FOSSGERÐI

- PAPEY:**  
18 BÆR  
19 KIRKJA


- BÆIR    ⊕ KIRKJUR    🏠 HORFIN HÚS  
□ SVÆÐI

# YFIRLITSKORT / hús í þéttbýli

Hús sem fjallað verður um í þéttbýlinu á Djúpvogum:

- 1 LANGABÚÐ
- 2 FAKTORSHÚS
- 3 GEYSIR
- 4 FRAMTÍÐIN
- 5 SÓLVANGUR
- 6 TRÍTON
- 7 HOLT
  
- 8 RJÓÐUR
- 9 GAMLA LÖGBERG
- 10 BREKKA
- 11 HVARF
  
- 12 DJÚPAVOGSKIRKJA
- 13 GAMLA HRAUN
- 14 SÓLHÖLL
- 15 DALIR
  
- 16 HLÍÐ

 ÞÉTTBÝLI



## HÚSIN VIÐ VOGINN

Langabúð  
Faktorshús  
Geysir  
Framtíð  
Sólvangur  
Trítón

Holt (sunnan Vogs)




# DJÚPIVOGUR - Verslunarhús Ørum og Wulffs um aldamótin 1900

---



# LANGABÚÐ - Búð 1


byggingarár: suðvestur hluti frá 1790 en norðurhluti frá 1852 byggingarefni: timbur stærð og núv. notkun: 621m<sup>2</sup> / safn/verslun verndunarfll.:blár elsta vírðingargjörð sem fundist hefur um hús á þessari lóð er frá 1758 og þá tekið fram að húsin séu orðin nokkuð gömul



Ástand húss um 1980 - þá var húsið múrhuðað að utan



Núverandi ástand húss



Afstöðumynd 1:5000

## STAÐHÆTTIR

Fyrstu eigendur húss:

Fyrstu húsin á lóðinni 1758 skv. vírðingargjörð voru eign Einokunar- verslunarinnar.

Frá: 1788 - 1818 átt danskur kaupmaður J.L. Busch húsin.

Frá: 1818 - 1920 Ørum og Wulff

Frá: 1920 Kaupfélag Berufjarðar

Frá: 1986 Kaupfélag Austur-Skaftafellssýslu

Árið 1989 eignaðist sveitarfélagið Löngubúð

Hönnuður / smiður: óþekktir

Langabúð er hluti af elstu húsapýrpingu Djúpavogs og stendur vestan við Voginn. Á sömu torfu stóðu um aldamótin 1900 einnig 1) Faktors- húsið byggt 1848, sem nú er í endurbyggingu, 2) krambúð Ørum og Wulff, sem var rifin, 3) Síbería, sem var beykihús byggt 1789 en brann árið 1966, 4) vindmylla, sem er horfin og 5) lifrabræðsluhús, sem er horfið. Fram af húsapýrpingunni gekk svo lítil byggja út í Voginn.

Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús / stafverk
<b>Klæðning</b>	Timbur
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak
<b>Þakklæðning</b>	Timburklæðning
<b>Undirstaða</b>	Hlaðin
<b>Útlit</b>	Einnar hæðar hús með bröttu rispaki og mæni yfir miðju húsi


Helstu breytingar:

1989 - 1997 Húsið tekið í gegn og viðamiklar endurbætur gerðar á því.

Ljósmynd Nicoline Weywadt frá um aldamótin 1900:  
1) Faktors- hús, 2) Krambúð 3) Síbería, 4) Vindmylla, 5) Lifrabræðsluhús



# LANGABÚÐ - Búð 1



Verslunarhúsin á Djúpavogi árið 1835.

Á grunni Löngubúðar stóðu þá tvö hús, sláturhús og pakkhús. Þau voru jafnbreið Löngubúð en heldur styttri.

Fyrir miðri myndinni sést íbúðarhúsið sem reist var 1779. (Faktorshúsið) Ath. húsinu var síðar snúið og það endurbyggt.

Nyrðri hluti Löngubúðar er líklega byggður úr efni þess.

Hluti af teikningu úr leiðangri Paul Gaimards árið 1836.




Myndin er tekin 1950 - Langabúð og Faktorshús t.h. handan Vogsins

## SAGA

Langabúð er eitt elsta verslunarhús landsins og hefur í árunna rás sinnt mörgum hlutverkum, meðal annars verið vörugeymsla og sláturhús. Í heftinu Langabúð 1997 - Menningarmiðstöð Djúpavogs segir eftirfarandi: „Langabúð og Faktorshúsið eru elstu hús Djúpavogs. Þau eru reist á grunni eldri húsa og þar sem þau standa hefur verslunarstaðurinn verið frá árinu 1589, þegar þýskir kaupmenn hófu hér verslunarrekstur.“ Suðurendi Löngubúðar var reistur 1790 en húsið tók á sig núverandi mynd upp úr 1850, þegar eystri endi þess var byggður. Árið 1989, á 400 ára verslunarafmæli Djúpavogs, fékk Djúpavogshreppur húsið að gjöf og var í kjölfarið ráðist í viðamiklar endurbætur, sem lauk árið 1997. Minjavernd hafði yfirlýsningu með endurbyggingunni en Hjörleifur Stefánsson arkitekt annaðist gerð uppdráttanna.

Langabúð gengir nú hlutverki menningarmiðstöðvar Djúpavogshrepps. Sveitarfélagið hefur um árabíl leigt út rekstur Löngubúðar fyrir kaffihús og safnastarfsemi, en í húsinu er safn Ríkarðs Jónssonar myndhöggvara og myndskera, minningarstofa um Eystein Jónsson fyrrverandi

# LANGABÚÐ - Búð 1




Langabúð, austurhlíð eins og hún mun hafa lítið út skömmu fyrir aldamótin 1900




Langabúð, austurhlíð eins og hún var þegar húsið var mælt og teiknað 1976



Langabúð, austurhlíð - Tillaga að endurgerð frá um 1985



Langabúð, grunnmynd og þversnið - Tillaga að endurgerð



Sofa um starf Ríkaraðs Jónssonar myndhöggvara. Kvinnasmíðjan, vinnustofa um 42 fermetrar Kaffistofa, um 80 fermetrar samtals um 90 fermetrar



Hluti safns Ríkaraðs Jónssonar sem nú er í Löngubúð

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Langabúð er byggð í einföldum stíl. Einnar hæðar timburhús með bröttu risi og mæni yfir miðju húsi. Á uppstillingarteikningum má greina taktfasta uppbyggingu hússins. Gólf eru úr timbri og stendur húsið á hlöðnum sökkli. Þak er mænispak með mæni yfir miðju húsi og 45° þakhalla. Tjörguð timburklæðning er á þaki. Standandi borðaklæðning er á útveggjum, rauð að lit. Innanhúss er timbur á veggjum.

Í Löngubúð kunna enn að vera spýtur úr fyrstu húsunum sem þarna voru.

Húsið er í góðu ásigkomulagi og er vel viðhaldið.

# LANGABÚÐ - Búð 1



Kynningarfundur í Löngubúð vegna sýningarinnar "Snjóbollinn" sumarið 2014



Hlaðinn veggur meðfram austurhlíð Löngubúðar

## MUNNMÆLASAGA

Á lofti Löngubúðar (pakkhúsoftinu) hermir sagan að verið hafi stórar trékistur og stíur fyrir korn og frá þeim gengu trérennur niður á neðri hæðina, þar sem kornið var sekkjað og afgreitt til viðskiptavina. Sagan segir að eitt sinn á dögum einokunarverslunarinnar hafi það viljað til um haustið, þegar verslunarhúsunum var lokað og starfsmennirnir sigldu burtu til Kaupmannahafnar með haustskipi, að vinnumaður frá Búlandsnesi lokaðist niðri í kistu einni járnsleginni. Leið svo og beið um veturinn. Þegar verslunarþjónar komu til Djúpavogs næsta vor og luku upp Löngubúð og kistunni stóru, kom þá þar út vinnumaðurinn feitur og sælegur eftir að hafa næst á sveskjum og rúsinum allan veturinn.



Langabúð og Faktorshús t.h. (í endurgerð) 2014

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Einfaldur stíll
<b>Menningarsaga</b>	Mjög mikil - húsið er elsta húsið á Djúpavogi og á sér afar merka sögu
<b>Umhverfisgildi</b>	Mjög mikið - vegna staðsetningar og aldurs
<b>Upprunaleiki</b>	Mikill - húsið hefur ekki breyst að formi til frá upphaflegri mynd
<b>Ástand</b>	Mjög gott
<b>Varðveislugildi</b>	Mjög mikið

Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki

# FAKTORSHÚSIÐ - Búð 3


byggingarár: 1848 byggingarefni: timbur / steinsteypa stærð og fyrirlhuguð notkun: 320 m<sup>2</sup> / uppl.míðstöð ferðam. og skrifst. f. minjavörð austurlands verndunarfl.:blár



Upprunalega húsið



Núverandi ástand húss



Afstöðumynd 1:5000

Fyrstu eigandi húss: Ørum og Wulff  
Hönnuður / smiður: ókunnur

Upphafleg notkun:  
Íbúðarhús verslunarstjóra

## STADHÆTTIR

Líkt og fram hefur komið er Faktorshúsið hluti af elstu húsapýrpingunni á Djúpvogi, sem stendur vestan Vogsins neðan Löngubúðar.

## Upphafleg gerð húss:


<b>Tegund</b>	Einlyft bindingshús
<b>Klæðning</b>	Timburklætt með listaklæðningu
<b>Þakgerð</b>	Risþak, mænir yfir miðju húsi, þakhalli 45° - litlir kvistir eru á þakinu
<b>Þakklæðning</b>	Timbur
<b>Undirstaða</b>	Hlaðin - kjallari og sökkull
<b>Útlit</b>	Ein hæð og bratt mænispak með 2 kvistum - (loft og háaloft)

## Helstu breytingar:

Byggð einnar hæðar viðbygging sunnan við húsið úr timbr.  
Sú viðbygging rifin.  
Ný steinsteypt viðbygging byggð við að sunnanverðu

>2007 Húsið endurbeytt, og sett á steiptan kjallara og viðbygging fjarlægð.


Teikning af verslunarhúsunum á Djúpvogi. Sennilega frá því um aldamótin 1800. Stóra húsið vinstra megin frá sjónum er gamla krambúðin sem byggð var 1750. Á miðri myndinni er íbúðarhús verslunarstjóra, sem byggt var 1779. Á milli krambúðarinnar og íbúðarhússins sést svo Langabúð.



# FAKTORSHÚSIÐ - Búð 3



Skömmu fyrir aldamótin var byggt húsnæði (ein hæð) við suðurgail Faktorshússins og var það nýtt sem verslun (sjá mynd hér að ofan). Húsnæðið var rífið upp úr 1937, en þar reis ný bygging úr steinsteypu, kjallari og ein hæð. Þetta hús var verslun Kaupfélags Berufjarðar til margra ára (sjá neðri mynd). Þegar farið var að vinna að endurgerð Faktorshússins var byggingin rífin.



Faktorshúsið á Djúpavogi - Yfirlitsmynd yfir hleðslur / Argos ehf. - 2013

## SAGA

Faktorshúsið var reist 1848 og er næstelst þeirra húsa sem uppi standa í sveitarfélaginu. Húsið stendur á grunni húss sem, sem byggt var 1779. Það var að öllum líkindum rífið rétt áður en núverandi hús var reist. Við byggingu Faktorshússins var gerð sú meginbreyting að snúa langliði í stað gafls, að Voginum, líkt og áður hafði verið gert.

Faktorshúsið er með elstu timburhúsum hérlendis og skipar stóran sess í verslunarsögu Djúpavogs. Verslun Ørum og Wulff reisti húsið sem íbúðarhús verslunarstjóra. Í bók Eiríks Sigurðssonar „Undir Búlandstíni“ er sagt frá verslunarstjórum (faktorum) á Djúpavogi og verða hér tveir nefndir. Sá fyrirnefndi hét Jón Stefánsson og bjó í því húsi er byggt var 1779. Jón var faktor hjá J.L. Busch, merkur bókamaður og stofnandi lestrarfélags á Djúpavogi. Hinn síðarnefndi hét Hans Jónatan og var faktor hjá Ørum og Wulff. Hann fæddist á Jómfrúareyjum 1784, sonur svartrar ambáttar og hvíts manns, sem líkur benda til að hafi verið ritari Ludvig Heinrich von Scimmelman, eiganda ambáttarinnar, sem var landstjóri í Vestur-Indíum. Árið 1788 flytja Hans Jónatan og móðir hans með Schlimmermanfjölskyldunni til Danmerkur. Þegar fram liðu stundir gekk hann í danska herinn. Fyrir framgöngu sína þar fékk Hans Jónatan vilyrði frá Friðrik krónprins um frelsi úr ánaud sinni. Ekkja

# FAKTORSHÚSIÐ - Búð 3

Schlimmerman vildi ekki una þeirri niðurstöðu og í kjölfar réttarhalda var Hans Jónatan dæmdur til þrældóms. Eftir að dómur féll hvarf hins vegar Hans Jónatan og ekkert spurðist til hans fyrr en hann birtist á Djúpavogi 1818. Þar settist hann að, gerðist verslunarmaður og bóndi, kvæntist Katrínu Antoníusardóttur frá Hálsi 1820 og varð þeim nokkurra barna auðið. Hans Jónatan er fyrsti þeldökki maðurinn sem vitað er til að sest hafi að á Íslandi og er sagt að honum hafi verið vel tekið.

Árið 1920 seldu Ørum og Wulff eignir sínar m.a. Faktorshúsið með áfastri verslun, Löngubúð og Krambúðina til Kaupfélags Berufjarðar. Kaupfélag Berufjarðar rak verslun í húsinu til 1985 en frá þeim tíma hefur húsið gegnt ýmsum og ólíkum hlutverkum. Árið 2007 var svo hafist handa við endurbyggingu þess sem enn stendur yfir og annast Teiknistofan Argos ehf. þá framkvæmd. Núverandi eigandi hússins er Djúpavogshreppur.


## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er byggt í dansk-íslenskum stíl með háu mænispaki. Í lýsingu yfirstandandi endurbyggingar segir: „Húsið er tvílyft bindingshús á hlöðnum og steiptum kjallara og sókkli, timburklætt með listaklæðningu.“ Mænir er yfir miðju húsi og einn lítill kvistur á hvorum þakhelmingi. Loft og háaloft eru í þaki.

Við endurbygginguna hefur virðingargerð frá 1882 verið fylgt að miklu leyti um skipulag og frágang hússins. Í lýsingu endurbyggingarinnar segir: „Einangrað verður í bindinginn svo og í þak og undir háaloft ...“. Þá segir: „Þak og kvistir verða timburklæddir með rennisúð, kreósótarvarinni og tjöruborinni, vindskeiðar, gluggar og gluggaumgerðir verða hvítmáluð. Gert verður við sökkul og kjallarahleðslur og endurhlaðin sýnileg hleðsla þar sem steipt hefur verið“. Því má svo bæta við að fyrirhugað er að hækka jarðveg við húsið, þannig að garður sem áður var framan við húsið, verði aðgengilegur frá aðalhæð hússins.



Faktorshúsið 2014 - Endurgerð stendur yfir - Norðurgaffl og vesturhlíð



Teikningar af endurgerð Faktorshússins - Teiknistofan Argos ehf.



# FAKTORSHÚSIÐ - Búð 3



Langabúð og Faktorshúsið í endurgerð 2014

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Dansk-íslenskur stíll
<b>Menningarsaga</b>	Mjög mikil - húsið á sér langa sögu og er með elstu timburhúsum héraðs
<b>Umhverfisgildi</b>	Mjög mikið - vegna staðsetningar og aldurs
<b>Upprunaleiki</b>	Mikill - við endurgerð hefur húsið verið fært nær uppruna sínum
<b>Ástand</b>	Endurbyggingu er ekki lokið
<b>Varðveislugildi</b>	Mjög mikið - vegna aldurs og sögu

Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki

# GEYSIR - Bakki 1


byggingarár: 1900 byggingarefni: timbur stærð og núv. notkun: 170.6m<sup>2</sup> / skrifstofur verndunarfl.: blár



Húsið, þegar það var bárujármsklætt



Núverandi ástand



Afstöðumynd 1:5000

## STAÐHÆTTIR

Fyrsti eigandi húss: Lúðvík Jónsson  
Hönnuður / smiður: Lúðvík Jónsson

Upphafleg notkun: Verslunarhús

Geysir er hluti af elstu húsabyrpingu Djúpvogs. Húsið stendur ofan við svokallaðan „Kallabakka“ vestan Vogsins, nokkru sunnar en Langabúð og Faktors-húsið. Svæðið hefur lengi verið miðpunktur þéttbýlisins, en á gömlum myndum má sjá þar lágreista, nokkuð þetta byggð með bryggju og bátalægi, umlukta ægifagurri náttúru.

## Upphafleg gerð húss:

Tegund	Timbur
Klæðning	Timburklæðning
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujám
Undirstaða	Hlaðin úr grjóti
Útlit	Tvær hæðir og lágt ris

## Helstu breytingar:


- 1997 - 2000
- Húsið var á tímabili klætt með bárujám.
  - Húsið flutt af grunni og gert upp.
  - Grunnur steypdur undir það örflitið innar í götunni.
  - Grind endumýjuð eftir þörfum og húsið einangrað og klætt að utan með standandi timburklæðningu.
  - Gluggaskipan og gerð færð sem næst upprunalegu horfi. Tréþallur settur framán við austurhlíð húss (var upprunalega).
  - Nýr inngangur settur á suðurhlíð.
  - Húsið innréttað sem ráðhús.



Geysir og nærumhverfi - mynd tekin uppúr aldmótunum 1900

# GEYSIR - Bakki 1

Teikningar af endurgerð og uppmælingu Geysishússins gerð af Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttir 1999



## SAGA

Húsið sem er tvílyft timburhús með bárujárnsklæddu mænispaki var byggt árið 1899 eða 1900, á sama stað og áður stóð Hótel Lundur. Smiður hússins var Lúðvík Jónsson og rak verslun í húsinu. Eftir nokkurra ára rekstur, skipti hann á húsinu við Gustav Ivarsen verslunarmann hjá Ørum og Wulff, og fékk þess í stað Hótel Geysi og gamla Sólhól á Djúpavogi.

Ivarsen átti Geysi fram til 1908 en það ár keyptu bræðumir Karl og Ingimundur Steingrímssynir húsið. Á árunum 1910 - 1950 var húsið pósthús auk þess sem þar var einnig símstöð á árunum 1915 - 1920.

Ingimundur seldi Kristni Friðrikssyni neðri hæð hússins 1950, og bjó Kristinn þar fram til 1968. Eftir það ráku ýmsir aðilar verslun í húsinu, allt þar til Búlandshreppur eignaðist húsnæðið árið 1991. Eftir hæð hússins átti Karl Steingrímsson fram til 1976 og var hún í eigu ýmissa aðila til 1988, en þá keypti Búlandshreppur hæðina á uppboði.

Á árunum 1997 - 2000 var unnið að endurbyggingu á húsinu og annaðist TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur þá framkvæmd. Við endurbygginguna var grunnur hússins fluttur örlítið innar í götuna, og var hið ytra útlit fært í því sem næst upprunalega mynd. Að innan var húsið innréttað sem ráðhús Djúpavogshrepps og er það nýtt sem slíkt í dag. Húsið var vígt við hátíðlega athöfn 17. júní 2001.

# GEYSIR - Bakki 1

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND


Húsið er reist í einföldum alþýðustíl, tvær hæðir á steiptum kjallara. Við endurbygginguna var grindin, sem reyndist nokkuð heilleg, endumýjuð eftir því sem þörf var á. Þá var húsið einangrað og klætt að utan með standandi timburklæðningu en búið hafði verið að klæða húsið með bárujárni að utan, þegar viðgerð hófst. Gluggaskipan og gerð hafði verið breytt í árunna rás en hvort tveggja var fært sem næst upprunalegu horfi. Þá var trépullur settur framan við austurhlið hússins en slíkur pallur mun hafa verið þar upprunalega. Nýjum inngangi var svo komið fyrir á suðurhlið hússins. Núverandi ástand hússins er gott.



Frá 100 ára afmæli hússins



Austur- og vesturhlið hússins - Núverandi ástand



Frá hátíðahöldum við vígslu hússins 1901

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Einfaldur alþýðustíll
<b>Menningarsaga</b>	Mjög mikið - vegna sögu og starfseminnar í húsinu
<b>Umhverfisgildi</b>	Mjög mikið - mikilvægur hluti gamla bæjarhlutans á Djúpavogi
<b>Upprunaleiki</b>	Mikill - húsið hefur verið fært sem næst uppruna sínum
<b>Ástand</b>	Gott
<b>Varðveislugildi</b>	Mjög mikið - húsið er eitt af elstu athafnahúsunum á Djúpavogi

Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki.

# FRAMTÍÐ - Vogaland 4


byggingarár: 1905-1906 byggingarefni: timbur stærð: óviss/núv. notkun: hótél verndunarf.: blár



Húsið í upprunalegri mynd



Núverandi ástand



Afstöðumynd 1:5000

Fyrsti eigandi húss:

Gustav Ivarsen

Hönnuður / smiður:  
Lúðvík Jónsson, snikkari og  
Stefán Sigurðsson, bóndi frá Hamri auk  
fjölda annarra aðstoðarmanna

Upphafleg notkun: Verzlunarhús

## STAÐHÆTTIR

Húsið stendur í hlýlegu umhverfi syðst við Voginn á svæði sem nefnt er Suðurkaupstaður. Þaðan er útsýni yfir Djúpavogshöfn, Löngubúð og Faktors-hús, auk strandar og fjalla norðan Berufjarðar.

Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús, efnid var tilhöggvið í Danmörku.
<b>Klæðning</b>	Timburklæðning – sem fljótlega var breytt í bárujárnklæðningu
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárn
<b>Undirstaða</b>	Steyptur kjallari að hluta.
<b>Útlit</b>	Einlyft hús á steiptum kjallara / grunnni með bröttu risi

Helstu breytingar:

<1992	Ýmsar minni háttar breytingar gerðar á útliti hússins. Á vesturgaffi var t.d. inngangi og útitróppum breytt.
1992	Hluti af kjallara grafinn út.
1997	Ný þakklæðning - nýjar innréttingar.
1998	Viðbygging við húsið (bjálkahús frá Finnlandi).
2005	Endurbætur utan dyra: Ný járnklæðning, gluggar, þakskegg og útihurðir í anda upprunalegs útlits.

Útsýni frá Suðurkaupstað - Framtíðin lengst t.h.



# FRAMTÍÐ - Vogaland 4



Svipmót hússins hefur tekið breytingum í gegnum tíðina



## SAGA

Húsið Framtíðin var reist veturinn 1905-1906 af danska verslunarmanninum, Gustav Ivarsen, sem ráðinn var til Ørum og Wulff á Djúpavogi skömmu fyrir aldamótin. Ivarsen var vinsæll og vel metinn af alþýðu manna á svæðinu, því bæði þótti hann líta á Íslendinga sem jafningja og vera liðlegur í öllum viðskiptum.

Á þessum árum var Stefán Guðmundsson faktor verslunar Ørum og Wulff á Djúpavogi, en hann var þá kunnur verslunarmaður um allt Austurland. Stefán þótti alla jafna harður í horn að taka og ekki mjög kumpánlegur við alþýðu manna. Afkoma verslunarinnar hvíldi á hans herðum og þótti honum Daninn ungi helst til óspar á að skrifa hjá bændum og búaliði.

Eftir brösótt samstarf sagði því Stefán Ivarsen upp snemma árs 1905 en þá hafði hinn síðarnefndi áunnið sér traust margra og leitaði því á náðir þeirra um ábyrgð fyrir láni svo hann gæti byggt nýtt verslunarhús. Málaleitinni var vel tekið og fékk Ivarsen lán hjá nýstofnuðum Íslandsbanka. Lóðin, sem Ivarsen fékk, var í svokölluðum Suðurkaupstað beint upp af miðjum Voginum og hafði hún áður verið leigð Ørum og Wulff. Að svo búnu sigldi Ivarsen heim til Kaupmannahafnar og kom aftur um haustið, siglandi skútu meðtilhöggvið timbur í heilt hús. Framkvæmdir hófust strax og verslun var opnuð í húsinu fullbyggðu næstu áramót. Þó Ivarsen

hafi verið dugandi framkvæmdamaður kom í ljós, að hann hafi verið helst til eftirgefanlegur við viðskiptavinina og 1908 tilkynnti hann viðskiptavininum sínum gjaldþrot verslunarinnar. Var þá brugðið á það ráð að stofna kaupfélag. Ekki dugði það til og á samkomu sem gekk undir heitinu „vandráðafundurinn,“ boðaði Ivarsen gjaldþrot kaupfélagsins. Í kjölfar þess hvarf Ivarsen af landi brott og var sárt saknað af mörgum. Síðar fréttist af honum vestur í Ameríku og var hann þá orðinn sterkefnaður.

Verslunarrekstri í Framtíð var þó ekki lokið, því á árunum 1909 - 1925 var rekin þar verslun undir sama heiti og húsið og var hún í tengslum við Framtíðarverslun á Seyðisfirði. Árið 1925 keypti húsið danskur maður Carl Bender. Hann bjó í húsinu og rak þar smá verslun jafnframt því sem hann gegndi stöðu gjaldkera hjá Kaupfélagi Berufjarðar, sem þá var nýlega tekið til starfa. Á stríðsárunum áttu Bretar sínar bækestöðvar á Djúpavogi og fengu inni hjá Carl Bender í Framtíðinni. Þeir höfðu þá sitt virki og útsýnisstað uppi á Bóndavörðu. Carl Bender seldi svo húsið 1946 og var kaupandi Ingimundur Steingrímsson hreppstjóri og póstafréiðslumaður. Fluttist þá pósthúsið í húsið og var þar næstu 10 árin. Halldór Jónsson frá Seyðisfirði keypti húsið 1956 og rak þar verslun um nokkurra ára skeið. Í hans tíð var þar einnig bensínsala frá Skeljungu. Árið 1963, lýkur sögu verslunar í húsinu en það ár keypti Kaupfélag Berufjarðar húsið, endurbætti það stórum og hóf rekstur hótels.

# FRAMTÍÐ - Vogaland 4

Stefán Amórsson og kona hans Vilborg Ágústa Garðarsdóttir keyptu húsið 1987 og héldu hótélrekstrinum áfram. Þórir sonur þeirra hjóna og kona hans Guðrún Anna Eðvaldsdóttir keyptu svo húsið 1999 og reka þar hótél. Húsið er í góðu ástandi.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er einnar hæðar bárujárnsklætt timburhús á steiptum kjallara. Risið er portbyggt með miklum þakhalla og stórum kvisti, sem snýr fram að Voginum. Kvisturinn er upprunalegur, en annar kvistur minni á þaki hússins sunnanmegin er seinni tíma smíð. Núverandi aðalinngangur í húsið er í tengibyggingu milli gamla hússins og viðbyggingar. Trépullur (verönd) er fyrir framan innganginn og nær hún meðfram vesturgafli hússins og áfram meðfram norðurhlið þess. Rimlæðning úr timbri er undir pallinum. Inngangurinn í kjallara á vesturgafli. Húsinu er vel við haldið og í góðu ásigkomulagi.



Gamla húsið ásamt viðbyggingum



Á þessari mynd (ártal óvísst) er gamla bryggjan fyrir framan enn uppistandandi

## VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	Danskur stíll
Menningarsaga	Mikil - mikilvæg í byggingar- og þróunarsögu þorpsins
Umhverfisgildi	Mikið - meginhúsið hefur ætíð sómt sér vel á þessum stað
Upprunaleiki	Mikill - húsið hefur gengist undir ýmsar breytingar, en hefur samt haldið sinni upprunalegu gerð að mestu
Ástand	Gott
Varðveislugildi	Mikið - húsið er eitt af elstu athafnahúsum á Djúpavogi

Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki

# SÓLVANGUR - Vogaland 12


byggingarár: 1928 byggingarefni: timbur stærð og núv.notkun: 82.1m<sup>2</sup> / íbúðarhús (ekki í notkun) verndunarfl.: rauður



Upprunalega húsið



Núverandi ástand húss



Afstöðumynd 1:5000

## STAÐHÆTTIR

Fyrsti eigandi húss:  
Sigurður Ivarsson

Hönnuður / smíður: ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Húsið stendur undir brekku við Vogaland ofan við svonefnda Friðgeirsbyggju og frá því er útsýni yfir Voginn á Löngubúð, Faktors-hús og höfuðjásnið Búlandstind.

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Bárujárnsklætt
<b>Þakgerð</b>	Lágt risþak
<b>Þakklæðning</b>	Bárujám
<b>Undirstaða</b>	Kjallari, hlaðinn og múrhúðaður
<b>Útlit</b>	Einlyft á lágum kjallara

## Helstu breytingar:

Fög hafa verið tekin úr gluggum og útliti þeirra breytt  
Hurð hefur verið fjarlægð af austurhlíð hússins.  
Bíslag hefur verið byggt við húsið á austurhlíð (óvíst hvenær)  
Húsið hefur verið lengt um u.þ.b. 2 m (óvíst hvenær)  
Húsið hefur verið forskalað að utan (óvíst hvenær)  
Tveir reykháfar voru á húsinu, annar fjarlægður







Austurhlöð - núverandi ástand



"Smelteryið í baksýn - mynd frá um 1900

## SAGA

Sigurður Ívarsson, sjómaður og útgerðarmaður á Djúpavogi og Guðlaug Sigurðardóttir frá Urðarteigi byggðu húsið 1928. Húsið var reist að hluta til á grunni stórs bræðsluhúss sem gekk undir nafninu „Smelteryið“. Var það að öllum líkindum á vegum útgerðarmanna frá Norðfirði sem bræddu í því hvalspik og hákarlalifur. Sömu aðilar áttu bryggjuna framan við húsið.

Núverandi eigandi hússins er Vignir Eggertsson frá Urðarteigi, sem búsettur er í Reykjavík.

# SÓLVANGUR - Vogaland 12



Austurhlið og norðurgæfl - núverandi ástand



Suðurgæfl - núverandi ástand

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er reist í fábrotnum alþýðustíl. Það er einnar hæðar bárujárnsklætt timburhús á hlöðnum lágum (rétt manngengum) kjallara. Þakgerð þess er lágt risþak.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á húsinu í árána rás, s.s. breytingar á gluggum og gluggaumbúnaði. Þá hefur húsið hefur verið lengt um u.þ.b. 2 metra til norðurs. Inngönguskúr (bíslag) úr bárujárni hefur verið byggður við austurhlið og dyr, nokkru norðar á sómu hlið, hafa verið fjarlægðar. Veggir hússins hafa verið forskalaðir, jafnframt því sem annar af tveimur reyk háfum hússins hefur verið fjarlægður. Ekki hefur tekist að afla gagna um hvenær þessar breytingar voru gerðar.

Húsið er í lélegu ástandi, jám ryðgað á þaki og bíslagi og múrhúðun á veggjum víða sprungin. Það þarfnast viðhalds og aðhlyningar eða gagngera endurbóta.

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþýðustíll
<b>Menningarsaga</b>	Mikil - gott dæmi um íbúðarhús frá þessum tíma
<b>Umhverfisgildi</b>	Mikið - vegna staðsetningar
<b>Upprunaleiki</b>	Þó nokkur - hæð hússins er óbreytt frá upphafi en lögun lítilla breytt, en það hefur verið lengt og bíslagi bætt við það á austurhlið
<b>Ástand</b>	Lélegt - járn á þaki og húss og á bíslagi er illa farið og ryðgað, sprungur eru í múrhúðun á útveggjum, einkum á kjallara hússins Gluggum hefur verið spillt
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið - látlaust hús í fallegum hlutföllum á sérstökum stað

**Niðurstaða varðveislumats: Einstakt hús, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)**

# TRÍTON - Vogaland 7


byggingarár: 1924 byggingarefni: stelnsteypa stærð og notkun: 330m<sup>2</sup> / vörugeymsla verndunarfl.: rauður



Upprunalega húsið



Núverandi ástand húss



Afstöðumynd 1:5000

## STAÐHÆTTIR

Fyrsti eigandi húss:  
Siv Hjemaard, Selma Hjemaard og  
Alfred Hjemaard

Hönnuður / smíður: ókunnir

Upphafleg notkun: Verslunarhús

Staðsetning hússins í fjöruborðinu austan Vogsins er tilkomumikil og markar eins konar lokapunkt á byggðinni að austanverðu. Við hlið hússins stendur stórt iðnaðarhúsnæði (stálgrindarhús) sem byggt var árið 1980. Til stendur að það víki fyrir nýbyggingu sem mun hýsa verk Ríkarðs Jónssonar, myndskera.

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Steinsteyp
<b>Klæðning</b>	Múrsléttuð
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak með um 30° þakhalla
<b>Þakklæðning</b>	Bárujám
<b>Undirstaða</b>	Steinsteyp
<b>Útlit</b>	Tvílyft hús á steiptum grunni með rishæð og kvisti

## Helstu breytingar:

	Kvistur fjarlægður
	Gluggum fækkað á vesturhlið og breytt á suður- og austurhlið
	Dyr fjarlægðar á vesturhlið - Dyr færðar á suðurhlið frá 2. hæð á 1. hæð
	Þakkartar á göflum steiptir, útitróppur á suðurhlið fjarlægðar
	Bryggja frá húsi og út við Voginn fjarlægð - 2 strompar fjarlægðir
1994	Timburklæðning sett á austur-, suður- og vesturveggi. Norðurgaffi steiptur upp fyrir þak - Þakklæðning endurnýjuð



# TRÍTON - Vogaland 7



Austurhlíð og norðurgaff



## SAGA

Hinn 26. febrúar 1924 fór fram virðing á nýbyggðu húsi „herra kaupmanns Hjemgaards á Djúpavogi“ sem nefndist Handels- og Fiskestationen Triton við Djúpavog. Var virðingargjörðin framkvæmd samkvæmt beiðni Tanke Hjemgaard kaupmanns á Seyðisfirði. Með bréfi dagsettu 16. apríl sama ár tilkynnir Hjemgaard kaupmaður hreppstjóra Geithellahrepps, að eigendur hússins séu þessir: Siv Hjemgaard, Selma Hjemgaard og Alfreð Hjemgaard. Húsið ásamt skúr og bryggju virt á 8.500 krónur.

Húsið var leigt tímabundið sem íbúðarhúsnæði fyrir þrjár fjölskyldur þ.e. fjölskyldur þeirra Jóns Sigurðssonar, Sigurgeirs Þ. Stefánssonar og Guðjóns Brynjólfssonar.

Saga hússins á árunum 1924 - 1947 er nokkuð óljós en 1947 eignaðist Kaupfélag Berufjarðar húsið, sem þá var þaklaust og án alls tréverks. Lét kaupfélagið setja þak og milliloft í húsið og nýtti það með ýmsum hætti, svo sem saltgeymslu en aðallega þó sem veiðarfærageymslu og sem aðstöðu til að fella net.

Um 1980 eignaðist Vogur hf. húsið og nýtti það sem veiðarfærageymslu, aðstöðu til netavinnslu og sem beitningaraðstöðu. Eigendur Vogs hf. voru Guðmundur Illugason og Einar Ásgeirsson. Emil Karlsson, Elísabet Guðmundsdóttir, Jón Karlsson og Jónína Guðmundsdóttir eignuðust húsið 1990 og eiga það enn. Húsið er að mestu nýtt sem geymsla.



## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er nú tveggja hæða steinhús á steiptum kjallara. Mænir er yfir því miðju með 30° þakhalla. Upphaflega var kvistur a.m.k. á vesturhlið. Í upphafi var húsið múrsléttað en síðar málað að utan. Gluggasetning á elstu myndinni af húsinu bendir til að tvær nýtanlegar hæðir hafi verið í húsinu auk rislofts. Gengið var inn á aðra hæð um tröppur á suðurgaffli. Þær dyr voru síðar færðar niður á fyrstu hæð og tröppur fjarlægðar. Dyr sem voru á vesturhlið hafa einnig verið fjarlægðar. Inngangar í húsið eru nú á suður- og austurhlið.

Nokkrar breytingar voru síðan gerðar á gluggum og þeim fækkað, kvistur var fjarlægður sem og tveir reykháfar. Einnig voru þakkantar á göflum steiptir upp fyrir þak. Tjörguð timburklæðing var sett á húsið 1994. Það gerðu Víglundur Möller Sivertsen, smiður og eigendur hússins. Þakklæðing var þá endurnýjuð og þakkantar klæddir. Eins og áður segir er saga hússins á tímabilinu 1924 – 1947 nokkuð óljós, en á þeim tíma var allt timburverk og efra gólf rífið úr húsinu. Húsið gefur af sér góðan þokka, er í þokkalegu ástandi en þarfnast viðgerðar / endurgerðar. Þá stóðu skúr og bryggja við húsið. Hvort tveggja er horfið en fengur væri í að endurbyggja bryggjuna.

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Einfaldur þakkhússtíll
<b>Menningarsaga</b>	Mikil - sökum staðsetningar og upprunaleika síns
<b>Umhverfisgildi</b>	Mikið - vegna fagurrar og kröftugrar staðsetningar
<b>Upprunaleiki</b>	Þó nokkur - lögun hússins er óbreytt
<b>Ástand</b>	Þokkalegt. Suður- og vesturhlið gefa af sér ágætán þokka, en aðrar húshliðar eru í verra ásigkomulagi. Timburklæðing, sem sett var upp 1994, fer húsinu ágætlega. Norðurhlið er óklædd. Húsið þarfnast viðhalds (sökkuð) og endurgerðar að innan sem utan
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið - sérstakt hús á einstökum stað

# HOLT - Eyjalandi 1


byggingarár: 1930/35 Fmr byggingarefni: timbur stærð og núv. notkun: 48.7m<sup>2</sup> / íbúðarhús vemdunarfl.: rauður



Hluti úr gamalli mynd - ártal óvíst



Suðvestur hlöð - núverandi útlit húss



Afstöðumynd 1:5000

## STAÐHÆTTIR

Fyrsti eigandi húss:  
Sigurður Kristófersson

Hönnuður / smiður:  
Sigurður Kristófersson

Upphafleg notkun: íbúðarhús

Húsið stendur við Eyjaland sunnan Vogsins. Á lóð hússins stendur bílskúr sem reistur var árið 1978. Í næsta nágrenni hafa risið stærri hús, s.s. fjölbýlishús, skóli, sundlaug og heilsugæslustöð.

### Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Bárujárnsklætt
<b>Þakgerð</b>	Lágt risþak
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárni
<b>Undirstaða</b>	Hlaðin
<b>Útlit</b>	Einlyft á háum sökkli, útitróppur

### Helstu breytingar:

<1950	Húsið lengt - bað og geymsla byggð við hús
<1950	Húsið forskalað og steypt utan á sökkul
1978	Bílskúr 18m <sup>2</sup> reistur á lóðinni



Holt fremst fyrir miðri mynd - ártal óvíst

# HOLT - Eyjalandi 1

Myndir frá 2013 - Efri mynd.: Norðausturhlíð  
Neðri mynd: Suðvesturhlíð og suðaustur gafi



Norðvestur gafi og suðvestur hlíð

## SAGA

Upp úr 1900 stóð lítið hús sem hét Holt austan við Brennikleitt - nálægt þar sem húsið Hammersminni 12 er nú. Þar bjuggu Kristófer Eiríksson og Sigurbjörg Sigurðardóttir auk 7 barna. Um 1930 byggði Sigurður sonur þeirra nýtt hús um 50 metra suðaustur af gamla húsinu, sem sennilega var rífið um svipað leyti. Nefndist nýja húsið Holt og bjó fjölskyldan þar í mörg ár. Síðastur bjó þar Héðinn Kristófersson en við lát hans keypti Trausti Marinó Finnsson húsið og síðan Unnur Finnsdóttir, sem er eigandi þess í dag.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er í einföldum stíl, einlyft með lágu risi á háum sökklí. Upprunalega var það bárujárnsklætt að utan en hefur síðan verið forskalað og múrsléttað að utan. Sömuleiðis hefur verið steypt utan á sökklínn. Fyrir miðja öldina var húsið lengt og bætt við geymslu og baði. Gengið er upp steyptar útitröppur að inngangi hússins. Gluggar eru flestir krossgluggar en ramar hafa verið fjarlægðir. Ástand hússins er lélegt að utan en ekki er vitað um innviði þess. Það þarfnast endurgerðar og umhverfið aðhlyningar.

## VARÐVEISLUMAT

**Byggingarlist** Fábrotinn alþýðustíll  
**Menningarsaga** Nokkur  
**Umhverfisgildi** Töluvert

**Upprunaleiki** Nokkur - húsið hefur haldið meginformi frá upphafi. Ytra byrði hússins hefur breyst. Upprunalega var það bárujárns-klætt en er nú forskalað og múrhúðað að utan. Gluggar eru flestir upprunalegir, en gluggaramma vantar. Einn gluggi á suðurgafli og gluggi á austurhlíð eru með öðru sniði

**Ástand** Lélegt - húsið er í hrörlegu standi og þarfnast gagngers viðhalds - æskilegt væri að klæðning yrði endurgerð, og húsið fengi sitt upprunalega bárujárns yfirbragð

**Varðveislugildi** Nokkuð - með endurgerð gæti þetta hús orðið minnisvarði gamals tíma, sögu og mælikvarða í umhverfi sem einkennist af ólíkum byggingarstílum seinni tíma bygginga

**Niðurstaða varðveislumats: Einstakt hús, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)**

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Heimildir: Ljósmyndir: (ljósm.: PJJ)  
Texti: T.G.J. stuðst við ljósmyndir og heimildir frá Ingimar Sveinssyni

SKRÁNING HÚSA / þéttbýli

## HÚSIN VESTAN VOGS

Rjóður  
Gamla Lögberg  
Brekka  
Hvarf



# RJÓÐUR - Markarland 1


byggingarár: 1920 byggingarefni: timbur stærð og notkun: 113,1m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarfl.: rauður



Húsið í upprunalegri mynd



Núverandi útlit húss



Afstöðumynd 1:5000

## STADHÆTTIR

Húsið stendur við Markarland austan gamla miðbæjarkjams, skammt frá Ytri-Gleðvík. Segja má að húsið sé ekki hluti af eiginlegri götumynd, heldur stendur það stakt á stórrí lóð. Þaðan er víðsýnt yfir sjó og land. Á lóðinni er lífíll skúr með rispaki.

Fyrsti eigandi húss: Jón Stefánsson  
Hönnuður / smíður: Ökunnir

Upphafleg notkun: Verslunarhús

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Bárujárn
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak, mænir yfir miðju húsi
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárn
<b>Undirstaða</b>	Hlaðinn kjallari
<b>Útlit</b>	Einlyft, kjallari og háalof

## Helstu breytingar:

Ártal óvíst.	Klæðningu útveggja breytt og gluggar augnstungnir
2012	Inngönguskúr fluttur vestur fyrir hús Húsið gert upp og kvisti bætt við og bislag stækkað.

Hort til suðurs á norðurhlíðar hússins og skúrs t.v. - Myndin er tekin 2010 fyrir endurgerð hússins



# RJÓÐUR - Markarland 1



Svipmyndir frá horfinni tíð (ártal óvísst)



## SAGA

Húsið var reist 1920 og var Jón Stefánsson fyrsti ábúandi. Um lóðina var gerður leigusamningur dags. 2. nóvember 1924 og segir m..a eftirfarandi í lýsingu: „Lóðin nær yfir neðri hluta mýrar þeirrar, er liggur upp af Gleðivík (ytri) og takmarkast að utan af kaupstaðartúnsgirðingu, uppeftir nær lóðin að túninu í Mörk, aftan eftir að malarkantinum og inneftir að hraunhrygg þeim er hið nýreista hús leigutaka stendur við.“

Sonur Jóns var hinn þjóðþekkti fréttamaður og rithöfundur Stefán Jónsson, sem sagður er fæddur á Hálsi í Geithellnahreppi en mun hafa eytt æskuárum sínum í Rjóðri. Í bók hans „Að breyta fjalli“ eru fjölmargar ómetanlegar sögur um fólkíð og lífið í þorpinu og hugsunarháttinn á hans uppvaxtarárum. Í einni þeirra segir frá því þegar strandferðaskipið Súðin kom á þrettándanum í norðaustan roki og hörkufrosti og lagðist í var á Innri-Gleðivík. Nokkrir farþegar komu í land með uppskipunarbátnum og segir ekki meir af skipskomunni fyrr en morguninn eftir. Þá fóru Stefán og vinir hans Kristján í Lögbergi og Otti í Brekku á skauta á Hvarfstjóminni ofan við malarkambinn þar í vikinni.

Er skemmst frá því að segja að Otti fór ofan fyrir kambinn að leysa buxur, en kom lausgirtur til baka. „Við fylgdu honum þangað sem vegsummerki sýndu að hann hafði tyllt sér og sáum hvar teygði sig kríthvít hönd með gullhring á baugfingri út úr þarabunkanum“. Ekki segist Stefán muna eftir neinum getgátum um það, hví þama skyldi nú liggja druknaður einn af farþegum Súðarinnar, en lækni staðarins krufði líkið og varði ári síðar doktorsritgerð um heilasjúkdóma. Margar sögur eru í bókinni um myrkfælni Stefáns, sem var mikil. Í einni þeirra segir svo: „Ef mjög var dimmt og langt að hlaupa var best að draga ekki af en brúka sjálft faðirvorið“. Einu sinni hljóp hann í blekmyrkri frá Teigarhorni sex kílómetra leið út á Djúpavog á þremur faðirvorum, að vísu mjög teigðum. Þriðja amenið skrappt út úr honum um leið og skúrðyrnar luktust eftir honum í Rjóðri og small saman við hurðarskellinn.

Núverandi eigandi Rjóðurs er Jón Sigurðsson í Reykjavík og hóf hann endurbyggingu á húsinu árið 2012 sem nú er lokið. Húsið er notað sem sumardvalarstaður.

# RJÓÐUR - Markarland 1

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er í fábrotnum alþýðustíl, upprunalega einnar hæðar timburhús með háalofiti á hlöðnum kjallara og mænisþaki með reykháfi. Gengið var inn í húsið í gegnum bíslag/innngönguskúr á austurhlíð. Húsið hefur verið klætt bárujámi, bæði þak og veggir og kvistur settur á suðausturhlíð. Gluggar hafa verið endurgerðir og kjallari múrahúðaður. Þá hefur reykháfur verið fjarlægður af húsinu. Núverandi ástand hússins er gott.



Austurhlíð - fyrir endurgerð



Stefán Aðalsteinsson, bátasmiður í Rjóðri (ártal óvísst)



Austurhlíð - Núverandi útlit

## VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	Fábrotinn alþýðustíll
Menningarsaga	Mikið - ekki síst vegna ábúendasögu
Umhverfisgildi	Nokkuð
Upprunaleiki	Nokkur - húsið er töluvert breytt, það hefur nýlega verið endurgert og fengið á sig kvist og viðbyggingu, þar sem áður var bíslag Meginform hússins hefur haldið sér, hæð, breidd og lengd
Ástand	Gott
Varðveislugildi	Mikið

**Niðurstaða varðveislumats: Einstakt hús, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt )**

# GAMLA - LÖGBERG - Brekka 12


byggingarár: 1914 byggingarefni: timbur stærð og núv. notkun: 81,8m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarfl.: blár



Suðausturhlíð - Núverandi útlit húss



Suððvestur gafl - Núverandi útlit



Afstöðumynd 1:5000

## STAÐHÆTTIR

Fyrsti eigandi húss:  
Gústaf Valdímar Kristjánsson og  
Jónína Rebekka Hjörleifsdóttir

Hönnuður / smíður: Gústaf V. Kristjánsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Húsið stendur í hlýlegum hvammi undir háum kletti, Lögbergskletti, skammt ofan við Ytri-Gleðivík. Langhlíðar hússins snúa í norðvestur og suðaustur, en gaflar þess inn í landhallann og niður að sjó.

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Bárujám
<b>Þakgerð</b>	Mishalla þak
<b>Þakklæðning</b>	Bárujám
<b>Undirstaða</b>	Hlaðinn kjallari undir elsta hluta húss
<b>Útlit</b>	Tvær hæðir að hluta en viðbyggingar einnar hæðar, kjallari undir elsta hluta húss.







## Helstu breytingar:

1929	Eitt herbergi byggt við húsið
1948	Tvö herbergi og búr byggð við sem og geymsluskúr við suðvesturgafli
1968 - 2003	Ýmsar breytingar gerðar á gluggum og klæðningu



# GAMLA - LÖGBERG - Brekka 12



Byggingarsaga Gamla-Lögbergs



Efri mynd: Suðausturhlíð og norðausturgaffl  
Neðri mynd: Norðurausturgaffl og norðvesturhlíð



Norðausturhlíð (gaffl) - Núverandi útlit



## SAGA

Gamla Lögberg var byggt 1914 af Gústafi V. Kristjánssyni og Jónínu Rebekku Hjörleifsdóttur, konu hans. Eftir lát Gústafs 1949, bjó Jónína áfram í húsinu þar til hún lést 1960. Helgi Einarsson keypti húsið 1961 en seldi Stefáni Alexanderssyni það 1968, sem seldi Garðari Reimarssyni húsið sama ár. Garðar átti húsið fram til ársins 2003. Núverandi eigandi er Regína Margrét Friðfinnsdóttir. Þess má geta að veturinn 1929 leigðu þau Gústaf og Jónína skipshöfn á bátnum Þór frá Seyðisfirði húsnæði en róið var frá Djúpavogi á vetrarvertíð. Leigði þessi skipshöfn hjá þeim hjónum í níu vertíðir.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Byggingarsaga Gamla-Lögbergs er um margt áhugaverð. Upphaflega var um að ræða tveggja hæða hús á hlöðnum kjallara. Mænisþak var á húsinu en þakhallinn meiri að aftanverðu en þar var vegg hæðin minni. Í húsinu var lítill gangur (inngangur í húsið), eldhús, lítið herbergi inn úr eldhúsi ásamt örilltu búi í eldhúsi. Stigi var upp á baðstofuloft úr eldhúsi. Á baðstofuloftinu voru tveir gluggar, annar í suðausturátt og hinn á gaffli og vísaði niður að sjó.

# GAMLA - LÖGBERG - Brekka 12

Sumarið 1929 var byggt við norðausturgöfl hússins eitt herbergi með skúrþaki. Gengið er inn í herbergið úr forstofu andspænis eldhúsi. Aftur var byggt við húsið 1948 en þá var byggð einnar hæðar bygging með skúrþakimeðfram allri norðvesturhlíð hússins. Í henni var komið fyrir 2 herbergjum og búri. Við suðvesturgöflinn var sömuleiðis reistur steypur geymsluskúr með skúrþaki. Á því tímabili sem Garðar Reimarsson átti húsið var gluggum ásamt glugga- og hurðarumbúnaði breytt og húsið klætt að utan með trapísulaga stáli. Veggfletir eru gulir en gluggar, hurð, þakkantar og listar á hornum dökkbrúnir. Steypt hefur verið utan á kjallara og sökkul og eru þeir sums staðar klæddir með sléttu blikki. Þakfletir eru klæddir bárujárni. Upphaflegt byggingarlag Gamla-Lögbergs er ekki óáþekkt byggingarlagi nokkurra eldri bæja í sveitum Djúpvogshrepps. Líkt og í tilfalli Gamla-Lögbergs voru síðar byggð við bæina ýmis rými, s.s. fyrir skepnur en jafnframt sem geymslur, skemmur, smiðjur og fleira tengd búskapnum. Oft er innangengt í þessi rými úr bænum, a.m.k. að hluta til. Gamla-Lögberg er hinsvegar hús í þéttbýli, sem þarf að fullnægja annars konar þörfum og rýmiskröfum.

Byggingarlag Gamla-Lögbergs er gott dæmi um einfaldan alþýðustíl, eins og hann birtist á þessu svæði. Húsið er byggt í áföngum og með timanum fæst heildstæð mynd. Mikill ávinningur væri að því að mæla húsið upp, rannsaka það nánar og meðhöndla þannig að rekja mætti með skýrari og sannfærandi hætti, þá byggingarsögu sem nægjusamt fólk mótandi í litlu þorpi á Austfjörðum á fyrri hluta síðustu aldar. Við skoðun á húsinu sumarið 2012 kom í ljós að búíð var að breyta fyrirkomulagi þess nokkuð, en þróunarsagan var enn greinileg.



Innanhúss myndir - núverandi ástand



## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþýðustíll
<b>Menningarsaga</b>	Mikil - vegna aldurs og byggingarlags
<b>Umhverfisgildi</b>	Mikið - húsið situr vel í landinu og er til þróði í umhverfinu
<b>Upprunaleiki</b>	Nokkur - yfirbragð hússins er smágerð og sver sig til upprunans. Síðari tíma viðbyggingar hafa ekki raskað heildarsvip hússins, fremur styrkt sérstöðu þess
<b>Ástand</b>	Snyrtilegt - mikill ávinningur væri að því að húsið yrði mælt upp, rannsakað nánar og meðhöndlað þannig, að það segði skýrar og með sannfærandi hætti þessa byggingarsögu, sem nægjusamt fólk hefur mótað fyrir sig og sína í litlu þorpi á Austfjörðum á fyrri hluta síðustu aldar

Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki

# BREKKA - Brekka 8


bygglingarár: f.1914 /1928 Fmr bygglingarefni: stelnsteypa stærð og núv. notkun: 137.6m<sup>2</sup> / íbúð verndunarf. : rauður



Núverandi ástand húss - Austurhlíð



Norðurhlíð



Afstöðumynd 1:5000

## STAÐHÆTTIR

Brekka stendur við götuna Brekku, undir Lögbergskambi skammt norðan við Gamla-Lögberg. Staðsetningin er reisuleg og úr húsinu er gott útsýni til austurs.

Fyrsti eigandi húss:  
Áki Kristjánsson  
Hönnuður / smiður: Áki Kristjánsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Neðri hæð steipt og efri hæð úr timbri.
<b>Klæðning</b>	Bárujárn
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárn
<b>Undirstaða</b>	Steinsteipt
<b>Útlit</b>	Tvær hæðir (neðri hæð niðurgráin að aftan). Aftan við húsið og sambyggt því er einnar hæðar skúrbygging, bárujámklædd.

## Helstu breytingar:

1940 - 1941	Skúr byggður við húsið að aftan með inngöngudyrum. Síðar var gluggagerð breytt.
-------------	---

Suðurhlíð



# BREKKA - Brekka 8



Núverandi ástand - Vesturhlöð



Austur- og norðurhlöð



Áki Kristjánsson í Brekku

## SAGA

Húsið er reist fyrir 1914 af Áka Kristjánssyni og naut hann aðstoðar Gísla Sigurðssonar. Fyrstu eigendur þess voru Áki og kona hans Áslaug Jónsdóttir. Eftir lát Áka 1982 féll Brekka í skaut Hlífars sonar hans, sem seldi Ottó bróður sínum húsið nokkru síðar. Núverandi eigandi Brekku er Björg Bjarnadóttir, sem búsett er á Akureyri.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er í fábrotnum alþýðustíl, er langt og mjótt á tveimur hæðum og einfalt að formi og gerð. Neðri hæðin er steypt en efri hæðin byggð úr timbri klædd bárujárni. Stigi liggur úr inngangi á neðri hæð upp á þá efri. Þak er lágt mænispak klætt bárujárni og mænir yfir miðju húsi.

Árið 1940 - 1941 byggði Áki áfastan skúr klæddan bárujárni meðfram bakhlið hússins. Í skúrnum var eldhús og herbergi. Inngangur var í skúrinn á efri hæð og lágu þangað steyptar tröppur meðfram norðausturgaffli hússins. Ekki var innangengt milli skúrsins og gamla hússins svo vitað sé.

Húsið var í upphafi einangrað með mosa en nú með steinull. Þá hefur gluggum verið breytt en ekki er vitað um ártöl í því sambandi. Útfærsla grunnmyndar hússins er nú allrar athygli verð. Á neðri hæð er stofa syðst, þá inngangur og stigi upp á efri hæð. Síðan eldhús hinum megin við innganginn og herbergi inn af því. Á efri hæð eru svo herbergi. Full ástæða væri til að mæla húsið upp og rannsaka það nánar. Núverandi ástand hússins er hrörlegt og endurbætur nauðsynlegar.

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþýðustíll
<b>Menningarsaga</b>	Mikil -vegna aldurs og byggingarlags
<b>Umhverfisgildi</b>	Mikið - húsið situr vel í landinu og er til þýði í umhverfinu
<b>Upprunaleiki</b>	Nokkur - yfirbragð hússins er nánast óbreytt ef frá er talin viðbygging að aftanverðu, sem ekki rýrir teljandi heildarsvipinn
<b>Ástand</b>	Hrörlegt - við endurbætur er æskilegt að ásýnd hússins fái vandaðra yfirbragð og endurgerð glugga, hurða og tréverks utanhúss verði við hæfi timburhúss

Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki



# HVARF - Víkurland 1


bygglingarár: 1920 bygglingarefni: flmbur stærð og núv. notkun: 180m<sup>2</sup> / íbúðarhús/gallerí vemdunarfl.: rauður



Núverandi ástand húss - Norðvesturhlíð og norðausturgafi



Suðausturhlíð og norðausturgafi



Afstöðumynd 1:5000

## STAÐHÆTTIR

Fyrsti eigandi húss: Guðrún Stefánsdóttir

Hönnuður / smíður:  
Húsið kom tilsníðið frá Þýskalandi /  
Ingimundur Stefánsson, smíður frá Hálsi.

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Húsið er staðsett upp af Svalbarðstanga við Víkurland. Fagurt útsýni er þaðan yfir Berufjörð og fjöllin norðan hans. Húsið stendur við rætur klettara sem þarna er. Ofurlítill flöt er suðaustan við húsið.

## Upphafleg gerð húss:

Tegund	Timburhús
Klæðning	Bárújárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárújárn
Undirstaða	Hlaðin
Útlit	Ein hæð á hlöðnum kjallara

## Helstu breytingar:

- 1987
- Bílskúr úr timbri reistur nærri húsi, nú bárújárnklæddur  
Skipt hefur verið um glugga í húsinu og eru þeir gjörbreyttir frá fyrri gerð  
Ný útidryghurð hefur verið sett í húsið. Steypt hefur verið gólf í kjallara, grafnar frárennislagnir og steypt upp eftir kjallaraveggjum



# HVARF - Víkurland 1



Mynd frá árinu 2005

## SAGA

Einn góðan veðurdag vorið 1920 kom Ingimundur Stefánsson frá Hálsi ásamt þýskri konu sinni Margrete Wohlt með skipi til Djúpavogs. Í farteskinu var hann með tilsníð hús frá Þýskalandi, sem hann ætlaði að reisa á Djúpavogi. Ingimundur, sem var útlærður smiður frá Danmörku, tók til við að byggja húsið, sem hlaut nafnið Hvarf. Um haustið, þegar smíði þess var lokið gaf hann Guðrúnu systur sinni, sem var ekkja, húsið til íbúðar. Ráðsmaður Guðrúnar hét Antoníus Antoníusson úr Álftafirði og átti hann eina dóttur. Þetta fólk fluttist nú í Hvarf en Ingimundur og kona hans sigldu burt til Þýskalands 11. nóvember um haustið. Um brottför þeirra frá Djúpavogi hefur verið tekin saman frásögn, sem heitir „Draumaakkerið hans Halls í Berufirði“ og er hún hér á eftir.

Ingimundur og Margrete komu aftur til Íslands 1935 en þá var hættan á styrjöld farin að færast í aukana. Þau dvöldu einn vetur á Hálsi en fóru síðan til Hafnarfjarðar, þar sem Ingimundur gerðist bátasmiður og bjuggu þar til æviloka í húsi sem hét Fagrihvammur. Guðrún Stefánsdóttir dó um svipað leyti og Ingimundur bróðir hennar kom til landsins. Eftir lát hennar bjó Antoníus þar áfram í Hvarfi en loks kom að því að húsið var selt.

Eigendasaga Hvarfs er nokkuð óljós en meðal eigenda var Sigurður Albertsson. Eftir lát hans eignuðust Björg Stefa Sigurðardóttir og Jón Kr. Antoníusson húsið 2005. Núverandi eigandi hússins er Vilmundur Þorgrímsson. Hann býr í húsinu og er þar einnig með vinnustofu og gallerí. Staðurinn er mikið sóttur af ferðamönnum sem koma til Djúpavogs en sumarið 2014 komu þar um 20 þúsund manns að sögn Vilmundar.

## „Draumaakkerið hans Halls í Berufirði“

Eftirfarandi frásögn eftir Stefán Jónsson frá Steinaborg birtist í Sunnudagsblaði Tímans 5. apríl 1964:

„Þegar ég heyrir um drauma og það að berdreymi sé bara tilviljun ein, dettur mér í hug atburður sem varð fyrir 40 árum. Þar kemur við sögu vélbátur, sem hét Kári. Við bræðumir í Steinaborg áttum Kára í félagi við þá bræður í Fossgerði, Sólmundur og fleiri bræður. Stunduðum við á honum veiði aðallega með línu ef í góðviðri var. Í stórstraumum þá fórum við á hákarlaveiðar og lágum þá fyrir föstu. Krakinn, sem við lágum við var ekki nógu vel gerður til þess að halda á höfðu falli. Fór ég því inn að Berufirði 23. ágúst 1920 og það Guðmund Guðmundsson að smíða handa okkur nýjan kraka. Jámið sem notað var í krakann var hringur af siglutré af skonnortu, sem strandaði þar eystra upp úr miðri 19. öld og er það eina skipið, sem ég veit til að hafi strandað í Beruneshreppi. Erfitt reyndist að vinna járníð og var því komið undir kvöld, þegar akkerið var fullsmíðað. Smíðaði Hallur bróðir Guðmundar, en Guðmundur var í smíðjunni um daginn og lagði ráð til er honum sýndist þurfa. Þetta var um hásláttinn og mátti því láta sér til hugar koma að eitthvað myndi þetta kosta. En þegar ég spurði Guðmund svaraði hann því til að þetta mætti ekkert kosta, því Hall hefði dreymt nóttina áður, að þá um daginn myndi verða smíðaður þar í smíðjunni einhver sá hlutur er gæti orðið til að bjarga lífi nokkurra manna á mínum vegum áður en næstu jól gengju í garð. Þetta var sagt af slíkri þrúðmennsku, að auðheyr var að af sannfæringu var talað. Og enn sé ég í anda menn vinnandi smíðu og hugsandi um það fyrst og fremst að hvaða notum verk þeirra kæmi. Þeir kölluðu þetta greiðasemi og hirtu lítið um borgun. E.t.v. er ég hjátrúarfullur, en mér hefur oft fundist að allt sem gert væri af góðum hug kæmi að bestum notum.

Svo var um þetta akkeri það reyndist vel. Við fórum í síðasta róðurinn 8. október um haustið. Þann sama dag tókum við úr bátnum allt það sem heyrði til hákarlaveiða nema akkerið, það gleymdist. Það er í eina skiptið, sem ég hef orðið fyrir láni sökum gleymsku.

Við skiptum aðallega við Framtíðina á Djúpavogi. Elías Jónsson frá Seyðisfirði, nú kaupmaður í Reykjavík, var þar þá verslunarstjóri. Hann var kvæntur Guðlaugu Eiríksdóttur úr Hornafirði. Ég hef ekki hitt fyrir liprari verslunarmann en Elías og að sama skapi var kona hans alúðleg. Það var eins og andi góðvildar svífi þar yfir öllu innanhúss og utan. Elías lét okur flytja talsvert af vörum fyrir sig og var þar drýgst vinna sem við fengum við útskipun og uppskipun. Þann 11. nóvember fékk ég símskeyti frá Elíasi. Það hann mig að koma og flytja kjöt frá haustkaupþíðinni að skipshlið. Við Sólmundur í Fossgerði fórum þessa ferð tveir einir því Bjartmar bróðir minn og Sigurður Ívarsson á Djúpavogi, sem voru skipsfélagar okkar, voru fyrir nokkru farnir til Vestmannaeyja. Það var ákaflega fagurt þennan haustmorgun þegar við komum suður á fjörðinn.

Vorum við harla ánægðir með tilveruna, því allt sýndist svo auðvelt og létt. En hér fór eins og löngum vill verða, að oft vikur út af hugsaðri línu hins unga manns. Skipið sem átti að taka kjötið kom á sama tíma og við og lagðist á Gleðivíkina. Þetta var Villemoes, sem síðar nefndist Selfoss. Bátamir sem kjötið var látið á voru dregin til skiptist út að skipinu. Annar þeirra var gamall bátur, breiður og stöðugur, og búinn að þjóna staðnum um tugi ára. Hinn var fyrir skömmu kominn, sennilega norskur sildarbátur. Hann var kantsettur og einn þeirra báta, sem fengu orð fyrir að vera hleðsluvaltur. Hann var nefndur Hvalur.

Fjara var fyrir kl. 11 um morguninn og gekk fremur seint að koma kjöttunnunum út í bátana en að liðnu hádegi var sýnilegt að góðviðrinu var lokið. Vindur var af suðsuðaustan og fór þyngjandi. Fjórri farþegar höfðu beðið skips á Djúpavogi. Kl. 11:30 var komið rok og þar farið að brima. lét ég þá þau boð ganga að ég vildi koma farþegum strax á skipsfjöli, því svo kynni að fara að ferðimar yrðu ekki fleiri. Ekki varð af því að farþegarnir kæmu, en aftur á móti var allur farangur þeirra sendur til skips. Á sjötta tímanum var veður orðið svo vont eins og suðaustan veður geta orðið við Berufjörð. Þá átti að fara síðustu ferðina. Tuttugu tunnur voru komnar í Hvalinn og voru þar þrjú menn við vinnu, Guðmundur Þorsteinsson á Steinstöðum, Guðni Eiríksson á Borg á Djúpavogi og Kristján Eiríksson, lengi húsvörður

# HVARF - Víkurland 1

við Austurbæjarskólann í Reykjavík, kominn yfir áttætt. Farþegamir fjórir fóru einnig í bátinn til þeirra. Tveir þeirra voru hjón frá Þýskalandi. Maðurinn hét Ingimundur Stefánsson bróðir Sveins á Hálsi í Geithellnahreppi og átti þýska konu. Hafði hann starfað að því um sumarið að setja upp húsið Hvarf á Djúpavogi, sem hann kom með um vorið handa Guðrúnu systur sinni og (ráðs-)manni hennar Antoníusi Antoníusarsyni. Þá er að nefna unga konu smáa að vexti og hafði hún meðferðis tréftötu af þeirri gerð, sem lengi var notuð á sveitaheimilum, og var nú í henni blóm, sem þar hafði verið ræktað, þrýðisfallett og þroskamikið. Auðséð var að konunni var mjög umhugað um blómið. Sjálf var hún ung og veikluleg og var ekki gott að gera þar upp á milli hvort þessara tveggja blóma var síður tilbúið að leggja á sjóinn undir skuggalega skammdegisnót.

Allt gekk vel út að skipinu. Kaðall lá í bugt utan á skipshliðinni og við hann átti að binda bátinn, en hann losnaði áður en því væri lokið og rak hann þá undir eins aftur fyrir skipið. Ég lagði að honum og ætlaði að koma honum að aftur, en þá reyndist illmögulegt að draga hann móti veðrinu og lauk svo að krappinn rifnaði úr bátinum og fylgdi hluti af ástokknum með. Enn var lagt að bátinum og reynt að festa kaðal um frambóftuna, þar mátti átakið þó helst ekki koma, því enginn var stýrisbúnaður á bátinum og varð að stýra með ár. Lagði ég þá til að einnig yrði fest við fremri röngina. Þetta tók þó of langan tíma, því hver mínúta var dýrmæt.

Bátinn bar beint að Æðarsteinslandinu. Loks kom að því að bandið var fast og dró ég þá bátinn af stað eins gætilega og mér var unnt. Ég fann með sjálfum mér að bandið hefði í rauninni ekkert hald enda rak að því að þóftan losnaði úr bátinum. Rak hann enn flatan fyrir sjó og vindi og virtust horfur á að endalokin yrðu þau að hann færi á land þar sem nú er Æðarsteinsvitinn. Ég lét alla smurólú í sjóinn og við það stilltist hann heldur. Sólmundur losaði fáeina lóðabelgi frá rekkverkinu og kom með þá aftur í gang. Við ætluðum að losa um strengina og henda belgjunum til manna. Sannarlega fann ég á þessari stundu að ég var minni en ekki neitt. Var mér þá í þessari neyð lítið á „Draumaakkerið“ hans Halls í Beruförð. Það var eins og birti í huga mínum. Ég vatt mér án tafar að akkerinu og Sólmundur hjálpaði mér að festa tvo lóðabelgi við legginn á því. Setti ég svo á fulla ferð og renndi eins liðlega og mér var unnt fram með hinum sökkvandi báti. Bólfæri var fleygt til manna í honum og náðu þeir því í fyrstu tilraun. Síðan drógu þeir akkerið til sín og gekk það tiltölulega vel, því belgimír héldu því uppi. Ég mælti svo fyrir að festa akkerið undir krappann í afturskutnum. Þetta gerði Kristján Eiríksson af mestu lipurð. Eftir nokkrar mínútur vorum við famir að andæfa, en varlega varð að fara því mikill sjór var kominn í flutningsbátinn og allir famir að ausa með því sem hendi var næst. Litla konan var búin að henda blóminu sínu og farin að ausa með fótunni. Hún gerði áreiðanlega það sem hún gat. E.t.v. hefur þú sem lest þessar línur fundið hvað við erum lítil strá í hendi guðs þegar svona stendur á. Ég fann það þá og enn nýt ég sælu við að hugsa til þess hvað farsælega faðir lífs og ljóss stýrði öllu í Kára á þessari stundu. Þegar út að skipinu kom var kaðalkörfu rennt ofan í bátinn og í henni voru allir farþegarnir dregnir upp. Þá kom Jón Kristófersson niður í bátinn og ætlaði að flýta fyrir því að losa hann. En þegar fyrsta tunnan var komin í járn hvolfði flutningabáturinn öllu úr sér. Jón Kristófersson stókk þá upp á tunnuna og var dreginn upp á skipið með henni og var hún það eina sem náðist úr þessum bátsfami. Mennirnir um borð komust allir í kaðalstiga nema Guðni á Borg. Hann varð of seinn fyrir, en komst upp á síðuna á bátinum og náði þannig í stigann. Þannig var þægt frá slysi þótt þunglega horfði.“

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er einfalt bárujárnsklætt timburhús með lágu risi á hlöðnum kjallara. Steypt hefur verið í kjallaraveggi og gólf til að vinna gegn leka og framskríði hússins og er það með því móti fest niður. Inngangur er á hæðina frá norðvestri en í kjallara frá suðaustri. Stigi er úr kjallara upp á hæðina. Suðaustan við húsið er garðsvæði þar sem núverandi eigandi er með vinnuáðstöðu og í kjallara. Húsið er nokkuð illa farið m.a. vegna sigs og þarfnast mikillar viðgerðar. Saga þess er hinsvegar einstök og gefur það húsinu aukið gildi.



Núverandi ástand - Suðausturhlíð

## VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	Einfalt hús
Menningarsaga	Mikil
Umhverfisgildi	Töluvert
Upprunaleiki	Enn lesanlegur
Ástand	Lélegt
Varðveislugildi	Mikið vegna sögu sinnar

**Niðurstaða varðveislumats: Einstakt hús, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)**

SKRÁNING HÚSA / þéttbýli

## HÚSIN SUÐVESTAN VOGS

Djúpavogskirkja Gamla  
Hraun  
Sólhóll  
Dalir  
Hlíð

# DJÚPAVOGSKIRKJA GAMLA - Steinar 1A


byggingarár: 1893 byggingarefni: timbur stærð og núv. notkun: óvss / afhelguð kirkja verndunarf.: blár



Teikning eftir Jón Helgason biskup af elstu gerð kirkjunnar



Mynd frá 2013



Afstöðumynd 1:5000

## STAÐHÆTTIR

Fyrsti elgandi húss: Djúpavogshreppur  
Hönnuður / smiður: Lúdvík Jónsson snikkari

Upphafleg notkun: Kirkja

Upphafleg gerð húss:

Tegund	Timburhús
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðin
Útlit	Ein hæð með bröttu risi og mænisþaki yfir miðju húsi og litlum klukkuturni

Helstu breytingar:

1897	Jámpak sett á húsið
1940	Fjarlægðir 2 þverbitar og bogi yfir kór. Settir nýir bogagluggar með lituðu gleri og koparklukka í turninn.
1953 - 1954	Kór og forkirkja reist við kirkjuna, veggir forskalaðir að utan og hlaðinn grjótrunnur steinlimdur. Forni loftklæðningar yfir kirkjuskípinu breytt.
1964	Neon-ljósakross settur á kirkjuturninn.
1968	Skípti um járn á þaki kirkjunnar.
1982 - 1987	Fram kemur í skýrslu til húsameistara ríkisins frá Trausta Péturssyni sóknarpresti, að einangra þurfi kirkjuna og klæða að utan. Verki lokið 5 árum síðar. Jafnframt var steypt utan á sökklana og sett ný útihurð.
2008	Kirkjan mæld upp og teiknuð af Guðmundi Gunnarssyni, Gunnþóru Guðmundsdóttur arkitektum og Michael Blikdal Erichsen arkitektenema.
2010-2012	Úttekt á húsi og teikningar af endurgerð kirkjunnar unnar af TGJ.

Kirkjan stendur á sléttri flöt suðaustan við Búland, sem er meginaðkomuleiðin á Djúpavog. Í næsta nágrenni stendur gamli læknisbústaðurinn Dalir, og handan götunnar undir klettunum annað merkilegt hús Sólhóll. Umhverfið er hlýlegt en þarfnast fegrunar og aðhlyningar. Dalir, Sólhóll og kirkjan framkalla forvitnilegt rof í götumynd Búlands og gefa fyrirheit um það sem við tekur þegar byggðin við Voginn birtist skömmu síðar.

Mynd, sem tekin er af kirkjunni á tímabilinu 1940-'53



Heimildir: Kart: TGJ 2013 - Ljósmyndir: Teikning eftir Jón Helgason, biskup / T.h. uppi (ljósm.: PJL) / Mynd niðri.: Af vef Djuv.hrepps - Texti: TGJ stuðst við ljósmyndir og úttekt TGJ á kirkjunni frá 2010 afl.

# DJÚPAVOGSKIRKJA GAMLA - Steinar 1A



Myndir frá 2010

## SAGA




Djúpavogskirkja gamla var reist árið 1893. Hún kom í stað Hálskirkju sem fauk í marsmánuði 1892, en þangað áttu íbúarnir í þorpinu áður kirkjusókn.

Í visitasíu frá 1895 er kirkjunni lýst svo: „Lengd 12 álnir að utanmáli, 11 álnir og 10 þumlungar að innan. Breidd 9 3/4 að utan, 9 álnir að innan. Hæð í mæni fullar 9 álnir, stoðir 4 álnir óá lengd og 5 þumlungar á kant. Ytri klæðning er úr 5/4 þumlunga borðum, en innri klæðning úr 3/4 þykkum strikuðum borðum. Gluggar eru 4, tveir á hvorri hlið, 1 alin og 2 þumlungar á hæð og 1 alin og 8 þumlungar á breidd, fyrir þeim eru öruggir hlerar. Í framkirkjunni eru 11 bekkir og í kórnum bekkir að framan og í kring að altari og tveir lausabekkir, í kórdrum súlur með boga. Bitar eru 7, klæddir og sperrur jafn margar einnig aurstokkar og fótstycki, allt með sama gildleika og áður er sagt.

Predikunarstóll er 2 1/2 alin á hæð frá gólfi, á fæti, sexstrendur og stendur við suðurhlið fram við kór. Altarið er á upphækkuðum palli og er 1 1/2 alin á hæð og eins á breidd með tveim hillum og vængjahurðum. Fyrir dyrum er traust vængjahurð með góðri skrá. Turninn er 4 1/2 alin á hæð

frá mæni. Þakið er úr 1 1/4 þumlunga þykkum borðum lagt bikuðum pappa og hrygglistar yfir. Vindskeiðar tvöfaldar. Kirkjan er tvímáluð utan og innan“.

Þegar ný kirkja á Djúpavogi var vígð 1996 var gamla kirkjan tekin úr notkun. Frá þeim tíma hafa þó verið haldnir fundir og ýmsar sýningar. Árið 2010 var hafist handa við endurgerð kirkjunnar sem enn stendur yfir og annast TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur þá framkvæmd. Núverandi eigandi kirkjunnar er Djúpavogshreppur.



## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Kirkjan er í hefðbundnum íslenskum timburkirkjustíl. Upphaflega var hún á einni hæð, timburklædd á hlöðnum sökklum með tumi en án forkirkju og kórs. Miklar breytingar hafa í gegnum tíðina verið gerðar á kirkjunni. Í meginráttum felast þær í að forkirkju og kór var bætt við kirkjuna, hún forsköluð að utan, síðar einangruð og klædd trapísulaga stálklæðningu. Steypt var utan á hlaðna sökklum og neonkross settur á tum. Breytingar þessar hafa rýrt heildarsvip kirkjunnar verulega. Nú standa yfir viðamiklar endurbætur á kirkjunni að utan sem innan, sem styrkja munu heildarsvip hennar.

# DJÚPAVOGSKIRKJA GAMLA - Steinar 1A



Myndir frá 2014 - Búið er að fjartægja loftklæðningu



Kirkjukórinn mynd frá 2010

Myndir af sönglofti og kór frá 2010



## VARÐVEISLUMAT

- Byggingarlist** Hefðbundinn íslenskur timburkirkjustíll
- Menningarsaga** Mikið - sökum gerðar, aldurs og sögu
- Umhverfisgildi** Mikið - kirkjan er með elstu byggingum á Djúpavogi og sómir sér vel í umhverfinu
- Upprunaleiki** Nokkur - viðbyggingar og viðgerðir í gegnum tíðina hafa fært hana frá upprunanum. Nú er unnið að viðamikilli viðgerð og endurbótum, þar sem t.a.m. verður gert við upprunalega timburklæðningu að utan sem færa mun kirkjuna nær fyrra horfi
- Ástand** Hrörlegt - með viðgerð og endurgerð mun heildarsvipur kirkjunnar styrkjast og ásýnd færast nær upprunalegu svipmóti
- Varðveislugildi** Mikið - sökum aldurs, staðsetningar og hlutverks
- Niðurstaða varðveislumats:** Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og varðveitt í bláum flokki



# HRAUN - Hrauni 5


byggingarár: 1888 (1883 fm) byggingarefni: timbur stærð og notkun: 131,0m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarl.: blár



Húsið í upphaflegri mynd



Norðausturhlíð - Núverandi útlit húss



Afstöðumynd 1:5000

## STAÐHÆTTIR

Fyrsti eigandi húss: Lúðvík Jónsson, snikkari  
Hönnuður / smíður: Lúðvík Jónsson

Upphafleg notkun: íbúðarhús

Húsið stendur á hlýlegum stað nokkuð sunnan við Kaupstaðarklifið í góðu skjóli fyrir norðanáttinni. Þaðan sést niður á Voginn og til hafs. Húsið er eitt af elstu húsum á Djúpavogi. Á gömlum myndum af Hrauni má greina byggingar bak við íbúðarhúsið og afgirtan garð. Mögulega er hér um að ræða gripahús og kálgarð, sem tilheyrir hafa Hrauni.

Djúplvogur uppúr 1940: 1 Hraun, 2 Kaupstaðarkambur, 3 Langabúð, 4 Trítón, 5 Gamli skólinn, 6 Geyslr, 7 Ekra, 8 Framtíð

### Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Timbur
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak (hátt ris)
<b>Þakklæðning</b>	Timburspónn
<b>Undirstaða</b>	Kjallari, hlaðinn úr grjóti
<b>Útlit</b>	Kjallari, ein hæð, portbyggt ris, mænisþak, mæni yfir miðju húsi, útitróppur og reykháfur

### Helstu breytingar:

- <1940 Trétrappa fjarlægð, steipt utan um húsið og 2 skúrar byggðir við það úr timbri og gluggambúnaði breytt.
- Um 1980 Skúr endurbyggður og breytingar gerðar á frágangi þaks, gluggum breytt.



heimildir: Kart: TGI 2013 / Ljósmyndir: Efst.t.v. (ljósm.: ókunnur): Úr "Djúpvogur 400 ár við Voginn" e. Ingimar Sveinsson / E.th. (ljósm.: PJJ) / Neðst: Úr safni Nöfnu Þorhallsdóttur á ver Djv.hrepps. - Texti: TGI stuðst við ljósmyndir og upplýsingar frá Ingimar Sveinssyni o.fl.

# HRAUN - Hrauni 5



Innanhúsmýndir 2014 - Dæmi um tréverk og líti:  
Mynd t.v.: Burðarbiti og panelskápur  
Mynd t.h.: Burðarbitar í Eldhúslöft



Lúðvík Jónsson, snikkari



Suðaustur gafi - Núverandi útliti

Hraun - Mynd frá 1940



## SAGA

Lúðvík Jónsson snikkari, byggði húsið 1888 og bjó þar um skeið með sínu fólki. Um aldamótin 1900 bjó í húsinu Páll H. Gíslason verslunamaður, og fjölskylda hans en 1905 flytur sóknarpresturinn, séra Jón Finnsson frá Hofi í Álftafirði til Djúpavogs og sest að í Hrauni. Bjuggu Jón og fjölskylda hans í húsinu til 1931 en þá eignuðust Gísli Guðmundsson og Ingibjörg Eyjólfsdóttir húsið. Ráku þau hjón símtöð í því um árabíl. Árið 1976 komst húsið í eigu Búlandshrepps og hýsti það hreppsskrifstofu til 1993 uns það var selt hjónunum Jóni Kr. Antoníusssyni og Björgu Stefu Sigurðardóttur. Þau eru núverandi eigendur þess og búa í því. Þar í mörg ár og önnuðust símtöð á Djúpavogi, sem staðsett var í litlu dyraskýli á suðurhlíð hússins. Eftir lát Gísla bjó Ingibjörg lengi í Hrauni. Búlandshreppur keypti af henni húsið 1976. Var húsið um skeið notað sem skrifstofa sveitarstjórnar. Jón Kr. Antoníusson og Björg Stefa Sigurðardóttir keyptu húsið 1993 og búa í því.

# HRAUN - Hrauni 5

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er í dönskum stíl. Einnar hæðar timburhús með portbyggðu risi á hlöðnum kjallara. Upprunalega var tréklæðning utan á útveggjum, fagskiptir gluggar og tréspónn á þaki. Vegna símstöðvarinnar sem rekin var í húsinu, lét Gísli Guðmundsson reisa skúr við innganginn sem nýttur var í þeim tilgangi. Þar sat fólk og talaði í símann og var afgreitt í gegn um lúgu, en skiptiborðið sjálft var inni í stofu. Byggður var annar skúr, aftan við húsið, sem notaður var sem aðalinnangangur fyrir heimamenn og gesti. Jafnframt lét Gísli steypa 20 cm hjúp utan um allt húsið, steyp var utan á kjallaraveggi og alveg upp í rjáfur.

Bárujárn var sett á þak hússins ofan á þakspóninn. Talið að skúramir hafi verið reistir um svipað leyti og steyp var utan á húsið. Þegar Búlandshreppur keypti Hraun var steypan orðin illa útlítandi og fóru fram viðgerðir á húsinu ásamt því sem þakgerð og gluggum var breytt umtalsvert.

Húsið er gjörbreytt frá upprunalegu útliti. Báðir skúramir standa enn og hafa þeir verið endurbyggðir og fengið nýtt hlutverk. Forstofa er í þeim er að götu snýr, en í hinum er bað og þvottahús. Núverandi eigendur hafa hugsað vel um húsið og halda því vel við. Æskilegt er að húsið verði mælt upp og það rannsakað nánar.



Efri mynd : Frá 1975  
Neðri mynd: Frá 1982




## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Danskur stíll
<b>Menningarsaga</b>	Mikil - sem eitt af elstu húsunum á Djúpavogi og hannað og byggt af Lúðvíki Jónssyni
<b>Umhverfisgildi</b>	Mikið - er í tignarlegu umhverfi og nýtur góðs af því
<b>Upprunaleiki</b>	Lítill - ásýnd hefur gjörbreytst frá upphaflegri gerð
<b>Ástand</b>	Snyrtilegt
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið - vegna uppruna, aldurs og sögu

Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki

# SÓLHÓLL - Hraun 1


byggingarár: 1930 byggingarefni: timbur stærð og núv. notkun: 214.6m<sup>2</sup> / íbúð verndunarfl.: rauður



Húsið í upphaflegri mynd



Suðvestur gaff og suðausturhlíð - Núverandi útlit húss



Afstöðumynd 1:5000

## STAÐHÆTTIR

Fyrstu eigendur húss: Jón Sigurðsson og Sigurbjörg Lúðvíksdóttir

Hönnuður / smlöur:  
Ólafur Eiríksson frá Hvalnesi og  
Guðlaugur Stefánsson frá Hamri

Upphafleg notkun: íbúðarhús

Í heftinu „Saga Sólhóls á Djúpavogi“ segir eftirfarandi: „Húsið Sólhóll stendur á háum hól, eins og listaverk með samnefnda kletta og skot í bakgrunni. Í dag er það eitt eftirlætis myndefni ferðafólks sem sækir heim hinn sögumerka verslunarstað Djúpavog við Berufjörð.“

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timbur, stafverk
<b>Klæðning</b>	Bárujárn
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárn
<b>Undirstaða</b>	Steinsteyptar
<b>Útlit</b>	Tvær hæðir og port, kvistir, kjallari, inngönguskúr, útskot og útitróppur

## Helstu breytingar:

Húsið hefur verið gert upp í takt við uppruna sinn. Inngönguskúr hefur þó fengið á sig nýja mynd og svalir hafa verið settar ofan á inngönguskúrinn. Nýtt járn hefur verið sett á þak og veggi og gluggar og tréverk endurnýjað.



Heimildir: Ljósmyndir: (ljósm. P.JL)

Texti: TGJ stuðst við ljósmyndir og texta og tilvitnanir úr: „Saga Sólhóls á Djúpavogi“ tekin saman af Må Karlssyni

# SÓLHÓLL - Hraun 1



Innanhússmyndir teknar 2014



"Sólhóll. Lúðvík Jónsson snikkari byggði húsið, sennilega laust fyrir 1880 (að sögn kunnugra var það talið 50 ára gamalt þegar það var rífið 1928 eða '29 og nýtt hús reist í þess stað)

".Heimild: Djúpvogur - 400 ár við Voginn / höf.: Ingimar Sveinsson



Húsið áður en gerðar voru endurbætur á því



## SAGA

Árið 1929 var byrjað að taka fyrir grunni Sólhóls á Sólhólsbalanum, spólkorn austan við gamla Sólhólshúsið sem Lúðvík Jónsson snikkari byggði árið 1880. Nýja húsið var að mestu byggt 1930 og við byggingu þess var ýmislegt nýtilegt s.s. allt bárujárn, fengið úr hinu gamla sem var rífið um svipað leyti. Yfirmsiður var Ólafur Eiríksson frá Hvalnesi og með honum Guðlaugur Stefánsson frá Hamri sem var listasmiður. Vinnuskilyrði voru frekar fomaldarleg á þessum slóðum en menn úrræðagóðir og yfirunnu alla erfiðleika. Til er ítarleg samantekt um vinnulag og aðferðir við bygginguna og sömuleiðis um ábúendur hússins, í gegnum tíðina, í heftinu „Saga Sólhóls á Djúpavogi“ eftir Má Karlsson. Húsið hefur ætíð verið nýtt sem íbúðarhús en á tímabilinu 1936-1961 var það, eða hlutar þess, leigð út til aðkomumanna til lengri eða skemmri tíma. Má þar nefna séra Pétur Tyrping Oddsson, prest og Guðmund Pálsson, skólastjóra. Þá var rekin bókabúð í kjallara hússins í nokkur ár frá 1943.

Árið 2000 eignuðust hjónin Steinunn Björg Helgadóttir og Þór Vigfússon húsið, en það var þá orðið mjög hrörlegt og þarfnáðist endurbóta. Strax eftir að nýir eigendur tóku við húseigninni, hófust þeir handa við endurbyggingu bæði að utan og innan og er endurreisn þess til fyrirmyndar. Þór hefur stjórnað verkinu með ráðgjöf frá Birni Björgvinsyni byggingarmeistara frá Breiðdalsvík.

# SÓLHÓLL - Hraun 1



Norðvesturhlíð fyrir og eftir breytingu



Suðausturhlíð - Núverandi útlit

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er í skrautstíl, tveggja hæða timburhús á steiptum kjallara með útskoti með kvisti á austurhlíð og inngönguskúr og kvisti á vesturhlíð. Á eldri myndum má sjá að inngangströppur hafa verið við útskotið en þær hafa vikið fyrir svölum á sama stað síðar. Inngönguskúr á bakhlið var endurreistur árið 2010. Húsið hefur alfarið verið endurgert í sem næst upprunalegum stíl. Gert er ráð fyrir að fyrrnefndar tröppur, sem upprunalega voru við útskotið verði endurgerðar á sama stað. Nýjar klæðningar á þaki og útveggjum hafa verið settar ásamt nýjum gluggum, tréverki og frágangi á þakskeggi og annarri vinnu tengdri klæðningu hússins. Húsið er í mjög góðu ástandi.

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Húsið er hér flokkað undir skrautstíl
<b>Menningarsaga</b>	Húsið á sér merka sögu mannlífs og athafna
<b>Umhverfisgildi</b>	Hér er á ferð afar sérstakt hús í stórbrotnu umhverfi
<b>Upprunaleiki</b>	Húsið hefur að langmestu leyti verið gert upp í upprunalegri mynd
<b>Ástand</b>	Mjög gott
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið

**Niðurstaða varðveislumats: Einstakt hús, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)**

# DALIR - Steinar 3


byggingarár: 1932 byggingarefni: timbur stærð og núv. notkun: 186,5m<sup>2</sup> / íbúarhús verndunarfll.: rauður



Elsta mynd, sem fundist hefur af húsinu. Hún er tekin milli 1940- '53



Norðvestur gaff - Núverandi útlit húss



Afstöðumynd 1:5000

Fyrstu eigendur húss:  
Ingólfur Gíslason, læknir  
Hönnuður / smíður: Húsið kom tilhöggvið frá Noregi / Hóseas Björnsson, yfirsmíður

Upphafleg notkun:  
Læknisbústaður og vinnustofa læknis

## STAÐHÆTTIR


Húsið er reist spólkorn suðaustan við gömlu kirkjuna. Lóðin er nokkuð berangursleg á þrjá vegu, en afmarkast að austan af smá klettarana. Húsið stendur við götuna Steina og þaðan er ekið að húsinu. Á milli lóðar hússins, Djúpavogskirkju gömlu og lóðar Steina 1 er göngustígur. Hann veitir einnig aðkomu að lóðinni.

## Upphafleg gerð húss:

Tegund	Timburhús
Klæðning	Bárujám
Þakgerð	Gafisneitt risþak
Þakklæðning	Bárujám
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Ein hæð, ris með kvisti og kjallara að hluta

## Helstu breytingar:


- 1954-1964 Breytingar eru gerðar á húsinu, mest innanhúss. Þó er skúr við norðausturvegg hússins að líkindum nýinn og vatnssalemi kemur í húsið.
- 1990 Nýir (einfaldari) gluggar settir í húsið og gluggaumbúnaði breytt. Múrað upp í kjallarainngang á norðausturhlíð. Bárujárnsklæðning á veggjum endurnýjuð og látin þekja gluggafalda. Skipt um bárujámá þaki.
- 2006 - 2010 Strompur lagfærður (múraður) og þakið klætt stallaðri málmklæðningu með innbrenndum lit. Þakrennur koma á húsið og þakniðurföll. Inngönguskúr á bakhlíð endurgerður.



Myndin er tekin á tímabilinu 1940 - '53


# DALIR - Steinar 3

Herbergjaskípan í húsinu í upphafi þegar Ingólfur Gíslason læknir bjó og starfaði í húsinu skv. teikninguM eftir son hans Theódór Ingólfsson. Ingólfur festi kaup á vindmyllu, sennilega árið 1939, sem sett var upp á lóðinni og framleiddi rafmagn fyrir húsið. Rafgeymunum 20 að tölu var komið fyrir á hálöfti hússins. Heimild: Th.L.



## RISHÆÐ:

- 1 Svefnherbergi
- 2 Sjúkrastofa
- 3 Geymsla
- 4 Herbergi
- 5 Herbergi
- 6 Stigaop
- 7 Oplof rými



## NEDRI HÆÐ:

- 1 Skrifstofa
- 2 Stofa
- 3 Stofa
- 4 Smíðastofa
- 5 Eldhús m. búri
- 6 Trappa upp og niður úr kj.
- 7 Apótek
- 8 Inngangur í hús
- 9 Gangur
- 10 Geymsla
- 11 Kamar

## KJALLARI:

Í kjallara var kynding, þvottahús og geymsla



Dalir - Mynd frá um 1975 - '80

Suðvesturhlíð - Núverandi útlit



## SAGA

Húsið var flutt inn tilhöggvið frá Noregi og reist 1932. Yfirmiður var Hóseas Björnsson frá Höskuldsstöðum í Breiðdal. Ingólfur Gíslason læknir var byggjandinn og eigandi hússins, sem var læknissetur fram undir 1960 þegar nýr læknisbústaður reis á Djúpavogi. Árið 1962 keypti Már Karlsson Dali. Ingibjörg Antoníusardóttir og Guðmundur Hjálmarsson frá Runná keyptu svo húsið 1971. Gerði Guðmundur teikningar að endurbótum á húsinu, sem hann hugðist framkvæma en ekkert varð úr því hann lést 1972 áður en fjölskyldan flutti í Dali. Ingibjörg og börnin hennar tíu héldu þó sínu striki og fluttu í húsið sama ár. Árið 1989 eða 1990 seldi Ingibjörg Einari Sigurðssyni frá Aski húsið og bjó Einar í Dölum ásamt konu sinni Hayley Brown og börnum þeirra. Þau fluttu síðar til Nýja Sjálands og leigðu þá húsið út. Árið 2000 keyptu Unnur Malmquist Jónsdóttir og Pálmi Fannar Smáráson húsið af Einari og hafa þau búið þar síðan og gert því ýmislegt til góða. Þess má geta að Unnur er barnabarn Ingibjargar og Guðmundar fyrrum eiganda hússins.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið eins og áður er komið fram, er innflutt norskt timburhús, á steiptum undirstöðum og kjallara að hluta. Húsið hefur frá upphafi verið ein hæð með bröttu rispaki og mæni yfir miðju



## DALIR - Steinar 3



Norðausturhlið - Núverandi útlit



Suðaustur gafl - Núverandi útlit

húsi, sem færður er inn á þakið við húsgaflana. Smá portbyggð útbygging (framhleypa eða „karnap“) með mænispaki er á suðvesturhlið hússins og nær sá mænir svo til upp í sömu hæð og mænir hússins sjálfs.

Um upphaflega herbergjaskipan, sem hér verður sagt frá, er stuðst við lýsingu Theódórs Ingólfssonar, sonar Ingólfs Gíslasonar læknis, sem var fyrsti eigandi hússins: „Tveir inngangar voru í húsið á sittthvorum gaflum - reyndar hef ég ekki séð mynd af hurð á norðvesturgafli á myndum sem teknar eru fyrir 1953. Inngangurinn á suðausturgafli veitti aðgang að skrifstofu læknis, apóteki, stiga upp á loft, niður í kjallara og eldhúsi. Úr eldhúsi var hægt að komast út í gang, en þaðan var aðkoma að kaldri geymslu og kamri. Síðastnefndu vistarverurnar voru í skúr, sem var áfastur norðausturhlið hússins. Stofa með „karnap“ var næst skrifstofu læknis og vestast önnur stofa, sem var með glugga bæði til suðvesturs og norðvesturs. Innangengt var milli þessara stofa. Aftan við þessar stofur meðfram norðausturvegg hússins var geymsla, búr og smíðaherbergi fjærst, næst norðvesturgafli hússins.“ Útidyrhúð á norðvesturgafli var hinsvegar að sögn Theódórs aldrei notuð og á mynd sem tekin var á tímabilinu 1940 - 1953 sést hún ekki. Þá segir ennfremur í lýsingu Theódórs: „Í risi var sjúkrastofa við norðvesturgafli með stórum glugga og við hlið hennar geymsla fyrir rafmagn. Stórt svefnherbergi með kvisti á suðvesturhlið og tvö herbergi yfir skrifstofu, gangi og apóteki. Umhverfis stigann var síðan nokkuð stórt rými með þakglugga. Þaðan var gengið inn í allar vistarverur í risinu.“ Ýmsu hefur verið breytt er varðar útlit hússins í árunna rás og hefur það verið aðlagð þeirri starfsemi, sem þar hefur farið fram. Hafa þær breytingar verið gerðar af alúð og vilja til að gera vel. Ekkert af því sem gert hefur verið dregur úr möguleikum á því að húsið geti verið fært í sitt upprunalega útlit eða því sem næst ef svo bæri undir. Núverandi ástand hússins er gott.



Norðvestur gafl og suðurvestur hlið - Núverandi útlit

### VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Norskur stíll
<b>Menningarsaga</b>	Töluverð sem embættisbústaður og læknastofa
<b>Umhverfisgildi</b>	Mikið - vegna nágrennis við kirkjuna, en nærumhverfi nokkuð berangurslegt
<b>Upprunaleiki</b>	Töluverður - form upprunalegt og gluggasetning að mestu leyti
<b>Ástand</b>	Got t- en gæti orðið betra ef t.d. fög væru sett í glugga og umbúnaður í kringum glugga yrði bættur
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið

**Niðurstaða varðveislumats: Einstak hús, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (í rauðum flokki)**

# HLÍÐ - Hlíð 3


byggingarár: 1907-'24 byggingarefni: timbur stærð og núv. notkun: 94,1m<sup>2</sup> / íbúðarhús (ekki í notkun) verndunarf.: blár



Húsið fullbyggt - Mynd frá 1937



Núverandi ástand



Afstöðumynd 1:5000

## STADHÆTTIR

Fyrstu eigendur húss:  
Guðjón Eyjólfsson, sjómáður og  
Guðrún Aradóttir, ljósmóðir  
Hönnuður / smíður:  
Óþekktur / Guðjón Eyjólfsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Húsið stendur vestarlega í þéttbýlinu, í hlíð sem hallar til suðausturs. Umhverfið er hlýlegt og mikið útsýni er frá húsinu frá norðaustri til og suðvesturs.

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Bárújám, pappklæðning á bakhlíð
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak, mænir fyrir miðju húsi
<b>Þakklæðning</b>	Bárújám
<b>Undirstöður</b>	Hlaðnar úr grjóti
<b>Útlit</b>	Tvær hæðir, kjallari (undir hluta húss) og útskot.

## Helstu breytingar:

1937	Hluti hússins rifinn og byggingarefni nýtt í Framnes. Steypt utanum hlaðinn sökkul.
1950	Geymsluskúr reistur við gaffl hússins.





Núverandi ástand - innahúsmyndir - Niðri



Fyrirverandi Hlíð - Gamla Hlíð, húsið á klettinum, stóð ofar



Sigurbjörg og Eyjólfur í Hlíð, foreldrar Guðjóns

## SAGA

Hjónin Guðrún Aradóttir ljósmóðir frá Fagurhólsmýri og Guðjón Eyjólfsson sjómaður byggðu húsið 1907. Í húsinu bjuggu auk þeirra foreldrar Guðjóns, Sigurbjörg og Eyjólfur, systur Guðjóns, bróðir hans og fjölskyldur þeirra. Þá eignuðust Guðrún og Guðjón fjögur börn á tímabilinu 1926-1930. Þar sem nokkur þröng var á þingi, hófst Guðjón 1936 handa við að byggja hús á jörðinni Framnesi í Berufirði og lauk því verki ári síðar. Þangað flutti hann ásamt konu sinni og börnunum fjórum, en annað heimilisfólk bjó áfram í Hlíð. Þrátt fyrir þessa skipan mála breyttist eignarhald á húsinu ekki, fyrr en við fráfall þeirra hjóna. Húsið var þá í eigu afkomenda þeirra, allt til 2007 þegar núverandi eigandi þess, Kristín Albertsdóttir keypti það.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er í fábrotnum alþýðustíl, jámklætt timburhús á tveimur hæðum og að sögn með pappklæðningu á bakhlið. Húsið var byggt í tveimur áföngum og 1924 var lokið við húsið í fullri stærð. Hafði það þá verið lengt til suðvesturs og var fullbyggt með framhlið sem á voru þrjár gluggar á hvorri hæð en aðalinngangur var á bakhlið. Gluggar voru krossgluggar með fjórum

# HLÍÐ - Hlíð 3



Núverandi ástand - austurhlíð og norðurhlíð f. neðan



Vesturhlíð

fögum hver gluggi, en einn gluggi á framhlíð var með sex fögum. Allir voru gluggarnir með fögum og hefðbundnum gluggaumbúnaði. Húsið var reist á hlöðnum grunni og kjallari var undir fyrri áfanga þess. Var hann notaður fyrir geymslu á mat, nokkurs konar búrkjallari. Utangengt var í hann að framanverðu og er enn.

Fljótlega var geymsluskúr byggður aftan við hluta af norðvesturhlíð hússins og gekk hann lengra til suðvesturs en sjálf hlíð. Skúrin var ein hæð með þaki sem hallaði frá húsinu. Við byggingu Framness 1936 var erfitt að útvega byggingarefni og brá Guðjón á það ráð að rífa hluta af Hlíð til þess að geta byggt húsið í Framnesi. Eftir stóð nyrðri hluti hússins. Einnar hæðar skúrbygging bættist svo við húsagflinn 1950 og hana byggði Ragnar Eyjólfsson bróðir Guðjóns.

Við skoðun á húsinu kom í ljós að flest gluggafög og faldar hafa verið birgðir. Kvistur hefur verið settur á bakhlíð. Þá er búið að steypa utan á grunnhleðslur. Húsið er ekki í notkun og er ástand þess orðið lélegt bæði að utan og innan, og það þarfnast gagngerrar endurgerðar. Mælt er með að það verði gert upp og sérkenni þess og það yfirbragð sem sagan hefur mótað það í verði haldið til haga.

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþýðustíll
<b>Meningarsaga</b>	Mikil - húsið er hluti af byggingarstíl og sögu Djúpavogs - sjá einnig Framnes
<b>Umhverfisgildi</b>	Töluvert - minjar um gamalt byggingarlag
<b>Upprunaleiki</b>	Nokkur - hluti hússins hefur verið rifinn
<b>Ástand</b>	Lélegt
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið - sem hluti af gamalli austfirskri húsasögu og byggingarlag

Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki

SKRÁNING HÚSA / dreifbýli

ÁLFTAFJÖRÐUR

Hofskirkja  
Rannveigarstaðir

# HOFSKIRKJA - Álftafirði


byggingarár: 1896 byggingarefni: timbur stærð og notkun: 48.5m<sup>2</sup> / kirkja verndurnarf. : blár



Hofskirkja 1918 - blýantsteikning eftir Jón Helgason biskup



Núverandi ástand - Suðurhlíð



Afstöðumynd 1:1500

Fyrsti eigandi húss: Sóknin  
Hönnuður / smíður: Lúðvík Jónsson snikkari

Upphafleg notkun: Kirkja

## STAÐHÆTTIR

Kirkjustaðurinn Hof stendur um 5 km frá botni Álftafjarðar á sléttum grundum norðan Hofsár og er staðarlegt heim að líta. Hringvegur er um Hofshólma og aðkomuvegur þaðan að Hofi. Upp af rís Staðarfjall með Goðatindi, sléttum að ofan sem títt er um Goðaborgir eystra. Benda örnefni hér til foms átrúnaðar áður en Þangbrandur kristnið lagði skipi sínu við Þangbrandsbryggju upp af Leiruvogi sem nú er löngu fylltur af framburði Hofsár. Á Hofi er kirkjugarður umhverfis

## Upphafleg gerð húss:

Tegund	Timburhús
Klæðning	Timbur – plægð borð
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Bárujám
Undirstaða	Hlaðin
Útlit	Ein hæð, kirkjuskip með bröttu mænispaki og kirkjuturni

## Helstu breytingar:

1907	Gaflar klæddir bárujárni
1929	Þakturn rifinn, forkirkja reist og forkirkjuturn
1954	Veggir múrhúðaðir, tum hækkaður og tumþaki breytt
1955	Kirkjan skrautmáluð að innan af Jóni og Grétu Björnsson
1969	Múrhúðun brotin af og veggir klæddir bárujárni. Nýir breyttir gluggar settir í kirkjuna og veggir klæddir plötum að innan.



# HOFSKIRKJA - Álftafirði



Efri mynd: Kirkjugestir á hlaðinu - ártal óvíst

Neðri mynd: Hér sést kirkjan í upprunalegri gerð ásamt gamla prestbústaðnum (nú horfinn) - ártal óvíst



Hér sést að bogagluggar hafa verið um tíma í kirkjunni - ártal óvíst

## SAGA

Hof í Álftafirði er landnámsjörð. Í Landnámu segir frá þegar Böðvar hvíti Þorleifsson og Brandönundur Jónsson, frændi hans, fóru vors til Íslands og komu í Álftafjörð hinn syðri. Böðvar nam land út frá Leiruvogi, dali þá alla er þar liggja og út öðrum megin til Múla og bjó að Hofi. Hann reisti þar hof mikið. Þorsteinn Trumbubein hét frændi Böðvars hins Hvíta og fór með honum til Íslands. Hann nam land fyrir utan Leiruvog til Hvalnesskriða.

Ýmsir afkomendur Böðvars urðu nafntogaðir og fóru lengi með goðorð Hofverja. Þorsteinn Böðvarsson tók við goðorði föður síns. Hans sonur var Síðu-Hallur. Þorsteinn Síðu-Hallsson bjó á Hofi. Elsta barn Þorsteins Síðu-Hallssonar hét Guðriður, móðir Jóreiðar, er átti Þorgils Gellisson. Þeirra sonur var Ari Fróði. Árið 1765 var farið að sameina prestaköll á svæðinu. Þá var þvottársókn lögð til Hofssóknar. Prestakallið var síðan stækkað þegar Hálssókn bættist við 1816. Árið 1907 voru Berufjarðar- og Berunessókn einnig sameinaðar Hofssókn.

Nokkrum árum fyrr eða 1896 var núverandi Hofskirkja byggð. Hönnuður og forsmiður hennar var Lúðvík Jónsson snikkari á Djúpavogi, sá hinn sami og reisti Djúpavogskirkju nokkru fyrr.

# HOFSKIRKJA - Álftafirði



Séð fram kirkju. Þekkimir eru jafngamlir kirkjunni. Milligerð milli kórs og kirkju er með hálfþili og kórdrýr með háum dyrastöfum og bogadreginni drótt. Skrautmálning á súð er frá 1955. - Myndin er úr bókinni: Kirkjur Íslands

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Eins og sést glögglega á teikningu Jóns Helgasonar biskups og á gamalli ljósmynd, þá eru kirkjuskip mjög svipaðrar gerðar og í tilfelli Djúpvogskirkju að því frátöldu að kirkjuskipið er lengra. Í fyrstu var kirkjan einungis kirkjuskipið með sönglofti. Þá svipar turninum sem er yfir kirkjuskipinu mjög til turns Djúpvogskirkju.

Árið 1907 voru stafnar kirkjunnar klæddir bárujárni yfir timburklæðninguna og rúmum 20 árum síðar var turninn rifinn og forkirkja með tumi reist. Árið 1954 voru veggir múrhúðaðir, turn hækkaður og tumpaki breytt í núverandi mynd. Árið 1955 skrautmáluðu Jón og Gréta Björnsson kirkjuna að innan.

Árið 1969 var múrhúðun brotin utan af kirkjunni og veggir klæddir bárujárni. Jafnframt voru núverandi gluggar, sem voru með breyttu sniði settir í, þannig að tveir stórir gluggar á hvorri hlið kirkjuskips með lóðréttum og skásettum póstum, komu í stað þriggja bogadreginna krossglugga. Bogadregnu gluggarnir höfðu áður verið settir í stað upphaflegra glugga. Á þessu tímabili voru veggir klæddir að innan með sandblásnum, rásuðum krossviðarplötum.

Kirkjan er í þokkalegu ástandi en miklar breytingar hafa verið gerðar á henni í árunna rás. Æskilegast er að núverandi tum á kirkjunni verði fjarlægður og stefnt verði að því að endurbyggja kirkjuna í sem upprunalegastri mynd.



## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Timburhús, sem tekið hefur miklum breytingum
<b>Menningarsaga</b>	Mikil - vegna aldurs
<b>Umhverfi</b>	Kirkjan stendur fallega í dalnum. Kirkjugarður umlykur hana
<b>Upprunaleiki</b>	Lítill - Kirkjunni hefur verið breytt mikið við endurgerð í gegnum tíðina
<b>Ástand</b>	Þokkalegt
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið - vegna aldurs

**Niðurstaða varðveislumats: Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989**



# RANNVEIGARSTAÐIR - Álftafirði


byggingarár: 1937 / byggingarefni: steinsteypt stærð og núv. notkun: 88.2m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndumarfl. : rauður



Mynd af upprunalega húsinu



Núverandi ástand - Suðurhlíð



Afstöðumynd 1:1500

Fyrsti eigandi húss:  
Ragnar E. Pétursson

Hönnuður / smíður:  
Sigurður Malmquist, smíður í samv.  
við Ragnar E. Pétursson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

## STAÐHÆTTIR

Rannveigarstaðir eru austast í Hofsárdal norðan Hofsár og skammt vestan við Hringveg. Bærinn stendur undir Breiðafjalli á hlýlegum stað. Við íbúðarhúsið er áfast fjós. Þá hefur stór garður verið ræktaður við húsið og er hann fagurlega hannaður og til mikillar þryði fyrir staðinn. Í honum eru einnig ræktaðar matjurtrir.

### Upphafleg gerð húss:

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Íbúðarhúsið er tvær hæðir með mænispaki. Aftan við íbúðarhúsið og sambyggt því er fjós með einhalla þaki.

### Helstu breytingar:

1972	Skipt um glugga og krosspóstar fjarlægðir
1988	Húsið klætt að utan með málmklæðningu
1988	Strompur fjarlægður
	Skúr reistur vestan við hús – byggingarár óþekkt



# RANNVEIGARSTADIR - Álftafirði

Myndir frá 2010  
Eftir myndir: Norðurhlíð og vestur gaff t.v. / norðurhlíð t.h.  
Neðri myndir: Vesturgaff t.v. og austurgaff t.h.

## SAGA

Húsið er byggt 1937. Sigurður Malmquist smiður frá Djúpavogi hannaði og smíðaði húsið í samráði við Ragnar E. Pétursson, sem var fyrsti eigandi þess. Pétur H. Ragnarsson eignaðist húsið svo húsið 1962 og á það enn. Húsið hefur alltaf verið nýtt sem íbúðarhús.



Mynd af Pétri og Ragnhildi afa og ömmu núverandi eiganda, sem þar bjuggu fyrir daga hússins. Um þau er eftirlitrandi vísa:

Ragnhildur er rausnarleg  
Rakar á eftir Pétri  
Bíddu nú, bíddu nú við  
Barn eiga þau að vetri

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Núverandi íbúðarhús er í fábrotnum alþýðustíl, tveggja hæða steinsteypt bygging með lágu mænispaki. Fyrir var fjós, reist 1936 með hlöðnum veggjum og var húsið byggt fast að fjósinu. Ekki hefur verið innangengt úr húsi í fjósið.

Upphaflega voru krosspóstar voru í gluggum, en 1972 var skipt um glugga og krosspóstar fjarlægðir. Árið 1988 var húsið síðan klætt að utan með trapísulaga málmklæðningu og reykháfur fjarlægður sama ár.

Ástand hússins er gott og það sómir sér vel í umhverfinu. Æskilegt er að gluggar og gluggaumbúnaður verði færðir að fyrri gerð þegar endurbætur verða gerðar á húsinu og klæðningu skipt út.



## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþýðustíll
<b>Menningarsaga</b>	Húsið er góður fulltrúi steinsteypuhúsa frá þessum tíma
<b>Umhverfisgildi</b>	Mikið – húsið ásamt gamla fjósinu og garðinum mynda fallega heild í landslaginu.
<b>Upprunaleiki</b>	Mikill – húsið er að forminu til óbreytt, en gluggagerð hefur verið breytt og húsið klætt að utan
<b>Ástand</b>	Gott
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>	<b>Einstakt hús sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)</b>

SKRÁNING HÚSA / dreifbýli

HAMARSFJÖRÐUR

Hamar

Hálsþorp

Strýta - Undir Hálsunum

# HAMAR í Hamarsfirði - horfið hús


byggingarár: 1. áfangi: 1884/ 2. áf.:1919/ 3. áf.: e. 1935 byggingarefni: timbur stærð og notkun 109,6m<sup>2</sup> íbúðarhús



Mynd frá 1929



Mynd frá 2009 - Suðausturhlíð



Afstöðumynd 1:1500

## STAÐHÆTTIR

Fyrsti eigandi húss:  
Stefán Sigurðsson, bóndi  
Hönnuður / smíður: Stefán Sigurðsson, bóndi

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Gamla íbúðarhúsið að Hamri er á upp á lítilli hæð, fyrir miðjum Hamarsdal, skammt vestan Hringvegjar þar sem hann liggur um botn Hamarsfjarðar. Þaðan er mikið útsýni og fagurt út yfir Hamarsfjörð. Árið 1960 var reist nýtt íbúðarhús framan við það gamla og skyggði það mjög á gamla húsið.

Mynd frá 2009 - Suðvestur gafi

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timbur, stafverk
<b>Klæðning</b>	Bárujárn
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak, lágt ris
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárn og torf á hluta
<b>Undirstaða</b>	Hlaðin úr grjóti
<b>Útlit</b>	Tvílyft, mænisþak, inngönguskúr og kjallari


## Helstu breytingar:

>1910	Byggt við húsið til norðausturs og gangur byggður að vestanverðu.
>1935	Byggt áfram við norðausturenda hússins, 2 hæðir, neðri hæð steypt en efri hæð úr timbri, mænir viðbyggingar snýr þvert á gamla hús.
2011	Húsið mælt upp af Þórhalli Pálssyni arkitekt
2012	Húsið brennt með leyfi eiganda, en árið 2005 hafði verið samþykkt niðurrif á húsinu



Heimildir: Teikningar: Afstöðumynd: TGJ 2013 - Ljósmyndir: Gömul mynd (ljósm.: ókunnur) Aðrar (ljósm.: P.JL)  
Texti: TGJ stuðst við ljósmyndir, uppmælingu frá Þórhalli Pálssyni og upplýsingar frá Ingimar Sveinssyni og Braga Gunnlaugssyni í Berufirði

# HAMAR í Hamarsfirði - horfið hús



Mynd frá 1940-45



Myndir frá 2009 - Suðvestur gafi og norðvesturhlíð f. neðan



## SAGA

Hamar er aðalbýlið í Hamarsdal, Hálskirkjueign fyrrum, en komið í bændaeign og sjálfábúð 1932 að hluta og allt nú. Almennt er talið að Hamar sé landnámsjörð Bjarnar sviðinhorna, en bæjarnafnið er ekki tilgreint í Landnámu. Að Bimi sviðinhorna frátöldum koma ábuendur á Hamri ekki við sögu fyrr en í Tyrkjaráninu, er ræningjar létu þar greipar sópa og handtóku þrettán manns.

Húsið byggði Stefán Sigurðsson, sem var bóndi á Hamri 1894-1919 en hann var vanur húsasmiður og kom að smíði margra húsa á Djúpavogi og nágrenni. Hann og Lúðvík Jónsson snikkari á Djúpavogi unnu mikið saman. Eftir að Stefán hætti búskap tóku við jörðinni börn hans og tengdabörn, Þóra Stefánsdóttir og hennar maður Ólafur Þórlindsson, Stefán Stefánsson og kona hans Jónína Sigurðardóttir, sem bjuggu í tvíbýli til 1935. Stefán og Jónína fluttu þá að Fagradal í Breiðdal. Eftir það áttu Ólafur og Þóra jörðina og ráku þar búskap til 1971. Þá tók við Öm sonur þeirra og bjó á jörðinni til 1982, uns Þórður Garðarsson keypti jörðina. Bjó Þórður þar til 1991 en þá keypti Víðir Björnsson hana og bjó til 1996. Baldur Sigurðsson, Brynjar Baldursson, Sigvaldi Jónsson og Karl Jónsson hafa átt jörðina síðan 1996.

# HAMAR í Hamarsfirði - horfið hús

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið var í fábrotnum alþýðustíl, tveggja hæða timburhús, langt og mjótt með fremur lágu rispaki. Langhlið hússins sneri fram, mænir var ekki yfir því miðju og þakhalli mun brattari að aftanverðu en að framan. Húsið stóð á hlöðnum undirstöðum og var kjallari undir hluta þess.

Húsið var byggt í þremur áföngum. Í öðrum áfanga var byggingin lengd til norðausturs í sama stíl. Jafnframt var gangur reistur á bakhlið hússins. Í þriðja áfanga var aftur byggt við norðausturenda hússins. Var viðbyggingin með mænisstefnu þvert á gamla húsið og sneri gaflinn fram. Neðri hluti viðbyggingarinnar var steypdur en efri hlutinn úr timbri.

Við suðvesturgafli hússins voru útihús, sem nú eru horfin en steinhlaðnar tóftir marka staðsetningu þeirra.

Niðurrif á húsinu var samþykkt árið 2005 og var það brennt sumarið 2012. Það er mat greinargerðarhöfunda að mikill missir sé af þessu veglega húsi með dæmigerðu austfirsku byggingarlagi og langri sögu, þar sem því var fargað, því saman myndar þessi gerð austfirska húsa mikilvægan kafla í menningar- og byggingarsögu landsins.





Mynd frá 2009 - Suðaustur- og norðausturhlíðar

## HAMAR – HULDUKONUSAGA

Sagan um eftirleitina – draumur - frá Braga Gunnlaugssyni, Berufirði:

Sigurður Þórlindsson mágur Ólafs á Hamri bjó í skjóli mágs síns á Hamri og var þar með hátt á annað hundrað kindur. Gengu þær á Bragðavalladal. Var ánum sleppt að þessu sinni úr rétt á Bragðavöllum um sláturtíð. Þegar farið var að hýsa vantaði þrjár af þessum ám. Eina nótt í desembermánuði dreymir Sigurð ærnar og voru þær í auðþekktum hvammi inni í Þrándarnesi. Hann mundi drauminn, þegar hann vaknaði og dreif sig af stað að sækja ærnar. Þegar hann var farinn að nálgast staðinn var dáltill snjóföll og skafrenningur og hvammurinn orðinn fullur af snjó. Hann sá ekki neitt og snéri frá. Þá heyrir hann kallað hvort hann ætli ekki að taka ærnar svo hann fór að horfa betur í kringum sig. Sá hann þá kindarhorn standa uppúr snjónum í hvamminum. Sigurður fann ærnar og dró þær sprellifandi upp úr snjónum og rak þær heim. Hvammurinn er í um 25 km leið frá bænum og var það huldukona sem kallaði.



Uppmæling: Þórhallur Pálsson, arkitekt - Strympa 2011

# HÁLSPORP í Hamarsfirði


## HÁLSPORP

Vorið 2004 tók Byggðasafn Skagfirðinga að sér skráningu á Hálsþorpi í Djúpvogshreppi, í tengslum við verkefnið *Vettvangsrammsóknir, fornleifaskráning og úrvinnsla heimilda um þjóðminjar og örnefni á sunnanverðum Austfjörðum*, sem unnið var á vegum Náttúrufræðistofu Hjörleifs Guttormssonar. Skráð var kirkjujörðin Háls og hjáleigur hennar; Stryta, Kambshjáleiga og Stekkjarhjáleiga.

Í skýrslunni voru skráðar 127 fornleifar bæði á vettvangi og eftir heimildum. Hér verður gripið niður í helstu niðurstöður skýrslunnar til að varpa ljósi á það samhengi sem núverandi byggð var hluti af.



Kambshjáleiga fyrir 1920 - Litað póstkort með áletruninni Kotbær. Á myndinni sést heimilisfólk, bræðurnir Ólafur og Hreinn Stefánssynir á hestum, systir þeirra Elin mállaus, Gróa Ingmundardóttir móðir þeirra (d. 1920) og Guðrún Þorsteinsdóttir fósturdóttir Gróu. Eigandi Myndar: Þjóðminjasafn Íslands. Ljósmyndari óþekktur.



## MINJAR Í HÁLSPORPI – VERNDUN OG NÝTING

Í fornleifaskráningunni um Hálsþorp segir m.a. að minjar í Hálsþorpi beri lífsbaráttu alþýðufólks við upphaf síðastliðinnar aldar glögggt vitni. Ennfremur að minjar og tún hafi að mestu leyti sloppið við breytingar og skemmdir vegna síðari framkvæmda því byggð lagðist af í Hálsþorpi áður en vélar urðu algengar við búskap. Svæðið undir Hálsum sé því sérstök minja- og náttúruheild, sem tilvalið væri að varðveita sem útivistar- og minjasvæði og kynna það og merkja á viðeigandi hátt. Stórbrotin náttúra og minjaumhverfi Kambshjáleigu eru sérstaklega vel fallin til slíkrar kynningar, en þar má enn greina merki um allar þær byggingar og garða frá því að svæðið var yfirgefið.

# HÁLS / Hálsþorpi í Hamarsfirði - bærinn er nú rústir einar



Mynd af Hálsi eftir að bærinn fór í eyðl (áartal óvísst). Nú eru hér rústir einar



Efri mynd : Háls - mynd frá um 1970

Neðri mynd: Eldri mynd frá Hálsi (áartal óvísst) Frá vinstri: Sveinn Stefánsson, Ingimar Sveinsson (m. bát), Aðalborg Sveinsdóttir, Vilborg Skúladóttir (stíjandi) og Margrethe Wohlt Stefánsdóttir (frá Þýskalandi, kona Ingimundar Stefánssonar).

**Háls:** Jörðin Háls stendur við Hamarsfjörð austanverðan í kvos uppi undir Hálsfjalli, þar sem fjallið lækkar og við taka svokallaðir Hálsar milli Hamarsfjarðar og Berufjarðar.

Háls er forn kirkjustaður. Elstu heimildir um Háls eru úr kirknaskrá Páls biskups frá því um 1200 og því ljóst að byggð hefur hafist þar snemma. Frá 1812 var kirkjan annexía frá Hofi en kirkjubyggingin fauk 1892 og var kirkjan þá flutt á Djúpavog. „Lítill ummerki eru um elstu byggð en þó má ætla að eldri bæjarhóllinn í túninu geymi sögu jarðarinnar frá fyrstu tíð. Fornbýlið Hringur er innan túns en þar sjást enn leifar af fjárhúsum og matjurtagarði frá Hálsi. Íbúðarhúsin eru nú rústir einar. Kirkjugarðurinn er enn vel sýnilegur og innan hans tóft seinustu kirkjunnar. Þar eru einnig nokkur minningarmörk. Bæjartóftir efra bæjarstæðisins eru enn vel greinilegar en Gamlibærinn (Neðribær) er horfinn og eru á bæjarhólum leifar seinni tíma matjurtagarða.“

„Niðri við sjó við svokallaða Hálishöfn eru leifar nausta og skammt vestan þeirra grjóthlaðin fiskikró.“




# HÁLS / Hálsþorpi í Hamarsfirði - bærinn er nú rústir einar



Efri mynd: Heimilisfólk á hlaðinu fyrir framan bæinn (ártal óvíst)  
 Neðri mynd: Séð til suðausturs yfir bæjarstæðið á Hálsi. Kirkjugarður og eldra bæjarstæðið hægra megin á myndinni en yngra bæjarstæðið lengst til vinstri

Háls - Uppmæling: Byggðasafn Skagfirðinga - Rannsóknarskýrsla 2004/35

- 1 Neðra bæjarstæði
- 2 Efra bæjarstæði
- 3 Kirkja
- 4 Kirkjugarður
- 6 Útliðhús
- 7 Hesthús neðan kirkjugarðs
- 8 Náttthagi
- 9 Fjárhús og hlaða/Lambhús
- 16 Matjurtagarður
- 21 Kofi/Lambakofi
- 22 Bamakofi
- 24 Grjóthleðsla



— Bæjarlækur




Bærinn Háls, sem Jón Stefánsson í Rjóðri lét byggja í kringum 1917-18. Skemma utan við og reykingarkofi utar


# KAMBSHJÁLEIGA / Hálsþorpi í Hamarsfirði - bærinn er nú rústir einar



Efri myndir : Kambsbjáleiga og heimilisfólkjó á Kambsbjáleigu - ártal ókunnugt  
 Neðri mynd : Útihús og matjurtagarður austan bæjarlækjar í Kambsbjáleigu

**Kambsbjáleiga** - Uppmæling: Bygðasafn Skagfirðinga - Rannsóknarskýrsla 2004/35

- 1 Bæjarhóll
- 2 Matjurtagarður og tóftir
- 3 Fjánhús
- 4 Útihús
- 5 Tóft
- 6 Tóft 
- 7 Fjánhús og hlæða
- 8 Kofi
- 9 Tóft
- 14 Kofi/öskuhaugur
- 15 Traðir
- 17 Fjánhús
- 18 Túngarður
- 19 Matjurtagarður
- 20 Tóft
- 21 Rétt
- 22 Elínarkofi - Bústaður
- 24 Tóft



 Bæjarlækur

**Kambsbjáleiga:** „Kambsbjáleigu er fyrst getið í manntali 1816 en byggð kann að hafa hafist þar nokkru fyrr. Þar var búið fram á miðja 20. öld og voru bæjarhús og útihús byggð með fornu verklagi. Engar seinni tíma framkvæmdir hafa spilt minjum í heimatúni. Á Kambsbjáleigu má enn sjá túngarðinn sem umlykur heimatúnið og innan hans bæjarhólinn, útihús, kofatóftir, heimtröð og matjurtagarða. Ásamt hinu sérstæða landslagi undir Hálsnum myndar Kambsbjáleigutúnið skemmtilega minjaheild sem brýnt er að varðveita og tilvalið væri að merkja og kynna jafnt heimaþólkí sem ferðamönnum.“


# KAMBSHJÁLEIGA og STEKKJARHJÁLEIGA / Hálsþorpi í Hamarsfirði - bæirnir eru nú rústir einar



Efri mynd: bæirnir Kambsháleiga - mynd frá 1942  
Neðri mynd: Horft til suðvesturs yfir útihúsa og bæjarhól í Kambsþúni. Bæjarhöllinn á Kambsháleigu er fyrir miðri mynd

Stekkjarkjáleiga (Neðri-hjáleiga) - Uppmæling: Bygðasafn Skagfirðinga - Rannsóknarskýrsla 2004/35

- 1 Bæjarstæði
- 2 Fjárhús/Bergsveinstættur/bústaður
- 3 Kofi
- 4 Tóft og garðlag
- 5 Tóft og garðlag
- 6 Tóft
- 10 Heimtröð
- 11 Kofi



**Stekkjarkjáleiga:** „Líkt og á öðrum jörðum í Hálsþorpi eru enn í heimatúni menjar um bæinn sem þar stóð seinast auk tófta, útihúsa og garðlaga. Niðri við sjóinn eru rústir frá því að tvíþýli var á bænum. Allar tóftirnar eru mjög heillegar og einkennandi fyrir kotbýlisbúskap í byrjun 20. aldar.“

Tóftir vestan bæjarlæks á Stekkjarkjáleigu



# STRÝTA / Hálsþorpi í Hamarsfirði

**Strýta:** „Kotbýlisins Strýtu er fyrst getið í jarðamati snemma á 19. öld, en uppruni þess er þó nokkuð óljós. Greinilegt er að býlið er talið með heimajörðinni Hálsi í jarðamati og því kann byggð að hafa hafist þar nokkru fyrr.“



Efri mynd : Strýta um 1900 / gamli bærinn, nú horfinn  
Neðri mynd : Bærinn Strýta og Strýtukambur (ljósm. GZ) 2004 - Sjá má á neðri myndinni að toppurinn á Strýttunni hefur verið sagaður af, því þarna var komið fyrir vindmyllu (sjá nr. 20 á uppmælingu t..h.)

**Strýta** - Uppmæling: Byggðasafn Skagfirðinga - Rannsóknarskýrsla 2004/35

- 1 Bæjarstæði
- 3 Fjánhús
- 5 Hlaða
- 6 Fjánhús
- 7 Hesthús
- 11 Túngarður
- 12 Fjánhús
- 11 Fjánhús og hlaða frá Hálsi
- 12 Fjós / Hringur
- 13 Kofi
- 16 Kofi
- 17 Matjurtagarður
- 19 Kofi
- 20 Vindmylla



— Bæjarlækur



Þessi mynd birtist í Morgunblaðinu (ártal óvísst) - Eftirfarandi texti stóð undir myndinni: Strýta, æskuheimili Ríkarðs Jónssonar, myndskera. Búlandstindur í baksýn.

# STRÝTA / Hálsþorpi í Hamarsfirði - nánari úttekt á húsi


byggingarár: 1918 (Fmr) byggingarefni: timbur stærð og notkun: 51,4m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarf. : rauður



Hluti úr gamalli mynd úr Mbl. ártal óvísst



Mynd frá 2010



Afstöðumynd 1:1500

Fyrsti eigandi húss:  
Þórarinn Georg Jónsson

Hönnuður / smíður:  
óunnir

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

## STAÐHÆTTIR

Í bókinni „Faðir minn“ lýsir Ríkarður Jónsson myndskeri, sem ólst upp í Strýtu, umhverfi bæjarins á þessa leið: „Í einum fegursta hvamminum alveg upp undir Hálsabrekkunum er lítill kotbær, það er Strýta í Hálsaþinghá, auðkennilegastur af því að þar í túninu örfáa faðma frá bæjardyrnum stendur 20 álma hár blágrýtiskambur. Upp úr honum miðjum, eða því sem næst, stendur uppmjó súla, eða turn, enda var kambur þessi (Strýtukambur) einhver hin fegursta álfakirkja á landinu“. Aðkomuvegur að Strýtu liggur frá bænum að Hringvegi sem er töluvert nær síðnum.

Strýta - Vesturgafli og suðurhlöð

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Bárujám
<b>Þakgerð</b>	Mænispak, lágt ris
<b>Þakklæðning</b>	Bárujám
<b>Undirstaða</b>	Hlaðin
<b>Útlit</b>	Tvær hæðir, mænispak, hlaðinn kjallari undir hluta húss

## Helstu breytingar:

1920	Skúrbygging byggð aftan við hús, innangeng úr eldhúsi, stendur inni í hlaðinni tóft. Hluti af veggjum steyptir.
1940	Byggð skúrbygging á austurgafli, steypfir veggir.
2011	Húsið mælt upp og teiknað af TGJ



Heimildir: Afstöðumynd: TGJ 2013 - Ljósmyndir: E.t.v.: Gömul mynd (hluti) úr Mbl. (ljósm.: Ókunnur) / Aðrar: (ljósm.: P.J.)  
Texti: TGJ stuðst við myndir og greinargerð með upprælingu frá TGJ



Heimilisfólk á Strýtu (ártal óvísst) - Í aftari röð f. miðju er Ríkarður Jónsson



## SAGA

Í 3. bindi ritraðarinnar „Sveitir og jarðir í Múlapingi“ kemur fram að jörðin Strýta sé enn ein hjáleigan frá Hálsi og virðist ungt býli. Vafalaust er þó átt við þessa jörð í Jarðamati 1847, þar sem tilgreind er hjáleigan Streita. Í ævisögu Ríkarðs Jónssonar „Með oddi og egg“ er haft eftir honum að bærinn hafi upphaflega verið nefndur „Undir kambinum“. Í fasteignamati 1861 er jörðin komin á jarðaskrá með núverandi nafni. Strýta var enn eign Hálskirkju 1918. Georg Jónsson mun hafa keypt jörðina upp úr 1920:

Margt um land og umhverfi er ritað í ævisögu Ríkarðs. M.a. má þar finna eftirfarandi vísu eftir hann.

Þar er logn og þar er skjól  
þenja faðminn móti sól  
Hultralágar, Hvammagil  
hrósa vorsins sólarlyl.

Á Strýtu bjuggu á tímabilinu 1890 - 1909 Jón Þórarinnsson frá Núpi og kona hans Rebekka Þorvaldsdóttir frá Streiti. Eignuðust þau 8 börn sem öll dóu í æsku. Seinni kona Jóns var Ólöf Finnsdóttir frá Tungu í Fáskrúðsfirði og bjó hún á Strýtu á tímabilinu 1909 - 1916. Áttu þau Jón 6 börn, þeirra á meðal listamennina Ríkarð og Finn. Á þeim tíma var búið í gamla bænum á Strýtu, þeim sem nú er horfinn.

Núverandi íbúðarhús á Strýtu er reist 1918 neðan við gamla bæinn. Sigurður Brynjólfsson frá Starmýri reisti húsið og var jafnframt eigandi þess ásamt konu sinni Kristínu Jónsdóttur. Á tímabilinu 1920 - 1926 bjó Þórarinn Georg Jónsson á Strýtu. Þá tók við Vilborg Gísladóttir frá Firði í Lóni. Bjó hún á Strýtu á tímabilinu 1926 - 1938 og frá 1928 börn hennar einnig, þau Gísli Jónsson frá Stekkjarhjáleigu og Júlíana, sem var bústýra.

Árið 1975 fór Strýta í eyði. Árið 2000 keyptu núverandi eigendur Elísabet Guðmundsdóttir, Emil Karlsson, Jónína Guðmundsdóttir og Jón Karlsson, öll til heimilis á Djúpavogi, jörðina.

Árið 2011 var það mælt upp og teiknað af TGJ.

# STRÝTA / Hálsþorpi í Hamarsfirði - nánari úttekt á húsi



Innanhússmyndir teknar 2010 - inngangur og eldhús

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er hér flokkað undir fábrotinn alþýðustíll, og svipar því að gerð til nokkurra húsa í Djúpvogshreppi, t.d. bæjarins Berufjarðar, en er minna að vöxtum. Húsið er tveggja hæða timburhús með mænispaki og lágu risi á hlöðnum kjallara undir hluta eldhúss. Húsið er bárujárnsklætt að utan, bæði veggir og þak.

Á neðri hæð hússins er inngangur, stofa og eldhús. Í eldhúsinu er hleri innfelldur í gólf og stigi þaðan niður í kjallara. Þá er brattur stigi upp á loft úr eldhúsinu og dyr út í skúrbyggingu aftan við húsið. Að innan eru veggir paníllæddir nema í stofu og herbergi yfir henni, þar hafa verið settar texplötur yfir paníllæðninguna. Sama á við um austurgafli uppi. Gólf eru timburklædd. Loft stofu og herbergis yfir henni eru texklædd. Annars staðar er timburklæðning.

Skúr við austurgafli hússins er með steiptum veggjum, moldargólfi og timburþaki, sem klætt er bárujárni. Aftan við íbúðarhúsið er einnig skúrbygging, sem stendur inni í hlaðinni tóft. Hluti af veggjum skúrbyggingarinnar eru steiptir, en þakið er farið. Annar hluti skúrbyggingarinnar sem tengist beint eldhúsi er með moldargólfi, trégrind innan við steinhleðsluna og bárujárni næst henni. Á þessum hluta er bárujárnsþak. Skúrbyggingar í þessum anda eru einnig einkennandi fyrir þessa gerð húsa á svæðinu. Í þessum rýmum voru fjós, hlöður og fleira tengt búskap á viðkomandi jörð, auk þess sem menn gengu þama örna sinna.


Ástand hússins er nokkuð gott og húsið upprunalegt (sjá nánar í greinargerð með uppmælingu), en það þarfnast viðgerðar. Æskilegt er að endurbætur taki sem mest mið af upprunalegu gerðinni. Hugleiða þarf sérstaklega í sambandi við viðgerðir hvað yrði látið halda sér af bakbyggingum aftan við húsið og hvernig tóftin, sem húsið stendur í yrði meðhöndluð.




## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþýðustíll
<b>Menningarsaga</b>	Góður fulltrúi austfirskra alþýðuhúsa frá þessum tíma
<b>Umhverfi</b>	Húsið er hluti af stórbrotinni landslagsheild
<b>Upprunaleiki</b>	Húsið er nánast óbreytt frá upphafi. En viðbyggingar, sem reistar voru nokkru síðar á bakhlíð (1920) eru að hruni komnar
<b>Ástand</b>	Járn er heillegt að utan, en lélegt á þaki. Húsið þarfnast viðgerðar, það hefur verið mælt upp og teiknað og nýir gluggar hafa verið smíðaðir
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið – vegna byggingarlags, staðsetningar og sögu
<b>Niðurstaða varðveislumats: Einstakt hús, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)</b>	

# STRÝTA / Hálsþorpi í Hamarsfirði - uppmæling




1



3



4




2




7



5



8



6

- 1 Grunnmynd hæðar
- 2 Grunnmynd e. hæðar
- 3 Sneiðing A-A
- 4 Sneiðing B-B
- 5 Suðurhlíð
- 6 Norðurhlíð
- 7 Austurhlíð
- 8 Vesturhlíð

**TGJ**  
**TEIKNISTOFA**  
**GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR**  
 skipulagsáætlanir • svæðis-aðal-  
 og deiliskipulag • umhverfismat •  
 húsnáðanaer- og uppmælingar •  
 hönnun bygginga og ráðgjöf  
 TJARNARGÖTU 4, 4. HÆÐ, 101 REYKJAVÍK  
 sími: 5627750 fíx: 5627710 netf.: tgj@tgj.is

YFIRLIT YFIR TEIKNINGAR 1:200





## BERUFJÖRÐUR

Framnes

Teigarhorn

Eyjólfsstaðir, Fossárdal

Lindarbrekka

Berufjörður - bær

Berufjarðarkirkja

Skáli

Berunes - bær

Beruneskirkja

Karlsstaðir

Steinaborg

Fossgerði

# FRAMNES - Berufirði


byggingarár: 1936 byggingarefni: timbur stærð og notkun: 90.2m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarfl.: rauður



Norðurgafi, íbúðarhús t.v. - Núverandi útlit



Austurhlíð m. inngangi í kjallara



Afstöðumynd 1:2500

Fyrsti eigandi húss:  
Guðjón Eyjólfsson, sjómaður  
Hönnuður / smíður:  
/ Guðjón Eyjólfsson, sjómaður  
Upphafleg notkun: Íbúðarhús

## STAÐHÆTTIR

Húsið stendur í mjög fallegu umhverfi sunnan Eyfreyjuness, undir klettum rétt norðan Hringvegur og sunnan Eyfreyjuness. Rétt norðan við íbúðarhúsið hefur verið reist annað hús (geymsla eða útihús) á lóðinni.

Vesturhlíð - íbúðarhús t.h. - Inngangur á hæðina er á þessari hlíð

## Upphafleg gerð húss:

Tegund	Timburhús
Klæðning	Forskalað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujám
Undirstaða	Steinsteyptur kjallari
Útlit	Ein hæð og kjallari

## Helstu breytingar:

Engar breytingar hafa verið gerðar á húsinu, bara almennt viðhald að sögn eiganda.

Húsið hefur þó verið klætt að utan með trapísulaga málmklæðningu



Suðurgafi - Núverandi útlit



# FRAMNES - Berufirði



## SAGA

Árið 1936 hófu Guðrún Aradóttir ljósmóðir og Guðjón Eyjólfsson sjómaður, eigendur Hlíðar á Djúpvaggi, framkvæmdir við byggingu hússins í Framnesi. Ári seinna fluttu þau svo frá Hlíð á Djúpvaggi í Framnes ásamt fjórum börnum sínum (sjá einnig umfjöllum um Hlíð hér frammar). Þar sem byggingarefni var af skornum skammti, segir frá því að Guðjón hafi brugðið á það ráð að minnka húsið í Hlíð og nota efnið í húsið í Framnesi.

Nýbýlið Framnes var stofnað 1936 og skipt úr landi Búlandsness. Þar var fyrir afbýlið Eyfreyjuness, sem fór í eyði litlu fyrir aldamót. Í Framnesi býr nú Eyjólfur Guðjónsson sonur Guðrúnar og Guðjóns.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er reist í fábrotnum alþýðustíl. Það er einnar hæðar timburhús á steiptum kjallara. Upphaflega var það múrhúðað að utan en hefur síðar verið klætt með trapísulaga málmklæðningu. Óvíst er þó hvenær það var gert. Aðalinngangur í húsið er að vestanverðu en í kjallarann að austanverðu. Húsið er nánast óbreytt frá upphafi. Hugsanlega hafa þó verið ramar í gluggum, en eru nú einungis í opnanlegum fögum. Húsið hefur fengið almennt viðhald í gegnum tíðina. Ástand þess má teljast nokkuð gott. Við endurbætur þarf að taka málmklæðningu utan af því, lagfæra glugga og koma útliti í upprunalegt form.

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþýðustíll
<b>Menningarsaga</b>	Framnes segir einstaka og skemmtilega sögu um sjálfsbjargarviðleitni og úrræði stórrar fjölskyldu í sambandi við húsnæðismál á þessum tíma. Sagan hefur mikið menningargildi
<b>Umhverfi</b>	Húsið situr vel í umhverfi sínu, en útihús eða geymsla í næsta nágrenni við það rýrir staðsetningu þess
<b>Upprunaleiki</b>	Húsið er óbreytt frá upphafi að sögn eiganda, en almennt viðhald hefur farið fram. Húsið var þó upphaflega forskalað en er nú klætt með trapísulaga málmklæðningu. Ekki er vitað hvort ramar hafi verið í gluggum, en nú eru þeir aðeins í opnanlegum fögum
<b>Ástand</b>	Nokkuð gott
<b>Varðveislugildi</b>	Húsið situr fallega í landslaginu og hefur sögulega mikið varðveislugildi
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>	<b>Einstakt hús, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)</b>

# TEIGARHORN - Berufirði


bygglingarár: 1880-’82 bygglingarefni: timbur stærð og notkun: 135,5m<sup>2</sup> / safn vermdunarfl.: blár



Gömul mynd eftir Nicoline Weywadt - ártal óvísst



Weywadhús- núverandi útlit



Afstöðumynd 1:4500

## STAÐHÆTTIR

Fyrsti eigandi húss:  
Niels Weywadt, verslunarsstjóri  
Hönnuður / smíður: óþekktur

Upphafleg notkun: íbúðarhús

Jörðin Teigarhorn er steinsnar frá Djúpavogi. Umhverfið þar er með því stórbrotnara sem fyrirfinnst hérlendis og er þar einhver þekktasti fundarstaður geislasteina í heiminum. Í landi Teigarhorns rís Búlandstindur, eitt formfegursta fjall landsins og kennimerki Djúpavogshrepps. Teigarhorn er friðlýst sem náttúruvætti og bæjarstæðið er sérlega fallegt undir foföggu klettabelti með útsýni út á Berufjörð og fjöllin handan fjarðarins.

Sýningarhús t.v., dúnkofi og Weywadhús t.h. 2014

### Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Pappklæðning
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak, hátt ris, kvistur
<b>Þakklæðning</b>	Pappi
<b>Undirstaða</b>	Hlaðin
<b>Útlit</b>	Ein hæð, kjallari, ris, og útskot.

### Helstu breytingar:

Húsið hefur lítið sem ekkert breyst. Í stað pappklæðningar á upphaflegu húsi er nú komin lóðrétt tjörguð borðaklæðning. Húsið hefur verið í vörslu Þjóðminjasafnsins og 1997 var húsið mælt upp og teiknað.



Heimildir: Afstöðumynd: TGJ 2013 - Ljósmyndir: Gömul mynd e.t.v. (ljósm.: Nicoline Weywadt; Úr safni Héraðsskjalasafns Austfirðinga af vef Dýv. hrepps / Aðrar: (ljósm.: P.J.L.) - Texti: TGJ - stuðst við ljósmyndir og upplýsingar úr greinargerð AS Djúpavogshrepps og af vef Dýv.hrepps ofl.

# TEIGARHORN - Berufirði

Horft til suðurs - Dúrnkofi og sýningarhús fremst - t.h.  
Gömlu útihúsin efst t.h.



Gamlar myndir ( ártal óvísst) T.v. Nýtt íbúðarhús í smíðum



Horft frá þjóðvegi að Weywadthúsi



## SAGA

Teigarhorn var hjáleiga frá Hálsi en var seld Niels P. M. Weywadt, verslunarstjóra hjá Ørum og Wulff skv. heimild í Landshöfðingjabréfi 1878. Á árunum 1880 - 1882 reisti Weywadt íbúðarhús, sem nefnt er Weywadthús. Við fráfall hans 1883 erfði Noline Weywadt, dóttir hans jörðina og húsakost hennar. Hún var með fyrstu ljósmyndurum á Íslandi og rak hún ljósmyndastofu á Teigarhorni á tímabilinu 1881-1900. Systurdóttir hennar, Hansína Björnsdóttir stundaði einnig ljósmyndun og rak hún ljósmyndastofu á Teigarhorni á árunum 1902-1911. Árið 1911 giftist Hansína Jóni Kr. Lúðvíkssyni trésmið og stunduðu þau búskap að Teigarhorni. Við fráfall Jóns 1958 tók Kristján, sonur þeirra, þá við jörðinni en Hansína bjó þar áfram til 1967. Kristján stundaði búskap á Teigarhorni allt til ársins 1994 en þá tóku við Herbert Hjörleifsson og Jónína Ingvarsdóttir. Ríkissjóður Íslands keypti svo Teigarhorn 2013.

Búið var í Weywadthúsi allt til 1991 en þá hafði nýtt íbúðarhús verið reist. Óhætt er að segja að afkomendur Weywadt kaupmanns hafði sýnt honum einstaka virðingu, því frá fráfalli hans fyrir rúmum 130 árum, hefur skrifstofa hans verið varðveitt eins og hún leit út þá.

Weywadthús hefur frá 1992 verið hluti af húsaafni Þjóðminjasafns Íslands, sem hefur annast endurgerð þess á liðnum árum.


Sýningarhús og Weywadthús t.h. - 2014

# TEIGARHORN - Berufirði

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er reist í dönskum stíl. Það er einnar hæðar timburhús með háu risi og mænisþaki ásamt kvisti í veggfleti að suðaustanverðu. Hlaðinn kjallari er undir húsinu. Hefur húsið allmikla sérstöðu meðal annars vegna þess að útveggir og þak þess voru upphaflega klædd pappa en það var afar fátítt hér á landi á byggingartíma hússins. Einnar hæðar ljósmyndaskúr var reistur við norðurgafi hússins þegar Noline rak þar ljósmyndastofu.

Árið 1997 var uppmæling og lýsing gerð á íbúðarhúsinu af Þjóðminjasafninu. Unnið er að endurgerð þess í því sem næst upprunalegri mynd, en tjörguð lóðrétt timburklæðning er nú á útveggjum hússins og pappi á þaki. Þá er stefnt að endurbyggingu ljósmyndaskúrsins.



## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Danskur stíll
<b>Menningarsaga</b>	Mikil - vegna aldurs og upprunaleika
<b>Umhverfi</b>	Umhverfi hússins er með því stórbrotnara sem fyrirfinnst hérlendis
<b>Upprunaleiki</b>	Húsið hefur hefur sama og ekkert breyst frá upphafi - Það var mælt upp 1997 og síðan endurgert
<b>Ástand</b>	Gott
<b>Varðveislugildi</b>	Húsið er einstakt með merkilega sögu og sómir sér vel í umhverfinu

Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki

# EYJÓLFSSTAÐIR - Fossárdal


byggingarár: 1922 byggingarefni: timbur stærð og núv.notkun: 125.4m<sup>2</sup> / gísthelmingur verndunarfl.: rauður



Mynd frá um 1950



Mynd frá 2009



Afstöðumynd 1:1500

## STAÐHÆTTIR

Eyjólfsstaðir standa í norðurhlíðum Fossárdals skammt frá dalsmynninu. Aðkoma frá Hringvegi er um brattar brekkur upp frá Fossárvík og er útsýni á bæjarstæði glæsilegt.

Fyrsti eigandi húss:  
Guðmundur Magnússon  
Hönnuður / smíður:  
Ivar Halldórsson 1922 og  
Ragnar Guðmundsson 1937

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

### Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Bárujárn
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak fyrir miðju húsi. Þakhalli ójafn
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárn
<b>Undirstaða</b>	Hlaðin
<b>Útlit</b>	Ein og hálf hæð að aftan en tvær hæðir að framan á hlöðnum kjallara (að hluta), sambyggt fjósi og hlöðu

### Helstu breytingar:

1937	Húsið lengt um eitt herbergi til vesturs
>1950	Gluggi settur á vesturgafi
1989	Gólf síkkað og steipt, kjallari fylltur með grjóti og grafinn út. Hlaðinn bakveggur var í húsinu en síðan var steipt innan á hann og múrað. Gluggar endurnýjaðir. Gamla fjósið og hlaðan á vesturhlíð hússins rifin.
2000	Einnar hæðar skúr byggður m. herbergjum á sama stað og fjós og hlaða stóðu áður



Heimildir: Afstöðumynd: TGJ 2013 - Ljósmyndir: Gömul mynd frá 1950 (frá ábúendum) / Mynd Neðst t.h.: Af vef Djv.hrepps / Önnur (ljósm.: P.J.L.) - Texti: TGJ stuðst við ljósmyndir og upplýsingar frá ábúendum á Eyjólfsstöðum

# EYJÓLFSSTAÐIR - Fossárdal



Innanhússmyndir - 2014



Suðurhlið - Núverandi útlit húss

## SAGA

Árið 1703 var aðeins eitt býli í Fossárdal, sem hét Fossáradalur og var hjáleiga frá Berufirði. Hér eru ekki frekari tiltækar heimildir um byggð, raunar ekki víst að þær séu til. Árið 1773 fluttist maður að nafni Eyjólfur Jónsson í Fossárdal og reisti hann sennilega býlið úr auðn. Hann varð fljótlega oddviti Berunesshrepps.

Árið 1866 bólaði fyrst á Eyjólfstaðanafninu og fullvíst er talið að þar sé nafn Eyjólfssonar endurvakið 75 árum eftir dauða hans. Á þeim tíma voru býlin í dalnum orðin þrjú.

Gamla íbúðarhúsið á Eyjólfstöðum var byggt 1922 fyrir Guðmund Magnússon sem bjó þar til 1959. Guðmundur var sonur Snjólaugar Guðbjargar Sigurlaugar Magnúsdóttur sem var þriðji ættliður í kvenlegg sem bjó í Fossárdal. Hermann Guðmundsson kennari, tók við af Guðmundi, og bjó þar til 1972. Árið 1977 fluttu hjónin Alda Jónsdóttir og Eyþór Guðmundsson að Eyjólfstöðum og búa þau þar enn.

Húsið var nýtt sem íbúðarhús til ársins 1989 en síðan þá hefur verið þar gistiheimili fyrir ferðmenn.



# EYJÓLFSSTAÐIR - Fossárdal

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er reist í fábrotnum alþýðustíl. Langhlið þess snýr fram og rís mænisþak þess lágt. Mæni er yfir miðju húsinu en þakhalli er meiri að aftanverðu en að framan. Árið 1937 var húsið lengt til vesturs sem nemur einni herbergislengd. Þá var glugga komið fyrir á efri hæð á vesturgafli einhvern tímann eftir 1950.

Upphaflega var hlaðinn bakveggur í húsinu sem síðar var steipt upp í og hann múraður. Þá voru gluggar jafnframt endurnýjaðir og eru krosspóstar í flestum gluggum, en gluggafög vantar. Við vesturgafi hússins, þar sem áður stóðu fjós og hlaða, hefur verið reistur einnar hæðar skúr sem nýttur er sem gistirými.

Íbúðarhúsið er lítið óbreytt frá upphafi og hefur verið vel viðhaldið. Húsið er snyrtilegt, en mælt er með að gluggar, gluggaumbúnaður o.þ.h. verði fært til fyrri gerðar við endurbætur á húsinu.



Vesturhlið - Viðbygging



Norðurhlið f. ofan - Austurhlið f. neðan - Núverandi útlit



Vesturhlið - Núverandi útlit

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþýðustíll
<b>Menningarsaga</b>	Húsið er góður fulltrúi austfirskra alþýðuhúsa frá þessum tíma
<b>Umhverfi</b>	Húsið myndar sterka landslagsheild í grónu sveitaumhverfi
<b>Upprunaleiki</b>	Húsið hefur lítið breyst frá upphaflegri gerð – en viðbyggingar breyttar
<b>Ástand</b>	Húsinu er við haldið og nærumhverfi snyrtilegt
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið – vegna byggingarlags og staðsetningar

**Niðurstaða varðveislumats: Einstakt hús, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)**

# LINDARBREKKA 1

byggingarár: 1946/1948 byggingarefni: steinsteypa stærð / núv. notkun: 136m<sup>2</sup> / íbúð verndunarfl.: rauður



Mynd frá 1948



Núverandi útlit húss



Afstöðumynd 1:3000

Fyrsti eigandi húss: Gunnar Guðmundsson

Hönnuður / smiður: Líkur benda til að eigandinn sjálfur hafi ákveðið útlit þess og gerð. Ætlingjar, vinir og helmamenn aðstoðuðu Gunnar við smíð hlússlns.

Upphafleg notkun: íbúðarhús

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Steinsteypt hús
<b>Klæðning</b>	Húsið var múrhúðað
<b>Þakgerð</b>	Burstir - Mænisþak
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárn
<b>Undirstaða</b>	Steinsteypt
<b>Útlit</b>	Einnar hæðar hús með burstabæjarlagi

## Helstu breytingar:

1977 - 1978	Hluti af húsinu einangraður að utan með plasti og klæddur með riflæðri stálklæðningu. Klætt var yfir litla glugga ofarlega á burstunum.
1981 - 1982	Sama gert við þann hluta sem eftir var og byggt bíslag við innganginn í húsið.
"	Gluggar voru endurnýjaðir. Héldu sömu stærð en breyttust úr 12 rúðu gluggum í 9 rúðu glugga.

## STADHÆTTIR

Lindarbrekka er reist á svonefndu Selnesi undir kletthlíð Fossárfells. Tignarlegt fellid í baksýn og hávaxinn trjágróður styrkja umhverfi bæjarhúsa.

Hrinavegur liggur rétt suðaustan við bæjarhúsin.

Gamla íbúðarhúsið og útihúsin - Mynd frá 1959



# LINDARBREKKA 1



Slegið upp fyrir húsinu



Gamli bragginn



## SAGA

Fyrstu ábúendur á Lindarbrekku voru Gunnar Guðmundsson frá Eyjólfstöðum og Sigrún Erlingsdóttir frá Þorgrímsstöðum í Breiðdal. Árið 1945 festu hjónin sér eign á bragga á Reyðarfirði sem var 5 x 11 m að flatarmáli. Var hann rifinn og fluttur með skipi til Djúpavogs, síðan á bát inn Berufjörð og reistur á Lindarbrekku. Í honum var búið meðan á byggingu íbúðarhússins stóð á tímabilinu 1946 - 1948. Þá var einnig í bragganum ein kýr.

Árið 1950 voru byggð fjárhús með einni burst norðaustan við bæinn. Tveimur árum síðar var hlaða byggð yfir braggann. Hann var svo rifinn innan úr hlöðunni og enn sést móta fyrir lögum hans á stafni hlöðunnar. Tveimur árum síðar, þ.e. 1954 var önnur burst byggð við fjárhúsin.

Núverandi ábúendur Lindarbrekku eru Guðmundur Valur Gunnarsson og kona hans Ragnheiður Margrét Eiðsdóttir. Þau reka þar félagsbú með syni sínum Eiði og tengdadóttur.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er steinsteypt einnar hæðar bygging með fjórum burstum sem vísa fram á hlaðið. Burstirnar eru tengdar með bárujárnsklæddum mænisþökum. Í upplýsingum frá Hermanni Guðmundssyni, bróður Gunnars sem vann við bygginguna segir: „Þegar verið var að byggja bæinn á Lindarbrekku 1 var fyllt upp í steypuna eins og mögulegt var með grjóti og m.a.

# LINDARBREKKA 1



handlangað upp í risið. Steypun var höfð alveg fljótandi og nógu fljótandi til að jugga steinum niður en fyllt var upp í með minni steinum inn á milli. Tekinn var að auki misgrófur sandur í steypuna og voru hlutföllin 1 fata sement á móti 3 fötum af mól úr Tómasarsandi (þ.s. mölin er nokkuð gróf) og 1½ fötu úr sandfjörinni í Fossárvík þ.s. sandurinn er finn". Samkvæmt Braga Gunnlaugssyni í Berufirði var mölin flutt í pokum á klakk frá Tómasarsundi að byggingarsvæðinu. Þá segir enn fremur í upplýsingum frá Hermanni: „Steypumótin voru notuð oft en einu sinni og var því stept í þremur hollum og var búið í vesturendanum fyrst“.

Í fyrstu voru útveggir einangraðir að innan með tvöföldu texti. Smá loftrými var milli steinveggjanna og textklæðningarinnar. Allir veggir innahúss voru steptir. Flatt timburloft var í húsinu, einangrað með mosa, en sjálf þakklæðningin bárujárn, sem klætt var beint á sperrumar án pappamillilags.

Gamla íbúðarhúsið, ásamt útihúsum, eru dæmi um samræmda heild mannvirkja frá miðri síðustu öld. Íbúðarhúsið er í nokkuð góðu ástandi, og fer vel á með því og útihúsunum í þessu fagra umhverfi. Mælt er með að útlit burstabæjarins með eldri gluggum verði uppfært við endurbætur á húsinu.



## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþýðustíll
<b>Menningarsaga</b>	Húsið er, hvað útlit og megingerð snertir, undir áhrifum frá húsum eftir Guðjón Samúelsson
<b>Umhverfi</b>	Húsið stendur í grónu sveitaumhverfi
<b>Upprunaleiki</b>	Húsið er tiltölulega lítið breytt
<b>Ástand</b>	Húsinu er vel viðhaldið og nærumhverfi snyrtilegt
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið - vegna byggingarlags og staðsetningar

**Niðurstaða varðveislumats: Einstakt hús, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)**

# BERUFJÖRÐUR - bæ


bygglingarár: 1925/1939 bygglingarefni: TImbur stærð og núv. notkun: 174,8m<sup>2</sup> / íbúð/ safnaðarhælmillí vemdunarfl.: rauður



Gömul mynd líklega frá um 1940



Núverandi útlit - Vesturgafi og Suðurhlíð



Afstöðumynd 1:1500

## STAÐHÆTTIR

Fyrsti eigandi húss:  
Guðmundur Guðmundsson, bóndi

Hönnuður / smiður:  
Ragnar Guðmundsson ásamt  
foreldrum sínum

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Gamli bærin í Berufirði stendur nokkuð neðan Hringveggar, þar sem hann liggur um Berufjarðarbotn. Aðkomuleið er frá Hringvegi niður að gamla þjóðveginum, sem bærin stendur svo við. Tún ganga síðan frá bænum og niður að sjó. Fjallasýn er hin fegursta svo og sjávarsýn yfir Berufjörð. Sunnan við gamla veginn stendur kirkjan, umlukin kirkjugarði, og trjálundur. Norðan við gömlu þjóðleiðina stendur bærin, áföst honum eru skemma og smiðja, sem snúa burstum fram á hlaðið. Nokkru vestar er Nönnusafn - byggðasafn til minningar um Nönnu Guðmundsdóttur frá Berufirði.

### Upphafleg gerð húss:

Tegund	Timburhús
Klæðning	Bárujárni
Þakgerð	Lágt mænisþak
Þakklæðning	Bárujárni
Undirstaða	Hlaðin
Útlit	Tvær hæðir, kjallari undir austurhluta, hálfloft í eldri hluta húss, mænisþak

### Helstu breytingar:

1925	Tveggja hæða viðbygging byggð til vesturs.
1939	Hús framleengt til austurs og hæð byggð ofan á þá er
1953	Skemma rífin
1982	Skipt um járn á þaki
2007	Húsin endurbyggð og klædd nýju bárujárni
2012 - 2013	Smiðja og skemma endurbyggð


Horft í til austurs í átt að kirkjunni - Fremst Nönnusafn, smiðja, skemma og þá íbúðarhús - Sunnan aðkomuvegar, trjálundur, kirkja og kirkjugarður



# BERUFJÖRÐUR - bæar




FRAMHLIÐ



NEDRI HÆÐ:

- |                 |              |
|-----------------|--------------|
| 1 Inngangur     | 12 Hundaknif |
| 2 Gestastofa    | 13 Smiðja    |
| 3 Gestaherbergi | 14 Skemman   |
| 4 Eldhús        |              |
| 5 Gamli skúr    |              |
| 6 Eldhús        |              |
| 7 Piltús        |              |
| 8 Ný skúr       |              |
| 9 Göng          |              |
| 10 Gamla eldhús |              |
| 11 Fjös         |              |



EFRI HÆÐ:

- |                  |
|------------------|
| 15 Herb.         |
| 16 Baðstofa      |
| 17 Hjónaherbergi |

Skýringarmynd (ekki nákvæm): Bærinn Berufjörður í kringum 1935



Nýlegar myndir innanhúss: T.v. gangur á efri hæð - T.h. hjónaherbergi með gluggum í 2 áttir, suður og austur



Stofa á neðri hæð (safnaðarheimili)

## SAGA


Jarðarinnar er ekki getið í Landnámu og þar sem Berufjörður kemur fyrir í fomsögum, mun víðast átt við fjörðinn en ekki bæinn. Þó mun átt við bæinn, þar sem segir frá gistað Flosa í Njálu. Berufjörður er kirkjustaður og var prestsetur til 1906, en sameinaðist Hofsprestakalli 1907. Nú er jörðin bænda eign og í sjálfsábúð síðan 1918.

Árið 1891 bjó sr. Benedikt Eyjólfsson í Berufirði. Hann bjó í húsi, sem stóð þar sem nú stendur austari hluti núverandi húss. Sr. Benedikt óttaðist mjög að húsið stæði ekki af sér veður og lét rífa húsið og byggja annað lægra á sama stað. Sr. Benedikt fluttist frá Berufirði 1906 og var jörðin þá leigð Guðmundi Guðmundssyni frá Miðskeri í Nesi. Guðmundur eignaðist svo Berufjörð 1918 og hefur jörðin verið byggð afkomendum hans síðan.

Sjálfur bjó Guðmundur á staðnum ásamt konu sinni, Gyðfríði Gísladóttur, til 1940 en þá andaðist hann. Á þessu tímabili bjuggu þar einnig börn, tengdabörn og barnabörn þeirra hjóna þau, Finnur, Gunnlaugur, kona hans og börn, Hjálmar og kona hans, Marta og maður hennar, Nanna og Ragnar. Margt var því um manninn í Berufirði.


Bærinn var stækkaður í núverandi mynd 1939 og hafði þá tekið miklum breytingum frá upprunalega útliti. Ragnar Guðmundsson, sem eignaðist húsið ásamt Nönnu systur sinni eftir lát föður síns, hafði veg og vanda af hönnun og byggingu hússins. Búið var í húsinu þar til Nanna lést 1988. Bragi Gunnlaugsson keypti húsið af ættingjum sínum 1991 og lét hann endurbyggja það af miklum myndarbrag 2007 og annaðist Björn Björgvinsson frá Breiðdalsvík þá framkvæmd. Ekki hefur verið búið í húsinu frá 1988 en eystri hluti þess er lánaður vinum og venslafólki til afnota, auk þess að gegna hlutverki safnaðarheimilis Berufjarðarkirkju.

# BERUFJÖRÐUR - bæ



NEDRI HÆÐ

- | NEDRI HÆÐ:         | EFRI HÆÐ:        |
|--------------------|------------------|
| 1 Inngangur        | 11 Gangur        |
| 2 Stofa            | 12 Vs. bað       |
| 3 Herbergi         | 13 Herbergi      |
| 4 Vs.              | 14 Hjónaherbergi |
| 5 Þv. hús          | 15 Herbergi      |
| 6 Gangur           | 16 "             |
| 7 Hleri í kjallara | 17 Stofa         |
| 8 Herbergi         | 18 Herbergi      |
| 9 Stofa            |                  |
| 10 Eldhús          |                  |



EFRI HÆÐ

Skýringarmynd (ekki nákvæm): Núverandi fyrirkomulag í bænum



Efri mynd: Norðurhlíð  
Neðri mynd: Norðurhlíð og vesturgafi áður en byggt var upp þar sem fyrrv. smiðja og skemma stóðu áður



## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Árið 1925 var vestari hluti núverandi íbúðarhúss byggður og var á þeim tíma viðbygging við íbúðarhúsið sem sr. Benedikt Eyjólfsson hafði reist. Um var að ræða tvílyfta viðbyggingu úr timbri á hlöðnum grunn. Mænisþak, sem ekki er yfir miðju, er á húsinu og nær þakið lengra niður að aftanverðu.

Árið 1930 var byggður skúr austan við gamla hluta hússins. Árið 1939 var byggð hæð ofan á gamla hlutann, skúrinn rifinn og húsið lengt til austurs sem nam skúrlengdinni. Settir voru fjórir gluggar á austurgaflinn og einum glugga bætt við á neðri hæð suðurhlíðar. Kjallari er undir þessu hluta hússins og er mænir yfir því miðju. Skipt var um járn á þaki húsa árið 1982 og aftur árið 2007 en þá var allt húsið, veggir og þak klætt nýju bárujárn, gluggar voru endurgerðir sem og grind hússins. Húsið er í góðu ásigkomulagi og glæsilegt á að líta.

Á mynd frá um 1940 má sjá tvö torfhús með burstum vestan við vesturgafi hússins, en þar voru smiðja og skemma. Smiðjan var endurbyggð aftur og aftur á sama stað, en skemman var rifin 1953. Nú hafa húsin verið endurbyggð og eru þau klædd bárujárn á stöfnum og þaki, í stað timburs og torfs áður.

Nönnusafn stendur nokkuð vestan við smiðjuna. Um er að ræða fyrrum fjós og mykjuhús sem var byggt á tímabilinu 1935 - 1944 en var tekið undir byggðasafn um 1990 til minningar um Nönnu Guðmundsdóttur.

# BERUFJÖRÐUR - bær



Mynd af suðurhlíð og austurgaffli hússins - Núverandi útlit

## VARÐVEISLUMAT

- Byggingarlist** Fábrotinn alþýðustíll
- Menningarsaga** Húsið hefur mikið menningarsögulegt gildi og er góður fulltrúi austfirskra alþýðuhúsa frá þessum tíma
- Umhverfi** Húsið stendur við gamla þjóðleið í næsta nágrenni við kirkjuna
- Upprunaleiki** Húsið er lítið breytt útlitslega frá 1939
- Ástand** Húsið er í góðu ástandi - hefur verið endurgert og umhverfi er snyrtilegt
- Varðveislugildi** Mikið - vegna byggingarlags og mjög athyglisverðrar og fallegrar húsaheildar þar sem gömul þjóðleið fer um bæjarhlaðið
- Niðurstaða varðveislumats: Einstakt hús, húsaröð, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)**



# BERUFJARÐARKIRKJA


byggingarár: 1874/1938-'40 byggingarefni: timbur núv. notkun: kirkja vemdunarfl.: blár



Hluti úr gamalli mynd frá um 1940



Núverandi útlit - vesturgafi



Afstöðumynd 1:1500

## STAÐHÆTTIR

Hönnuður / smiður:  
1874 Haraldur O. Briem, forsmiður  
1938 Ragnar Guðmundsson, bóndi

Upphafleg notkun: kirkja

Kirkjan er staðsett við gamla þjóðveginn (þjóðleið) um Berufjörð skammt sunnan og austan Berufjarðarbæjarins. Umhverfis kirkjuna er afgirtur kirkjugarður með hefðbundnu timburgrindverki og vestan hans er velgróinn trjálundur.

## Upphafleg gerð húss:

Tegund	Timburhús
Klæðning	Tjörguð timburklæðning
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðin
Útlit	Ein hæð, mænispak, timburkross

## Helstu breytingar:

1938	Kirkjan rifin til grunna
1938 - 1940	Kirkjan endurbyggð, mikið til úr sama efni




Kirkjan í Berufriði 1918. Blýantsteikning eftir Jón Helgason biskup



# BERUFJARÐARKIRKJA

Uppmæling af Berufjarðarkirkju / Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttir, 1999



Núverandi útlit - Norðurhlíð og vesturgaff

## SAGA

Aðfararnótt 12. janúar 1874 fuku báðar kirkjurnar á Berufjarðarströnd, þ.e. kirkjan í Berufirði og Berunesi, í norðvestan ofsaveðri og mölbrotnuðu. Þá strax um vorið var ákveðið að reisa skyldi nýja kirkju í Berufirði og hófst bygging hennar 18. eða 19. maí sama ár. Var Haraldur Briem frá Búlandsnesi yfirmiður kirkjunnar. Kirkjan var einnar hæðar timburkirkja, turnlaus á hlöðnum sökklum og var hún að öllum líkindum vígð 2. ágúst 1874. Umtalsverður fjöldi sótti athöfnina eða um 120 manns en þess má geta að fjöldi íbúa í sóknunum tveimur á Ströndinni var þá um 300. Tjörguð timburklæðning var á veggjum kirkjunnar og skv. vísitasiugjörð pappi á þaki. Árið 1898 var svo sett bárujárn á þak kirkunnar.

Þessi kirkja frá 1874 var rifin til grunna árið 1938 og endurbýggð á árunum 1938-40. Var nýja byggingin höfð mikið til úr sama efni, en mjókuð og styttn vegna fúa, sem reyndist vera í viðum kirkjunnar frá 1874. Ragnar Guðmundsson bóndi í Berufirði réðst í þessa endurbýggingu. Sett var bárujárn utan á timburklæðninguna á veggjunum – þá var einnig gerð sú breyting innan dyra, að sérstakur kór með boga yfir kórdrum, sem var í gömlu kirkjunni, er ekki í þeirri yngri. Ennfremur var loft í eldri kirkjunni, en ekki í núverandi kirkju. Þá var að sögn kirkjan frá 1874 með heldur brattara þaki. Þann þrettánda ágúst 1940 endurvígði Sigurgeir Sigurðsson biskup kirkjuna og er kirkjan enn í notkun.

# BERUFJARÐARKIRKJA

E.tv.: Aðkoma að kirkju og kirkjugarði  
N.tv.: Suðurhljó  
Th.: Austurgaffl og Suðurhljó séð úr  
kirkjugarði



Predikunarstóll frá árinu 1690, gefinn kirkjunni af Jóni Þorlákssyni sýslumanni og Sesselju Hallgrímsóttur konu hans. Málningin á stólum hefur varðveist óskemmd að frátöldum stólpum og listum sem hafa verið endurmálaðir hvítir. Undirstaðan mun vera frá 19. öld.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Kirkjan er turnlaus eldri gerð íslenskra kirkna. Í bókinni „Íslensk byggingararfleifð I – Ágrip af íslenskri byggingarsögu 1750-1940“ kemur fram að kirkjan ásamt kirkjunum í Berunesi og Papey séu sérstæður hópur turnlausra kirkna. Eins og kemur fram undir liðnum „Saga“, þá var kirkjan byggð úr því efni sem hrökk til þegar eldri kirkja á staðnum var rífin.

Byggingunni hefur verið vel viðhaldið og er umhverfi hennar snyrtilegt.



## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Turnlaus eldri gerð íslenskra kirkna
<b>Menningarsaga</b>	Húsið ásamt kirkjunni í Berunesi og Papey er sérstæður hópur turnlausra kirkna
<b>Umhverfi</b>	Kirkjan stendur í grónu umhverfi rétt við nýuppgerðan gamla bæinn í Berufirði. Saman mynda þau fallega heild í landslaginu og bera íslenskum byggingararfi góðan vitnisburð
<b>Upprunaleiki</b>	Kirkjan var endurreist sem næst í upprunalegum stíl og efniviður eldri kirkju notaður við endurgerðina
<b>Ástand</b>	Kirkjan er í góðu ástandi
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið sökum hlutverks, aldurs, upprunaleika og gerðar

**Niðurstaða varðveislumats: Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989**

# SKÁLI - Berufirði - Horfin hús


byggingarár: 1922 byggingarefni: timbur notkun: fyrrv. íbúðarhús



Myndir frá 2009 - Vesturgaffl og Norðurhlíð



Suðurhlíð



Afstöðumynd 1:1500

## STAÐHÆTTIR

Jörðin Skáli er norðan Berufjarðar um miðja vegu milli Berufjarðar og Beruness. Stóð bærinn vestan við gömlu þjóðleiðina um Berufjarðarströnd en talsvert austan við núverandi Hringveg. Skammt frá bæjarstæðinu stendur veglegur trjálundur. Húsið, trjálundurinn, bæjarlækurinn og fjöllin bak við mynduðu sterka landslagsheild og voru áhrifamikil sýn frá núverandi þjóðvegi.

### Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timbur, stafverk
<b>Klæðning</b>	Bárujám
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak
<b>Þakklæðning</b>	Bárujám
<b>Undirstaða</b>	Hlaðin úr grjóti
<b>Útlit</b>	Tvílyft að hluta, kjallari að hluta, mænisþak og einhalla þak á lægri byggingarhlutum – torfþak á hluta


### Helstu breytingar:

	Ekki vitað hvort bærinn var óbreyttur frá upphafi
1997 - 1998	Bærinn mældur upp og ástandslýsing gerð
2009	Bærinn brenndur



# SKÁLI - Berufirði - Horfin hús

Myndir frá árinu 2009  
F. ofan: Norðurhlíð og vesturgaffl  
F. neðan: Austurgaffl  
Neðst: Ásýnd frá hringvegi um Berufjörð



Uppmæling frá 1998 / Arinbjörn Vilhjálmsson og Þórður Steingrímsson

## SAGA

Skála er getið í Landnámu, þar bjó Þjóðrekur, sem nam Berufjörð, Búlandsnes og inn til Rauðuskriðu. Í einu Landnámuhandriti er bærinn nefndur Þjóðreksskáli og gæti það verið upphaflegt nafn. Í manntalinu 1703 kemur fram, að sóknarpresturinn býr þá að Skála, en sýslumaðurinn á prestsetrinu í Berufirði. Bænhús var á Skála. Hinn kunnni og aðsópsmikli draugur, Skála-Brandur, er kenndur við Skála og af honum er til fjöldi sagna í Sigfúsarsögum og víðar í Þjóðsögum.

Búið var í húsinu fram á níunda áratug 20. aldar. Húsið var mælt upp 1997 af Arinbirni Vilhjálmssyni og Þórði Steingrímssyni, og 1998 var það teiknað og gerð á því ástandslýsing.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið var í frábrotnum alþýðustil, tvílyft að hluta og kjallari undir hluta þess. Á því var mænispak með mæni yfir miðju en einhalla þaki á lægri byggingarhlutum við gaffla og að aftanverðu. Ekki er vitað hvort breytingar voru gerðar á bænum í árunna rás. Árið 2009 var bærinn brenndur. Það er mat greinargerðarhöfunda að mikill missir sé af þessu veglega húsi, sem átti sér langa sögu, stóð einstaklega fallega í landinu og var dæmigerður fulltrúi austfirks byggingarlags, því saman myndar þessi gerð austfirskra húsa mikilvægan kafla í menningar- og byggingarsögu svæðisins / landsins.

# BERUNES - bær - Berufirði


byggingarár: 1907 byggingarefni: timbur stærð og núv.notkun: 172.7m<sup>2</sup> / íbúð, gíslhelmlill verndunarf.: blár



Gömul mynd - ártal óvísst en fyrir 1935



Myndir frá 2010 samsvara núverandi útliti húsanna - Suðurhlíð



Afstöðumynd 1:1500

## STAÐHÆTTIR

Fyrsti eigandi húss:  
Sigurður Gunnlaugsson  
Hönnuður / smíður: Ókunnur

Upphafleg notkun: íbúðarhús

Berunes er norðan Berufjarðar, yst á Berufjarðarströnd, andspænis þéttbýlinu á Djúpavogi. Í bakgrunni bæjarins rísa Hrossahjallar og ofan við þá Steinketill og Berunestindur. Neðan við bæinn er Hringvegur og liggur aðkomuvegur að Berunesi upp að bæ og kirkju. Tilkomumikið útsýni er yfir Berufjörð og sýnin á Búlandstind einstök.

Berunesbærinn og kirkjan - 2010

### Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Bárujárn
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárn
<b>Undirstaða</b>	Hlaðin úr grjóti
<b>Útlit</b>	Tvílyft, kjallari undir 1/3 húss, útitróppur úr timbri, mænisþak.

### Helstu breytingar:

1935	Skúr á vesturgafli fjarlægður og bærin lengdur til vesturs.
1949	Steypt hlaða reist við bæinn að norðanverðu.
Um 1950	Útihús austan við húsið, 3 burstir, endursmíðuð.
1995	Tvær burstir endursmíðaðar að nýju.
2001	Nýbygging byggð við vesturgafi.



Heimildir: Afstöðumynd: TGJ 2013 - Ljósmyndir: Gömul mynd: (ártal ókunnugt) birt m. leyfi ábuanda. / Aðrar: (ljósm.: P.J.)  
Texti: TGJ stuðst við ljósmyndir, teikningar og upplýsingar frá ábuendum o.fl.

# BERUNES - bær - Berufirði



Horft til austurs að Beruneskirkju - Þjónustuhúsið fremst t.v.



Suðurhlíð - 2010



Á myndinni (áttal óvísst, sennilega upp úr 1950) má sjá að bærin hefur verið lengdur til vesturs um 2 gluggafög, útihús enn vestar verið endurbyggt og 3 einingar úr torfi og grjóti með burstabæjarlagi við austurgafi frá því um 1900, verið endurbyggðar.

## SAGA

Berunes er getið á nokkrum stöðum í Þorsteinssögu Síðu-Hallssonar og á einum stað í Njálu. Berunes hefur löngum verið stórbýli og kirkjustaður. Sátu þar fyrr á öldum embættismenn eins og Jón Þorláksson, sýslumaður sonur Þorláks Skúlasonar biskups. Þjóf hann á Berunesi átta síðustu ár ævi sinnar en Jón hafði um tíma 19 þingstaði í Múlabingi og Skriðuklaustursjarðir að auki. Hallgrímur sonur hans fékk eftir hann þrjá syðstu þingstaði Múlasýslu og bjó í Berunesi til dauðadags 1736. Tóku hann og bræður hans upp eftirnafnið Thorlacius, sem og niðjar þeirra.

Þess má geta að Tyrkir rændu Berunes árið 1627 og söfnuðu föngum á skip. Gömul kona leyndist fyrir Tyrkjum í Kerlingarhelli við Lambaleitislæk og slapp við að lenda í „Barbaríinu“.

Gamla íbúðarhúsið í Berunesi er reist 1907 og var fyrsti eigandi þess Sigurður Gunnlaugsson. Árið 1935 flutti Antoníus Antoníusarson frá Skála í Berunes og má þá segja að mikið framkvæmdatímabil hafi þar með hafist, sem segja má að hafi staðið fram á þennan dag. Núverandi eigendur eru hjónin Anna Antoníusardóttir og Ólafur Eggertsson. Þau reka í Berunesi, auk hefðbundins búskapar, farfuglaheimili í gamla bænum og húsum honum tengdum. Hefur reksturinn verið á meðal bestu farfuglaheimila heims í mörg ár og er vottaður sem umhverfisvæn starfsemi.

# BERUNES - bær - Berufirði

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Gamli bærinn er reistur í fábrotnum alþýðustíl, tvilyft timburhús á hlöðnum undirstöðum og kjallara að hluta til. Mænir er yfir húsinu miðju og er þakhalli heldur meiri að aftanverðu. Byggt var við vesturenda hússins 1935 og er útlit viðbyggingarinnar sambærilegt við eldri hluta þess.

Um miðja öldina er reist hlaða aftan við húsið með einhalla skúrpaki og fljótlega eftir það eru útihús, þrjár burstir með göflum fram á hlað, steipt upp við austurgafi íbúðarhússins í tóftum eldri útihúsa. Framhliðar húsanna sem sneru fram á hlaðið voru þó úr léttu efni sem klætt var bárujárni. Undir lok 20. aldar eru tvær af þremur einingum endursmíðaðar, en veggir látnir halda sér. Í hvorri einingu fyrir sig er innréttuð lítil íbúð. Arkitekt að íbúðunum er Þóra Guðmundsdóttir og smiður Ólafur Eggertsson. Þriðja einingin er hjallur.

Skömmu eftir síðustu aldamót var reistur 50 manna salur, skammt frá vesturgafi gamla íbúðarhússins og í lágrí tengibyggingu er inngangur, snyrting og eldhús. Arkitekt er Þóra Guðmundsdóttir og smiður Ólafur Eggertsson.

Gamli bærinn er í mjög góðu ástandi, sem og byggingarsamstæðan í heild sinni sérlega athyglisverð og hana þarf að vernda.



Myndir frá árinu 2010

F. ofan: Norðurhlíð  
F. neðan:  
Norður- og vesturhlíð þjónustuhúss

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþýðustíll
<b>Menningarsaga</b>	Húsið er góður fulltrúi austfirskra alþýðuhúsa frá þessum tíma
<b>Umhverfi</b>	Húsið stendur í velmótuðu umhverfi og í góðu samræmi við næstu hús Götumyndin, sem þarna hefur byggst upp er mjög athyglisverð
<b>Upprunaleiki</b>	Húsið er lítið breytt útlitslega frá upphafi
<b>Ástand</b>	Húsið er í mjög góðu ástandi - hefur verið endurgert og umhverfi er snyrtilegt
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið - vegna byggingarlags og samspils við umhverfi, kirkju og kirkjugarð

Íbúðarhúsið sjálft er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki



# BERUNESKIRKJA - Berufirði


bygglingarár: 1874 bygglingarefni: timbur stærð og núv. notkun: 31.6m<sup>2</sup> / kirkja verndunarfl.: blár



Hluti úr gamalli mynd (ártal óvísst)



\*Núverandi útlit kirkjunnar - Suðurhlíð og vesturgafi



Afstöðumynd 1:1500

## STAÐHÆTTIR

Hönnuður / smíður:  
Ókunnur / Þorgrímur Jónsson frá Gílsa,  
forsmíður

Kirkjan stendur andspænis gamla bænum í Berunesi í fallegu umhverfi. Umhverfis kirkjuna er afgirtur kirkjugarður. Aðkoma er sú sama að kirkju og gamla bæ.

Upphafleg notkun: kirkja

### Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Tjörguð timburklæðning (stagbil)
<b>Þakgerð</b>	Mænispak
<b>Þakklæðning</b>	Timbur / listasúð
<b>Undirstaða</b>	Steinhláðinn sökkull
<b>Útlit</b>	Ein hæð án forkirkju og turns

### Helstu breytingar:

1910	Járn var sett á norðurhlíð og austurgafi
1924	Járn sett á þak, suðurhlíð og vesturgafi Fúi var fjarlægður úr klæðningu
1951	Var búið að steypa tröppur fyrir framan dyr kirkjunnar
1963	Forkirkja byggð við kirkjuna
1984	Á 100 ára afmæli kirkjunnar voru set bekkja breikkuð og bakfjöl færð aftar. Set voru þá klædd með rauðu áklæði. Fækkað var um einn bekk hvorum megin í kirkjunni til þess að rýmra yrði um kirkjugesti

### Helstu breytingar frh.:

1993	Grunnur endurnýjaður, hláðinn grunnur á malarbeði. Fótstykki og stoðir skoðaðar og fúi fjarlægður. Ný klæðning samsvarandi hinni fyrri var sett á norðurhlíð og austurstafn og nýtt járn. Gólf var þétt með tjöruhampi og kitti
1995	Öll málning var hreinsuð innan úr kirkjunni nema af skarsúð og sperrum. Þá var kirkjan máluð í uppruna legum litum
1997	Árið 1997 var settur nýr kross á kirkuna og ný úthurð
1999	Kirkjan mæld upp og teiknuð af Guðrúnu Jóns- dóttur arkitekt


Eftir að járn kom á kirkjuna var það málað hvítt,  
bæði þak og veggklæðning, en tréverk málað í  
brúnum lit. Nú eru veggir kirkunnar ljósgráir,  
þakið koxgrátt og tréverk „Falurautt“

Beruneskirkja árið 1918, blýantsteikning eftir Jón Helgason biskup



Heimildir: Afstöðumynd: TGJ 2013 - Ljósmyndir: Gömul mynd efst t.v. (ártal ókunnugt) birt m. leyfi ábúenda / Mynd merkt með \* Af vefsíðu: [www.kirkjukort.net](http://www.kirkjukort.net) / Blýantsteikning e. Jón Helgason biskup, eign Þjóðminjasafnið. Úr "Kirkjur Íslands" 2012 -Texti: TGJ stuðst við ljósmyndir, uppmælingu (vísitastugjörðir og upplýsingar frá Ólafi Eggertssyni, bónda í Berunesi).

Uppmæling af Beruneskirkju / Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttir, 1999



\* Nýleg mynd innan úr kirkjunni

## SAGA

Á vefsíðu Þjóðkirkjunnar er eftirfarandi lýsing: „Á Berunesi var kirkja helguð Maríu guðsmóður í kaþólskum sið. Núverandi kirkja var reist 1874, lítil timburkirkja. Altaristaflan er eftir danskan málara, Rudolph Carlsen, máluð 1890 og sýnir hún Krist á krossinum. Fyrir utan kirkjudyrr liggur gamall legsteinn úr rauðum steini með úthögnum myndum og áletrun.“

Í greinargerð með uppmælingu Guðrúnar Jónsdóttur á kirkjunni frá 1999 er vísað í vísitásiugjörð Beruneskirkju en þar segir svo: „Ár 1874 dag 26. ágústm. var Sigurður prófastur Gunnarsson staddur í Berunesi, skoðað var ásigkomulag kirkjunnar, reikningar hennar og annað, sem henni við kemur. Ásigkomulag kirkjunnar er þannig að hún er engin til því ofsaveður braut hana að grunni nóttina milli þess 12. og 13. jan. það ár svo mjög lítið af viðunum náðist óbrotið. Af áhöldum og skarti kirkjunnar fundust klukkumár óbrotnar, 2 höklar og 1 Rikkilín“. Á öðrum stað í vísitásiugjörð stendur: „Ár 1875 dag 19. júnímánaðar skoðaði Sigurður prófastur Gunnarsson kirkjuna að Berunesi og það, sem henni tilheyrir. Síðan í fyrri 26. ágústmánaðar hefur þessi kirkja verið byggð upp af nýjum viðum og er nú eins og hjer skal lýsa.“

Hún er að utanmáli 11 ¼ álnir (7.09m) á lengd og 6 ½ álnir (4.12m) á breidd og 3 ¼ álnir á hæð af gólfi undir bita, með fótstykki undir allt í kring og 5 aurstokkum undir gólfi; með 14 stöfum á hverri hlið og nauðsynlegum bindingi, 6 sperrum og 4 bitum, tvennum gluggum á hverri hlið og

# BERUNESKIRKJA - Berufirði

eru hlerar á jánum fyrir gluggunum á norðurhlið, þar sem mestra skemmda er von af veðrum. Skarsúð af flettingum er yfir húsinu og flettingapak utanyfir. Flettingarnir lagðir brún við brún og listar utan yfir. Slagsúð er á stöfnum og hliðarveggjum og utan af heilum borðum. Krossmark er upp af vesturgafli. Kirkjan er öll þiljuð innan með 3 sillum hvoru megin eða allt í kring og spjaldþiljum milli; plægð þil innan á báðum stofnum. Fyrir ofan bita; þétt gólf á aurstokkum í öllu húsinu; tvöfaldar vængjahurðir á jánum eru fyrir kirkjunni. Þær innri með tvöfaldri skrá, húnum og lykli. Þær ytri með tveimur jámkrókum. Kórinn inni sem er 4 1/3 alin á lengd er með föstum bekkjum í kring og tveimur lausa bekkjum og föstu bekkirnir með bríkum við kórdr; hálfþil milli kórs og framkirkju með efri og neðri sillum og stöplum við dyrnar; altari og gráðupalli með föstum knjeföllum í kring en grindum ekki. Prédikunarstóllinn er sunnan megin við kórdr. Í framkirkjunni eru 7 sæti öðrum megin en 6 hinum megin (með krókbekk) með bakslám, bríkum og húnum á. Klukkur á Rammhöldum eru upp í framkirkunni.

Kirkjan sýnist öll byggð úti og inni af nýjum viðum; altarið er nýtt nema stóllinn er gjörður upp úr þeim gamla og hreinlega útlítandi. Sýnist ekkert vanta til þess að húsið sje algjört nema súðlista við stafna og húna á stafi við kórdr. Allt er enn ómálað, sem mála þarf, það á að bíða þangað til þilin sem farin eru nokkuð að gisna verða lagfærð.

Undir öllu gólfinu er grjótgrundvöllur nokkru hærri en hinn gamli var. Þessi kirkja sýnist trúlega byggð og vandalega með sterkum undirviðum. Sætin í framkirkjunni eru heldur þraung og kirkjan sýnist yfirhöfuð að tala lítil eptir mannfjölda safnaðarins sem einkum kom af því, að búendur vildu ekki flytja grjót langt að til að bæta grundvöllinn svo kirkjan yrði breikkuð, en úr þessu á að bæta með því að setja lopt 3 álnir með grind á innri brún fremst í kirkjuna sem fólk gæti setið upp á þegar þarf.“

Þetta er kirkjan, sem stendur í Berunesi í dag, en á henni hafa þó verið gerðar nokkrar breytingar, sem tíundaðar eru nánar í kaflanum Byggingarlag, efni og ástand, hér á eftir.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Í bókinni „Íslensk Byggingarlist 1. – Ágrip af íslenskrí byggingarsögu 1740-1940“ kemur fram að kirkjan ásamt kirkjunum í Berufirði og Papey eru sérstæður hópur turnlausra kirkna.

Kirkjan sem reist var 1874 var einnar hæðar timburkirkja, turnlaus á hlöðnum sökli.

Helstu breytingar, sem gerðar hafa verið á kirkjunni frá því hún var byggð, eru þær að 1910 var sett búrjárnsklæðning á norðurhlið og austurgafi kirkjunnar. Árið 1924 var svo sett á þak, suðurhlið og austurgafi og fúi fjarlægður úr klæðningu.

Forkirkja var byggð við kirkjuna árið 1963 (1.29m á lengd og 1.95m á breidd). Á 100 ára afmæli kirkjunnar var breyting gerð á bekkjum. Árið 1993 var grunnur kirkjunnar endurnýjaður, fótstykki

og stoðir skoðuð og fúi fjarlægður, gólf þétt og ný búrjárnsklæðning sett á norður hlið og austurgafi. Árið 1995 var kirkjan máluð að innan í upprunalegum litum. Eftir að járn kom á kirkjuna var það málað hvítt, bæði þak og veggklæðning en tréverk í brúnum lit. Nú eru veggir kirkjunnar ljósgráir að utan, þakið koksgrátt og tréverk „Falu“ rautt.

Ástand kirkjunnar er gott og allt umhverfi hennar snyrtilegt.



\*Núverandi útlit kirkjunnar - Suðurhlið og austurgafi

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Turnlaus eldri gerð íslenskra kirkna
<b>Menningarsaga</b>	Húsið er góður fulltrúi turnlausra alþýðukirkja til sveita
<b>Umhverfi</b>	Kirkjan stendur í grónu umhverfi rétt við Berunesbæinn Saman mynda þau fallega heild í landslaginu og bera íslenskum byggingararfi góðan vitnisburð
<b>Upprunaleiki</b>	Kirkjan var upprunalega án forkirkju og var henni bætt við árið 1963 - að öðru leyti hefur hún varðveitt upprunaleika sinn a.m.k. að utan
<b>Ástand</b>	Kirkjan er í góðu ástandi
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið sökum aldurs, upprunaleika og gerðar
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>	<b>Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og varðveitt í bláum flokki</b>

# KARLSSTAÐIR - Berufirði


byggingarár: 1927 byggingarefni: timbur stærð og núv. notkun: 111.1m<sup>2</sup>/ íbúðarhús verndunarfl.: rauður



Myndin er tekin um 1960 - húsið óbreytt frá upprunalegri mynd



Mynd frá 2014 - Suðurhlíð - núverandi útlit



Afstöðumynd 1:1500

## STAÐHÆTTIR

Fyrstu eigendur húss:  
Bjarni og Guðmundur Eiríkssynir, bændur

Hönnuður / smiður: Ókunnir

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Karlstaðir eru staðsettir við norðanverðan Berufjörð við rætur fjallgarðs. Framhlíð hússins snýr beint í suður og þaðan er viðsýnt yfir Berufjörð. Hringvegur liggur nokkru sunnan við bæinn og frá honum aðkomuvegur að bænum.

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Bárujám
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak
<b>Undirstaða</b>	Hlaðin úr grjóti
<b>Útlit</b>	Tvílyft hús með um 30° þakhalla

## Helstu breytingar:

- 1949 Fjós og hlaða byggt áfast við íbúðarhús. Áður voru þar útihús úr torfi áföst húsinu en þau voru rifin.
- 1954 Steypt viðbygging reist aftan á hús með einhalla þaki og byggður kvistur (bárujám) á bakhlíð.
- >1960 Dyratröppum breytt og þeim snúið frá hlaði í átt að fjósi.



Norðurhlíð



Mynd frá 2010

# KARLSSTAÐIR - Berufirði

Innanhúsm myndir teknar 2014



## SAGA

Býlisins er getið í Þorsteins sögu Síðu-Hallssonar. Þar er það reyndar nefnt Kársstaðir. Í ýmsum heimildum, s.s. í Manntali 1703, er skrifað Kallstaðir. Sennilega er það eftir framburði, en þó hafa menn látið sér detta í hug að bærin hafi verið nefndur svo, af því að þaðan var kallað yfir fjörðinn, sem er tæplega 3 kílómetrar á breidd frá nesinu Harðkljá og yfir í Langatanga við Djúpavog. Jörðin er bændaeygn frá eldri tíð.

Húsið var reist 1927 og voru fyrstu eigendur þess bændumir Bjarni og Guðmundur Eiríkssynir. Ábúendur á Karlsstöðum á tímabilinu 1927 - 1939 voru hjónin Þorleifur Einarsson og Mekkín Valgerður Eiríksdóttir. Árið 1939 keypti Snorri Þorvaldsson jörðina og bjó hann þar til 1951 en þá var hún seld Sigurði, syni Þorleifs og Mekkínar. Sigurður og kona hans Kristbjörg Sigurðardóttir voru ábúendur á staðnum til 1977 en upp frá því var íbúðarhúsið nýtt sem dvalarstaður ættingja þeirra og sem gistihús fyrir Ferðapjónustu bænda. Á árunum 1990 - 2003 er það nýtt sem orlofsheimili Kennarasambands Íslands. Eigendaskipti urðu á jörðinni árið 2006, þegar fyrirtækið Þrjár systur ehf. keypti hana. Vorið 2014 festu hjónin Berglind Häsler og Svavar Pétur Eysteinnsson, tónlistarmenn, sér jörðina og stundar fjölskyldan þar búskap ásamt því að sinna tónlistargögnunni.



Forsíðufrétt 17. maí 2014

# KARLSSTAÐIR - Berufirði



Myndir frá 2010 - Austurgafli íbúðarhúss

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er reist í fábrotnum alþýðustíl, tvílyft timburhús með mænisþaki og á hlöðnum sökkli. Upphaflega var mænir hússins yfir því miðju en þegar viðbygging var steypt aftan við húsið var þak framlengt og einn kvistur settur í veggfleti á norðurhlíð. Dyratröppum var breytt og þeim snúið frá hlaði í átt að fjósi.

Um miðja öldina risu fjós og hlaða áföst við vesturgafli hússins og var þá eldra fjós úr torfi, sem einnig var áfast, fjarlægt.

Yfirbragð staðarins og ásýnd hefur haldist nokkuð óbreytt. Það er mikið fagnaðarefni að bærin komst aftur í ábúð vorið 2014 en ástand hans var orðið nokkuð hrörlegt. Búast má við að smám saman verði honum gert til góða en áhugi er fyrir hendi hjá ábúendum á að viðhalda honum og endurbæta í takt við uppruna sinn.

Húsið þarfnast viðgerðar. Æskilegt er að það verði mælt upp og rannsakað nánar, áður en hafist verður handa við endurbyggingu þess.



Fyrir ofan: Norðurhlíð og vesturhlíð  
Fyrir neðan: Suðurhlíð og vesturhlíð útihúsa

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþýðustíll
<b>Meningarsaga</b>	Húsið er góður fulltrúi sveitabæja - Hér er um að ræða athyglisverða heild íbúðarhúss og útihúsa í Djúpvogshreppi rá þessum tíma
<b>Umhverfi</b>	Húsið stendur í stórbrotnu umhverfi
<b>Upprunaleiki</b>	Framhlíð bæjarins er lítið breytt frá upphafi
<b>Ástand</b>	Húsið þarfnast viðgerðar
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið - vegna byggingarlags og gerðar
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>	<b>Einstakt hús, húsaröð, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)</b>

# STEINABORG - Berufirði


bygglingarár: 1917 bygglingarefni: Timbur, stafverk stærð og núv. notkun: 95.8m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarfl.: rauður



Myndir frá 2010 - Suðurhlíð



Vesturhlíð



Afstöðumynd 1:1500

## STAÐHÆTTIR

Steinaborg er staðsett útarlega við norðanverðan Berufjörð skammt vestan Krossdals. Jörðin er nokkuð hrjóstrug og grýtt eins og nafnið bendir til. Hringvegur er nokkru austan við bæinn og lélegur aðkomuvegur frá honum að bænum. Bakgrunnurinn eru Hrossahjallar og mynni Krossdals, en til suðurs blasir ströndin og sjórinn við. Mjög falletg útsýni er á Steinaborg.

Fyrstu eigandi húss:  
Jón Bjarnason

Hönnuður / smiður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

## Upphafleg gerð húss:

Tegund	Timburhús
Klæðning	Bárujám
Þakgerð	Mænisþak – mænis yfir miðju húsi
Þakklæðning	Bárujám
Undirstaða	Hlaðin úr grjóti
Útlit	Tvílyft hús með skúrbyggingu á bakhlíð

## Helstu breytingar:

>1930 Skúr byggður við austurgaff íbúðarhússins og annar við vesturgaff



Austurhlíð



Vesturhlíð



# STEINABORG - Berufirði



Innanhússmyndir teknar 2014



## SAGA

Steinaborg og Fossgerði var ein og sama jörðin hér áður fyrr, en hefur nú verið skipt að undanskildu fjallendi.

Í Jarðatali Johnsens kemur fram að bæði býlin hafa byggst frá Karlsstöðum og eru, skv. Jarðabók Skúla Magnússonar, talin hjáleigur þaðan 1770. Fossgerði er tilgreind sem jörð í eyði í Manntali 1703, en Steinaborgar ekki getið.

Torfbær var á Steinaborg fram til 1917 en þá var núverandi íbúðarhús byggt. Fyrsti eigandi þess var Jón Bjarnason. Sonur Jóns, Kristmann eignaðist svo jörðina og núverandi eigendur eru aðilar að dánarbúi hans en þeir eru Sigrún Hrönn Kristmannsdóttir, Stefán Kristmannsson, Sólmundur Kristmannsson, Sigurjón Kristmannsson og Gísli Ólafs. Ábúandi á Steinaborg frá vorinu 2014 er sonur Sigrúnar, Bergur Hrannar Guðmundsson.



# STEINABORG - Berufirði

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Íbúðarhúsið á Steinaborg er byggt í fábrotnum alþýðustíll og svipar því að töluverðu leyti til húsa í sveitarfélaginu af sömu gerð, t.a.m. Strýtu. Húsið er tveggja hæða íbúðarhús og einnar hæðar bygging með skúrþaki föst aftan við það. Bakhlið skúrsins er hlaðin.

Fjárhús voru byggð skammt vestan við húsið árið 1920 og fjós fyrir þrjá gripi árið 1922. Upp úr 1930 var byggður skúr við austurgaff íbúðarhússins. Var hann fyrst notaður til samkomuhalds, en síðar sem geymsla.

Bærinn er mjög upprunalegur. Ástand hans er þokkalegt og sýna myndir innan úr honum ævintýrlegar vistarverur. Unnið hefur verið að viðgerðum á húsinu, en heildarsýnina vantar svo marka megi húsinu skýrari bás. Því er mælt með að sótt verði um styrk til Minjaverndar til að mæla húsið upp svo skýrari mynd fái af eðli þess og sérstöðu til samanburðar við aðra bæi í hreppnum, svipaðrar gerðar.



Suður - og austurhlíð



## VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	Fábrotinn alþýðustíll
Menningarsaga	Húsið er góður fulltrúi sveitabæja frá þessum tíma í Djúpavogshreppi
Umhverfi	Húsið stendur í stórbrotnu umhverfi
Upprunaleiki	Húsið er mjög upprunalegt
Ástand	Húsið þarfnast viðgerðar
Varðveislugildi	Mikið - vegna byggingarlags og gerðar

**Niðurstaða varðveislumats: Einstakt hús, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)**

Norðurhlíð - Innföld mynd af ganginum á bakhliðinni

# FOSSGERÐI- Berufirði


bygglingarár: 1928/fmr? bygglingarefni: timbur, stærð og núv. notkun: 114.8m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarfl.: rauður



Myndir frá 2009 - Norðausturgaff



Suðausturhlíð



Afstöðumynd 1:1500

## STAÐHÆTTIR

Fyrstu eigendi húss:  
Þorleifur Hildibjartur sigurðsson

Hönnuður / smiður: Ókunnir

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Fossgerði stendur við mynni Krossdals vestan við Krossá ef horft er til fjalls frá Hringvegi, sem liggur neðar við ströndina. Frá Hringvegi liggur gamalt vegarstæði á brú yfir Krossá til fjalls og síðan áfram meðfram fjallinu til vesturs og er það aðkoman að Fossgerði. Umhverfið er fagurt og útsýni til hafs.

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Bárujárnsklætt
<b>Þakgerð</b>	Lágt mænispak - mænir yfir miðju húsi
<b>Þakklæðning</b>	Bárujárn
<b>Undirstaða</b>	Hlaðin
<b>Útlit</b>	Tvilyft hús

## Helstu breytingar:

1945	Húsið lengt til vesturs og breikkað um gangbreidd
Um 1945	Steypt utan um húsið og fjósið austan við.



# FOSSGERÐI- Berufirði



Gömul útihús



Horft yfir Berufjörð

Smiðja fremst á mynd



## SAGA

Eins og fram kemur í umfjöllun um Steinaborg voru jarðirnar ein og sama jörðin áður fyrr, en teljast nú sitt hvor jörðin að fjalllendi undanskildu. Í Jarðatali Johnsens segir að bæði býlin hafi byggst frá Karlstöðum og í Jarðabók Skúla Magnússonar eru þau 1770 talin hjáleigur þaðan. Í Manntali 1703 er Fossgerði tilgreind sem jörð í eyði, en ekki er minnst á Steinaborg.

Árið 1884 eignuðust Sigurður Þorleifsson og Sólveig Pétursdóttir Fossgerði. Þeirra sonur Þorleifur Hlíðibjartur byggði núverandi íbúðarhús 1928. Núverandi eigendur eru Ragnhildur Þorleifsdóttir og Þorgerður Þorleifsdóttir, systir hennar sem lést snemma árs 2014.

# FOSSGERÐI- Berufirði

Myndir frá 2009  
Efs.t.v.: Norðausturgafi  
Neðst t.v.: Norðvesturhlíð



Austurhlíð og norðurgafi

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Íbúðarhúsið í Fossgerði er reist í fábrotnum alþýðustíl, tveggja hæða timburhús, með mænispaki, á hlaðinni undirstöðu og klætt með bárujárni.

Árið 1945 var húsið lengt til vesturs, sem nam smíðastofu Þorleifs, sem þar var og endinn hækkaður í tvær hæðir. Þá var húsið breikkað upp í brekkuna og steipt utan um það. Smíðastofan var, að öllum líkindum, látin halda sér inni í húsinu með sérinngangi fram á hlað. Fjós var alltaf austan við húsið. Steipt var utan um það á sama tíma. Þar er einnig þvottahús. Gömul hlaða með mænispaki stóð aftan við húsið sem var endurbyggð um svipað leyti. Vestar var smíðja, hjallur, hjallsloft og hænsnakofi. Sumar þessara bygginga eru nú farnar. Fallegur garður er við húsið.

Lagt er til að sótt verði um styrk til Minjastofnunar til að húsapyrpingin verði mæld upp og að gerð verði um hana áætlun, svo betri yfirsýn skapist til að meta til fulls sérkenni hennar og stöðu í samfélagi ómetanlegra bygginga í Djúpavogshreppi.

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþýðustíll
<b>Meningarsaga</b>	Húsið er sérstakur fulltrúi sveitabæja frá þessum tíma í Djúpavogshreppi og athyglisverð heild íbúðarhúss og útihúsa
<b>Umhverfi</b>	Húsið stendur í stórbrotnu umhverfi
<b>Upprunaleiki</b>	Húsið er mjög upprunalegt að innanverðu en steypuhjúpurinn að utan markar því ákveðna sérstöðu
<b>Ástand</b>	Húsið þarfnast viðgerðar
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið - vegna byggingarlags og gerðar

**Niðurstaða varðveislumats: Einstakt hús, húsasamstæða, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)**

SKRÁNING HÚSA / dreifbýli

PAPEY

Bær og kirkja

PAPEY - gamli bærinn og kirkjan





Hluti úr gamalli mynd



Mynd frá 1971



Íbúðarhúsið frá 1898 - Framhlíð og vesturgafi - Núverandi útlit

Eigandi húss: Sem byggt var 1898 frá árinu 1900: Gísli Þorvarðarson

Hönnuður / smiður: Óþekktur

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Timburhús
<b>Klæðning</b>	Bárújám
<b>Þakgerð</b>	Mænisþak
<b>Þakklæðning</b>	Bárújám
<b>Undirstaða</b>	Hlaðin

**Útlit** Ein hæð, portbyggt ris og kvistur

## Helstu breytingar:

1912 Byggt vestan við húsið 2ja hæða hús með einnar hæðar bakbyggingu og lágu risþaki

## STADHÆTTIR

Í Árbók Ferðafélags Íslands árið 2002 eftir Hjörleif Guttormsson segir svo um Papey á bls. 117.: „Papey blasir við úti fyrir ströndinni á leið frá Hvalneshömi til Hvarfs. Fer það eftir veðri og birtu hversu langt sýnist út þangað. Eyjan var byggð frá landnámsstöð fram yfir miðja 20. öld, en er nú í eyði. Nafnið eitt vekur ójálfrátt upp minningar um fornar sagnir af þöpum“. ..... „Papey var afskekkt lengst af, en nú hefur orðið á því breyting, því skipulagðar ferðir hafa um skeið verið út í eyna frá Djúpavogi“.


Ennfremur segir í Árbók Ferðafélagsins 2002: „Papey liggur um 6 km suðaustur af Útlandi, nesinu utan við Djúpavog og er jarðfræðilega framhald þess“. ..... „Út í eyna er nú aðeins þriggja stundarfjórðunga sigling á góðum bát frá Djúpavogi. En áður fyrr var þetta talinn tveggja tíma róður í góðu leiði.“

Tvær aðallendingar eru í Papey, Áttahringvogur (Áttæringavogur) fyrir miðri eyju að norðanverðu og Selavogur að sunnan. Bærinn Bjarg sá eini í Papey á síðari öldum er skammt upp af Selavogi á eynni austanverðri. Eyjan er 2 km<sup>2</sup> að flatarmáli.



# PAPEY - íbúðarhús

Mynd frá 1909 - Gísli Þorvarðarson og fjölskylda



## SAGA

Árið 1900 keypti Gísli Þorvarðarson frá Fagurhólsmýri Papey og flutti þangað með konu sinni Margrétu Gunnarsdóttur, en hún lést í eygni af barnsförum árið 1910. Þá voru í eygni talsverðar byggingar m.a. íbúðarhúsið frá 1898. Oft voru 16-18 manns þar í heimili allt árið um kring, enda eyjan mikil matarkista. Með fráfalli Gísla árið 1948 lauk sjálfstæðum búskap í Papey, sem síðan hefur verið í eigu og umsjón afkomenda hans og tengdafólks. Gústaf Gíslason, sonur Gísla Þorvarðarsonar fékk þar ábúð og nýttjaði eyna lengi ásamt Sigríði systur sinni. Höfðu þau fasta búsetu í Papey 1961-1966, en eftir það aðeins að sumarlagi. Tengdasonur Gústafs, Már Karlsson á Djúpavogi, (nú látinn) hefur látið sér annt um Papey. Hann tók niður fróðlegt viðtal við Gústaf og birtist það eftir lát Gústafs í tímaritinu Skaffellingi 1993. Segir þar frá daglegu lífi í eyinni, hulduflólkstrú og fyrirburðum. Í árbók Ferðafélagsins 2002 er ýmislegt mjög fróðlegt ritað um ábúendur og eigendur Papeyjar allt frá kaþólski tíð og vísast í hana til frekari lestrar (bls. 125). Í Papey stóð um aldamótin 1900 íbúðarhúsið, sem þar var fyrir, þegar Gísli Þorvarðarson kom þangað, timburhús, 1 hæð og portbyggt ris. Austurgafli var að hluta úr torfi og grjóti, en suðurhlíðin klædd rauðmálaðri timburklæðningu að sögn. Hann byggði við húsið vestan megin 2ja hæða hús árið 1912, sem var rífið árið 2008. Mikil útihús má sjá á myndum aftan við íbúðarhúsið og er þar um að ræða fjós, hlöðu, smiðju og fleiri hús sem nú eru horfin. Nú hefur Svandís Ingibjörg Sverrisdóttir, langafabarn Gísla, húsasmíður á Húsavík, lokið viðgerð á elsta húsinu, sem eins og áður segir stóð í Papey, þegar Gísli kom þar. Í kring um 1980 dvöldu danskir arkitektanemar í Papey og mældu upp byggingar. Þá hafa einnig verið þar við uppmælingar arkitektarnir Magnús Skúlason, Hjörleifur Stefánsson og Guðmundur Lúther Hafsteinnsson. Mikið efni er því til um byggingarnar í Papey í vörslu Minjastofnunar Íslands.

Þess skal einnig getið hér að á árunum milli 1970-1980 var dr. Kristján Eldjárn við rannsóknir í Papey. Beindust rannsóknir hans að hugsanlegri slóð Papa á eyinni, sbr. óyggjandi frásögn Ara fróða um það, að hér á landi hafi verið fyrir írskir munkar eða Papar er landnámsmenn komu hingað á 9. öld. Kristján fann ekki óyggjandi slóð Papa í eyinni, en hins vegar fann hann rústir bæja, sem bera öll merki norrænna manna, sem þar munu hafa verið á landnámsöld.

Nýleg mynd úr risinu





# PAPEY - íbúðarhús

Niðurnif á húsi frá 1912 og byrjunarviðgerðir á húsi frá 1898



## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Ekki verður fjallað sérstaklega um þessi atriði hér, því gerðar hafa verið uppmælingar á vegum Þjóminjasafns / Húafriðunarnefndar, sem veita nánari upplýsingar um þau.

Í samtali, sem Svandís Sverrisdóttir, langafabarn Gísla, átti við fóstru sína Sigríði Gísladóttur (systur Gústafs) fyrir rúmum 20 árum kemur ýmsilegt fram, sem fróðlegt gæti verið um byggingarnar. Samtalið er varðveitt hjá Svandísi. Þar segir Sigríður, að í einnar hæðar viðbyggingu aftan við húsið, sem Gísli byggði hafi verið búr. Norðan við austurendann var svo hlóðældhús í viðbyggingunni.

Í kring um 1918-1919 byggði Gísli skúr norðan við austurendann, þar sem áður var hlóðældhús, og árið 1930 annan litinn skúr við austurgafli hússins frá 1898 og þá mun austurgaflinn, sem var úr torfi og grjóti, hafa verið fjarlægður og húsið bárujámklætt. Árið 1975 var efri hæð vesturenda rifin og árið 2008 allt húsið.

Ef komið er að bæjarhúsunum frá austri þá sést fyrst í austurgafli hússins frá 1898 með útbyggingu. Þá kemur skúrin sem var hlóðældhús, síðan fjós, hlaða, smiðja og lambakofi. Ofan og vestan við smiðju og lambakofa var svokölluð efri hlaða. Sunnan við hana stóð hjallur og sunnan við hann lítill kofi, sem var hrútakofi (áður hænsnakofi).



Niðurnif á húsi frá 1912 og byrjunarviðgerðir á húsi frá 1898

# PAPEY - íbúðarhús



Nýlegar myndir af núverandi húsi, nýuppgerðu - Austurgafi



Nýleg mynd úr stofu á neðri hæðinni

Vesturgafi og norðurhlíð



## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Einfalt alþýðuhús í dönskum stíl
<b>Menningarsaga</b>	Mikil - Ásamt tóftum bygginga sem stóðu aftan við íbúðarhúsið
<b>Umhverfisgildi</b>	Mikið
<b>Upprunaleiki</b>	Töluverður
<b>Ástand</b>	Gott
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið - Tóftir landbúnaðarbygginga þyrfti að hlaða upp og merkja svo sjálf landbúnaðarsagan komi skýrar í ljós á staðnum

**Niðurstaða varðveislumats: Íbúðarhúsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki**

# PAPEY - KIRKJA

bygglingarár: 1904 bygglingarefni: flmbur stærð og núv.notkun: 17.8m<sup>2</sup> / kirkja verndunarf.: blár



Hluti úr gamalli mynd - Kirkjan fyrir viðgerðir



\* Suðurhlíð og austurstafn - Núverandi útlit



Afstöðumynd

## STAÐHÆTTIR

Eigandi húss: Sém byggt var 1904 á vegum Gísla Þorvarðarsonar

Hönnuður / smiður:  
Forsmiðir: Lúðvík Jónsson og Magnús Jónsson

Kirkjan stendur norðaustan við Gamla íbúðarhúsið í Papey. Um nánari staðhætti vísast í lýsingu á íbúðarhúsinu í Papey.

Upphafleg notkun: Kirkja

### Upphafleg gerð húss:

Tegund	Timburhús
Klæðning	Tjörguð timburklæðning (slagpil)
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Timbur / listasúð
Undirstaða	Steinhlaðinn sökkull
Útlit	Ein hæð án forkirkju og turns



Papeyarkirkja 1901 - Blyantsteikning eftir Daniel Bruun höfuðsmann Úr bók hans Íslenskt Þjóðlíf í 1000 ár.


### Helstu breytingar:

Kirkjan virðist lítið breytt frá upphafi. Henni hefur verið vel viðhaldð í hin síðari ár.

Kirkjan var lagfærð á árunum 1991-1994 á vegum Þjóðminjasafnsins



# PAPEY - KIRKJA



Uppmæling gerð af arkitektanemum í Danmörku undir umsjón arkitektsins og kennarans Poul Nedergaard Jensen, áður en viðgerð hófst.



Kirkjan að innan - Predikunarstóll úr eldri kirkju

á vegum Þjóðminjasafnsins

## SAGA

Í ritinu Íslensk byggingararfleifð II kemur fram að kirkjurnar í Berufirði, Berunesi og í Papey séu sérstæður hópur turnlausra kirkna. Í Berufirði og Berunesi eru kirkjurnar af eldri gerð turnlausra kirkna, en í Papey er um að ræða yngri gerð.

Kirkjan í Papey er byggð 1904 og var hún smíðuð uppúr eldri kirkju. Hún er minnsta kirkja landsins. Hönnuðir voru Lúðvík Jónsson og Magnús Jónsson forsmiðir á Djúpavogi.

Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/89

# PAPEY - KIRKJA

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Í lýsingu á kirkjunni á vefsíðu Minjastofnunar Íslands er eftirfarandi lýsing á kirkjunni:

"Papeyarkirkja er timburhús, 5,27 m að lengd og 3.39 m á breidd. Þakið er krossreist og klætt bárujárni en veggir klæddir lóðréttri plægðri borðaklæðningu. Kirkjan stendur á steinhlöðnum sökkli og er stöguð niður á hornum með keðjum. Á hvorri hlið kirkju eru tveir póstagluggar með tveimur þriggja rúðu römmum og fjögurra rúðu gluggi er á framstafni yfir kirkjudyrum. Fyrir kirkjudyrum er spjaldsett hurð og bjór yfir. Inn af dyrum eru framkirkja og kór eitt; veggbekkur norðan megin er óslitinn stafna á milli en sunnan megin er veggbekkur rofinn af prédikunarstól framan við innri glugga. Altari er við kórgafl, nærri norðurvegg. Veggir eru klæddir spjaldapili og loft á bitum er yfir allri kirkjunni stafna á milli." Kirkjan er í góðu ástandi og vel hefur verið staðið að viðgerðum á henni.



\* Við kirkjugarðshliðið

\* Norðurhlíð og austurgafi kirkju - núverandi útlit



## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn alþjóðlegur kirkjustíll - (Turnlausar kirkjur)
<b>Menningarsaga</b>	Húsið er góður fulltrúi turnlausra alþjóðkirkja til sveita
<b>Umhverfi</b>	Kirkjan og gamli bærin standa fallega og eru einstök mannvirki utan alfarabyggðar. Saman eru þau virðulegur útvörður eldri byggingarlistar í landinu
<b>Upprunaleiki</b>	Kirkjan hefur varðveist óbreytt að lagi og gerð frá upphafi. Útlitsbreytingar sem gerðar hafa verið eru vandaðar
<b>Ástand</b>	Kirkjan er í góðu ástandi og er henni vel viðhaldið
<b>Varðveislugildi</b>	Mikið sökum aldurs, upprunaleika og gerðar

**Niðurstaða varðveislumats: Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 og varðveitt í bláum flokki**

# NÍÐURSTÖÐUR VARÐVEISLUMATS - yfirlitstafla

## FLOKKUR A:

Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eða skv. 1. mgr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 (blár flokkur)

## FLOKKUR B:

Einstakt hús, húsaröð, húsasamstæða, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi - (rauður flokkur)

	ÞÉTTBÝLI:	A	B	DREIFBÝLI:	A	B
1	LANGABÚÐ	■		17 HOFSKIRKJA	■	
2	FAKTORSHÚS	■		18 RANNEVEIGARSTAÐIR		■
3	GEYSIR	■		19 HÁLSÞORP		■
4	FRAMTÍÐIN	■		20 STRÝTA		■
5	SÓLVANGUR		■	21 FRAMNES		■
6	TRÍTON		■	22 WEYVATSHÚS - TEIGARHORN	■	
7	HOLT		■	23 EYJÓLFSSTAÐIR Í FOSSÁRDAL		■
8	RJÓÐUR		■	24 LINDARBREKKA		■
9	GAMLA-LÖGBERG	■		25 BERJUFJÖRDUR - BÆR		■
10	BREKKA		■	26 BERUFJARÐARKIRKJA	■	
11	HVARF		■	27 BERUNES - BÆR	■	
12	DJÚPAVOGSKIRKJA GAMLA	■		28 BERUNESKIRKJA	■	
13	HRAUN	■		29 KARLSSTAÐIR		■
14	SÓLHÓLL		■	30 STEINABORG		■
15	DALIR		■	30 FOSSGERÐI		■
16	HLÍÐ	■		31 PAPEY - BÆR	■	
				32 PAPEY - KIRKJA	■	

Samtals:15 byggingar friðaðar, þ.a. voru 5 kirkjur friðaðar 1. janúar 1990 skv. 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr.88/1989 og 10 byggingar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Samtals:17 byggingar og 1 svæði - sem lagt er til að verði vernduð með hverfisvernd í deiliskipulagi

## Helstu heimildir:

Hjörleifur Guttormsson (2002). Árbók Ferðafélags Íslands 2002. Ferðafélag Íslands.  
Gísli Pálsson (1949). Hans Jónatan: Maðurinn sem stal sjálfum sér. Reykjavík: Mál og menning.  
Guðný Zoëga (2004). Hálsþorp í Djúpavogshreppi – Fornleifaskráning (35/2004). Byggðasafn Skagafjarðar.  
Guðrún Jónsdóttir (1990). Aðalskipulag Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 - 2009. Unnið fyrir Búlandshrepp og Skipulag ríkisins.  
Hörður Ágústsson (2000). Íslensk byggingararfleifð II. Varðveislunnáll 1863 - 1990. Verndunaróskir. Húsafríðunarnefnd ríkisins.  
Ingimar Sveinsson (1989). Djúpivogur - 400 ár við Voginn. Búlandshreppur.  
Kirkjur á Íslandi - Austfjarðarpróffastsdæmi (2012). Hið íslenska bókmenntafélag, Þjóðminjasafn, Húsafríðunarnefnd og Biskupsstofa.  
Langabúð 1997 - Menningarmiðstöð Djúpavogshrepps (1997). Djúpavogshreppur.  
Már Karlsson (2010). Fólkið í plássinu. K. Másson.  
Már Karlsson. Saga Sólhóls á Djúpavogi. Óútg.  
Páll Jakob Línal & Guðrún Jónsdóttir (2010). Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020. Unnið fyrir Djúpavogshrepp.  
Stefán Jónsson (1990). Að breyta fjalli. Reykjavík : Mál og menning.  
Stefán Jónsson frá Steinaborg (1964, 5. apríl). Draumakerið hans Halls í Berufirði. Tíminn - sunnudagsblað.  
Sveitir og jarðir í Múlaþingi - 3. bindi (1976). Ristj.: Ármann Halldórsson, Sigmar Magnússon og Þorsteinn Bergsson. Búnaðarsamband Austurlands.  
Vefur Fasteignamats ríkisins: [www.skra.is](http://www.skra.is)

## Heimildarmenn:

Alda Jónsdóttir, Fossárdal  
Anna Gunnlaugsdóttir, skrifstofu Djúpavogshrepps  
Ari Guðjónsson, Djúpavogi  
Ásdís Þórðardóttir, Djúpavogi  
Berglind Häsler, Karlsstöðum  
Bergur Hrannar, Steinaborg  
Björg Eiríksdóttir frá Fossgerði, Reykjavík  
Bragi Gunnlaugsson, Berufirði  
Djúpavogshreppur  
Erla Ingimundardóttir, Djúpavogi  
Eyjólfur Guðjónsson, Framnesi  
Guðmundur Valur Gunnarsson, Lindarbrekku  
Jón Antoníusson, Djúpavogi  
Jón Karlsson, Djúpavogi  
Ólafur Eggertsson, Berunesi  
Ragnheiður Þorleifsdóttir frá Fossgerði, Reykjavík  
Stefán Örn Stefánsson, Reykjavík  
Svandís Ingibjörg Sverrisdóttir frá Papey, Húsavík  
Theodór Ingólfsson, Reykjavík  
Unnur Malmquist, Djúpavogi  
Þjóðminjasafnið  
Þórir Stefánsson, Djúpavogi